


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur










# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
15. apríl 2011
88. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Var hrædd við ketti

*Anna Kristine Magnúsdóttir er nýr formaður Kattavinafélagsins.*

**tímamót 24**

## Egill Skallagrímsson kvenhetja

*Dansfélagið Krummi sér Egil Skallagrímsson fyrir sér sem konu.*

**allt 2**



## Stjarnan jafnaði metin

*Stjörnumenn sáu til þess að það er enn spenna í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn.*

**sport 42**

## veðrið í dag




**ÉLJAGANGUR** Í dag verða suðvestan 8-15 m/s, en 10-18 úti fyrir S- og SA-ströndinni. Lægir í kvöld. Víða él en úrkomulítið NA- og A-til. Hiti 0-5 stig.

**VEÐUR 4**



**SAMFÉLAGSVERÐLAUNAHAFAR 2011** Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í gær. Jenna Jensdóttir rithöfundur hlaut heiðursverðlaun Samfélagsverðlaunanna, Jón Stefánsson tónlistarmaður fékk verðlaun í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar og Ásmundur Þór Kristmundsson var valinn Hvunndagshetja. Samfélagsverðlaunin sjálf komu í hlut barnaheimilisins í Reykjadal og verðlaun í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar gengu til Listasmiðjunnar Litrófs í Fella- og Hólakirkju. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti verðlaunin í Þjóðmenningarhúsinu. Sjá síðu 10 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Úrslitastundin í dag

**Skrifað verður undir kjarasamninga í dag. Ef ekki næst samkomulag við ríkið um sjávarútvegs- og samgöngumál verða samningar gerðir til 15. júní. Rætt um 50.000 króna eingreiðslu og 10 til 11 prósenta hækkun samtals ef semst til þriggja ára.**

**KJARAMÁL** Gengið verður frá kjarasamningum Alþýðusambandsins (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) í dag. Hvort samningarnir verða til nokkurra vikna eða þriggja ára ræðst af því hvort samkomulag næst í dag við ríkisstjórnina um sjávarútvegsmál, samgönguframkvæmdir og fleiri mál, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Eftir því sem blaðið kemst næst hljóðar fyrirkomulag launahækkana í þriggja ára kjarasamningi upp á 50.000 króna eingreiðslu strax og tíu til ellefu prósenta launahækkun í áföngum á þriggja ára samningstíma, þar af fjögur prósent 1. júní næstkomandi.

Ef ekki næst samkomulag við stjórnvöld í dag verða að öllum líkindum gerðir skammtímasamningar til 15. júní. Einu launabreytingar verða þá 50.000 króna eingreiðsla.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir ekkert annað liggja fyrir en að í dag verði gerðir samningar. „Það er klárt að kjarasamningar verða gerðir fyrir lok dags, hvort sem þeir verða til skemmri eða lengri tíma,“ segir Gylfi.



> Málin verða kláruð á annan hvorn veginn. Við getum ekki verið að velkjast með þetta lengur.
>
> VILMUNDUR JÓSEFSSON
> FORMAÐUR SA

Samningamenn funduðu í gær fram á kvöld og var að sögn ágætur andi í viðræðunum. Leiðtogar stjórnarflokkanna funduðu með fulltrúum í gærmorgun og segist Gylfi þar hafa fengið þau svör sem hann beið eftir. „Okkur fannst við fá alvöru svör, en nú viljum við fá að sjá þau í texta,“ segir Gylfi.

Vilmundur Jósefsson, formaður SA, er hóflega bjartsýnn á að samkomulag um langtímasamninga náist í dag. Hann segir fundinn með fulltrúum ríkisstjórnarinnar þó ekki hafa skilað miklum árangri og enn þurfi að semja um fjölmörg atriði. Ríkisstjórnin sé enn ekki reiðubúin að gera nóg varðandi samgönguframkvæmdir.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kom á fund samningamanna í Karphúsinu seinnipartinn í gær og ræddi áform um orkuvinnslu og orkufrekan iðnað. Ráðherra benti mönnum þar á ársfund Landsvirkjunar í dag og að þar yrðu tíðindi af framtíðaruppbyggingu í orkumálum.

„Þetta veitti okkur meiri bjartsýni. Ef fleiri mál gengju svona væri hægt að líta bjartari augum fram á veginn,“ segir Vilmundur. Miklar áhyggjur eru meðal SA af þeirri óvissu sem ríkir nú um lánshæfismat Íslands og þar af leiðandi forsendur fyrir fjármögnun stórframkvæmda og annarra fjárfestinga.

„Við erum að leita að lausnum sem hægt er að byggja á en í mörgum málum er einfaldlega ekki hægt að finna málamiðlanir,“ segir Vilmundur. „Málin verða kláruð á annan hvorn veginn. Við getum ekki verið að velkjast með þetta lengur.“ **- sv**

Ársfundur Landsvirkjunar:

## Tvöfalt meiri orka árið 2025

**IÐNAÐUR** Stefnt er að því að tvöfalda raforkuframleiðslu Landsvirkjunar á næstu fimmtán árum með virkjanaframkvæmdum upp á tæpa fjörutíu milljarða króna á ári. Við það mun framleiðsla fara úr átján teravattstundum á ári í 30 til 35. Reiknað er með að framkvæmdirnar skapi tíu þúsund störf. Ekki er stefnt að því að virkja á umdeildum svæðum.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir langtímaáætlun fyrirtækisins leiða af sér fimmtán ára hagvaxtarskeið sem ljúki árið 2025. **- jab /** **sjá síðu 16**










## SPURNING DAGSINS



*Þráinn, eruð þið þá loksins að verða róleg?*

„Við erum sallaróleg – og eigum von á fjölgun. Ég veit ekki betur en að menntamálaráðherra sé komin á steypirinn þannig að það kemur alltaf maður í manns stað."

Ásmundur Einar Daðason, sem kenndur var við „órólegu deildina" í Vinstri grænum, er genginn úr þingflokknum. Þráinn Bertelsson er þar enn.

Engar kynferðislegar ofbeldismyndir fundust í tölvunum:

# Meintir barnaníðingar lausir

**LÖGREGLUMÁL** Tveimur mönnum sem setið hafa í gæsluvarðhaldi, grunaðir um að hafa beitt sjö ára dreng kynferðislegu ofbeldi, hefur verið sleppt. Gæsluvarðhaldið rann út í gær en mönnunum var sleppt í fyrradag. Ekki var talin ástæða til að fara fram á framlengingu á varðhaldi, hvorki á grundvelli rannsóknarhagsmuna né almannahagsmuna, að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Mennirnir voru yfirheyrðir en neituðu staðfastlega sök. Þá hefur lögreglan farið yfir tölvur og tölvugögn sem lagt var hald á á heimilum þeirra er þeir voru handteknir.



**TÖLVUBÚNAÐUR** Ekkert saknæmt fannst í tölvum mannanna tveggja.

Grunur lék á að þar væri myndefni sem sýndi börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Að sögn Friðriks Smára hefur ekkert slíkt efni fundist í tölvunum. Hann segir rannsókn málsins langt í frá lokið, því enn sé unnið úr gögnum og upplýsingum sem liggi fyrir.

Mennirnir sem um ræðir eru faðir og frændi drengsins sem þeir eru grunaðir um að hafa misnotað.

Faðir drengsins á að baki langan sakaferil og hefur meðal annars hlotið dóm fyrir árás á móður drengsins. Hann hefur þó ekki verið úrskurðaður í nálgunarbann. - jss

Borgarstjórinn í Reykjavík:

# Neitaði að hitta flotaforingja

**REYKJAVÍK** Jón Gnarr borgarstjóri neitaði í gær að taka á móti yfirmönnum af þýskum herskipum sem lágu við bryggju í Reykjavík.

Borgarstjóri sagði að ástæðan væri sú að hann væri friðarsinni og á móti hernaði í hvaða mynd sem er. „Ég lít ekki svo á að í því felist einhver óvirðing við þetta fólk sem er hér í heimsókn núna. Ég vil einfaldlega ekki tengjast hernaðarbrölti."

Jón bætir því við að það sé einlæg skoðun hans að Reykjavík eigi að vera borg friðarins. - þj

Vilja að Ásmundur segi af sér:

# Situr ekki í umboði kjósenda

**STJÓRNMÁL** Félagsfundur svæðisfélags Vinstri grænna á Vestfjörðum hefur skorað á Ásmund Einar Daðason, þingmann flokksins, að segja þegar af sér þingmennsku. Ásmundur sagði sig úr þingflokki Vinstri grænna á miðvikudag. „Ásmundur Einar hefur samþykkt vantraust á ríkisstjórn sem VG á aðild að og sagt sig úr þingflokknum án samráðs við félögin sem að framboði hans stóðu og því ekki hægt að sjá að hann geti setið áfram í umboði kjósenda VG," segir í ályktun fundarins. - bj



**ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON**

# Þremenningar ætla að starfa eftir stefnu VG

**Þrír þingmenn sem gengið hafa úr þingflokki Vinstri grænna íhuga að stofna nýjan þingflokk. Munu styðja stjórnina í þeim málum sem samrýmast stefnu Vinstri grænna. Lilja Mósesdóttir óviss um hvort hún bjóði sig fram aftur.**

**STJÓRNMÁL** Þrír þingmenn sem gengið hafa úr þingflokki Vinstri grænna eru að íhuga að stofna nýjan þingflokk. Þau ætla að styðja ríkisstjórnina í málum sem eru í samræmi við stefnu Vinstri grænna.

Lilja Mósesdóttir, einn þremenninganna, segir erfitt að vera óháður þingmaður vegna skipulagsins í þinginu. Óháðir þingmenn komi ekki að ákvarðanatöku um dagskrá og feril mála, og séu oft síðastir til að frétta af dagskrá þingsins.

Lilja fundaði með Atla Gíslasyni og Ásmundi Einari Daðasyni um næstu skrefin í gær. Atli flaug af landi brott um miðjan dag í gær svo þau höfðu ekki tíma til að klára að ræða málið. Lilja segir ekkert liggja á, endanleg ákvörðun um stofnun þingflokks verði mögulega ekki tekin fyrr en eftir páska.

Spurð um stefnu þessa nýja þingflokks segir Lilja: „Við munum styðja ríkisstjórnina í öllum þeim málum sem samrýmast stefnu Vinstri grænna. Það kom vel í ljós í atkvæðagreiðslu í þinginu í dag [í gær] að við fylgjum meirihlutanum í flestum málum."

Hún segir deilurnar innan þingflokks Vinstri grænna hafa snúist um fjögur mál; Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, aðildarviðræður við Evrópusambandið, Icesave og fjárlagafrumvarpið. „Vissulega eru það stór mál, en þá þarf líka að semja um þau," segir Lilja.

Hún segir að fari svo að þau stofni nýjan þingflokk muni hann eiga meiri samleið með stjórnarmeirihlutanum en stjórnarandstöðunni, enda muni þau starfa eftir stefnu Vinstri grænna. Þau séu hins vegar óbundin af hvers kyns málamiðlunum sem þingflokkur Vinstri grænna geri í stjórnarsamstarfi við Samfylkinguna.

Spurð um eigin framtíð segist Lilja vera að skoða ýmsa möguleika. „Þá er ég ekkert frekar að tala um stofnun stjórnmálaflokks heldur en bandalag við annan flokk." Hún segist þó ekki ákveðin í að bjóða sig fram aftur í næstu þingkosningum. „Það hvarflar stundum að manni hvort ekki sé komið nóg, og ég er ekki sú eina á þingi sem hugsar það. Margir af núverandi þingmönnum munu hætta í næstu kosningum."

brjann@frettabladid.is



**SAMAN** Þau Lilja Mósesdóttir og Atli Gíslason hafa eins og Ásmundur Einar Daðason sagt sig úr þingflokki Vinstri grænna, en ætla að fylgja stefnu flokksins á þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Ræða aðkomu Framsóknar að stjórn

Tveir þingmenn Framsóknarflokks hafa rætt hugmyndir um að Framsóknarflokkurinn gangi til liðs við ríkisstjórnina. Siv Friðleifsdóttir og Guðmundur Steingrímsson hafa lagt til viðræður hefjist.

Eygló Harðardóttir, þingmaður flokksins, segir þessa afstöðu Sivjar og Guðmundar ekki hafa komið flokksfélögum þeirra á óvart, og að hún hafi eki verið rædd sérstaklega í þingflokknum. Hún segir flokkinn vera í stjórnmálum til að koma sínum stefnumálum á framfæri, ekki til að halda lífi í ríkisstjórninni.

Hvorki náðist í Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann flokksins, né Birki J. Jónsson, varaformann flokksins, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í gærkvöldi.





**STAÐFASTUR** Ríkissjónvarpið í Líbíu sýndi Múammar Gaddafí, leiðtoga landsins, aka um höfuðborgina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Loftárásir gerðar á höfuðborg:

# Ekki fararsnið að sjá á Gaddafí

**LÍBÍA, AP Ekkert fararsnið virðist á Múammar Gaddafí, leiðtoga Líbíu, þrátt fyrir loftárásir aðildarríkja Atlandshafsbandalagsins og uppreisn í landinu. Gaddafí ók í gær um höfuðborgina Trípólí í brynvörðum jeppa og steytti hnefann í átt að himni.**

**Loftárásir voru gerðar á skotmörk í borginni í gær en engar staðfestar fregnir hafa borist af mannfalli. Líbíska ríkissjónvarpið, sem hælt er undir Gaddafí, sagði einhverja óbreytta borgarar hafa særst í árásunum.** - bj

Andstaða í hverfisráði:

# Leggjast gegn dagforeldrum í skólagarðahúsi

**LEIKSKÓLAMÁL Áætlanir eignasviðs Reykjavíkurborgar um að leigja hús við skólagarðana í Fossvogi til dagforeldra mætir andstöðu í hverfisráði Háaleitis og Bústaða. Leggja á skólagarðanna af og taka í staðinn upp svokallaða fjölskyldugarða.**

**Hverfisráð leggst gegn breytingunni á nýtingu hússins nema um það sé samráð við íbúa í næsta nágrenni og vill að málið sé kynnt fyrir íbúunum og þeim gefinn kostur á að taka afstöðu til þess. „Þá lýsir hverfisráð áhyggjum af aðstöðuleysi þeirra fjölskyldna sem munu nýta sér nýju fjölskyldugarðana og má í því sambandi benda á skort á salernisaðstöðu," segir í bókun.** - gar

Sala á einkatölvum minnkar:

# Spjaldtölvum um að kenna

**TÆKNI** Sala á einkatölvum dróst saman um 1,1 prósent á heimsvísu á fyrsta fjórðungi ársins, samkvæmt upplýsingum markaðsrannsóknafyrirtækisins Gartner. Salan hefur ekki verið daprari í eitt og hálft ár.

Þetta er þvert á spár, en reiknað hafði verið með þriggja prósenta söluaukningu. Talið er að aukinn áhugi á spjaldtölvum skýri málið þótt framleiðslutafir af völdum jarðskjálftans í Japan kunni að vega þungt.

Salan dróst saman um 6,1 prósent í Bandaríkjunum en jókst í Asíu og Mið- og Suður-Ameríku. - jab





Hátt og sveiflukennt matvælaverð er það sem helst ógnar fátækum svæðum:

# Matvæli eru 36% dýrari en í fyrra

**FRÉTTABLAÐIÐ, WASHINGTON** Þrátt fyrir að það sjái til lands í kreppu fjármála- og efnahagslífs stendur heimurinn frammi fyrir nýjum áhættuþáttum og erfiðum breytingum, segir Robert Zoellick, forseti Alþjóðabankans.

Í opnunarræðu sinni á vorfundi bankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í gær benti Zoellick á hátt og sveiflukennt matvælaverð, hátt eldsneytisverð með hliðaráhrifum til hækkunar á matvælaverði, pólitískan óstöðugleika í Miðausturlöndum og Norður-Afríku. Eins nefndi hann upplausnarástandið á Fílabeinsströndinni, endurteknar náttúruhamfarir, hækkandi verðbólgu í nýmarkaðsríkjum með hættu á ofhitnun og skuldavanda ríkja Evrópu.

Zoellick lagði sérstaka áherslu á þann vanda sem hækkandi matvælaverð ylli og sagði þjóðir heims verða að vera samstíga í að taka á þeim vanda, hvort sem það tæki hálft ár, heilt eða tvö.

„Matvælaverð er 36 prósentum yfir því sem var fyrir ári og stendur nærri sveiflunni árið 2008," benti Zoellick á og kvað 44 milljónir manna hafa orðið fátækt að bráð síðan í júní í fyrra. „Ef vísitala matvælaverðs hækkar um 10 prósent í viðbót teljum við að 10 milljónir manna til viðbótar verði sárri fátækt að bráð, en þá hefur fólk ekki nema 1,25 dali til að lifa af á dag," sagði Zoellick og fagnaði því sérstaklega að Frakkar geri matvæli að höfuðmálefni 20 helstu iðnríkja (G20) í formennskutíð sinni í þeim hópi. - óká





**SPURNINGATÍMI** Robert Zoellick bregst við spurningum blaðamanna í Washington í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Vinsælustu Nokia farsímarnir hjá Nova!



Snertiskjár og lyklaborð

1.790 kr. á mán. í 12 mán.

**Nokia C2-01**

19.990 kr./stgr.

500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!

2.690 kr. á mán. í 12 mán.

**Nokia X3-02**

29.990 kr./stgr.

500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!

2.690 kr. á mán. í 12 mán.

**Nokia 5230**

29.990 kr./stgr.

500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!



Páskaegg nr. 4 og 500 kr. símnotkun á mánuði í 6 mánuði fylgir!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova gilda með áskrift og frelsi: Mánaðarleg afborgun er greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.
Ekkert mánaðargjald í frelsi en 590 kr. í áskrift og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 14.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,10 | 113,64 |
| Sterlingspund | 184,33 | 185,23 |
| Evra | 162,67 | 163,59 |
| Dönsk króna | 21,807 | 21,935 |
| Norsk króna | 20,649 | 20,771 |
| Sænsk króna | 18,004 | 18,110 |
| Japanskt jen | 1,3564 | 1,3644 |
| SDR | 180,26 | 181,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,8777

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, vill opna EES fyrir Túnis, Egyptalandi og fleirum:

# Vill sjá stækkun EES til suðurs

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Evrópusambandið ætti að bjóða nágrönnum sínum í suðri að vera hluti af markaðssvæði þess og verða aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Þetta sagði stækkunarstjóri ESB, Stefan Füle, í viðtali á dögunum.

Füle segir að Evrópusambandið verði að vera metnaðarfullt og skapandi nú þegar byltingar eigi sér stað í arabaheiminum. Þetta eigi ekki síst við til þess að forða löndunum frá því að „verða stolið“ af öfgamönnum.

Spurður um samanburð milli byltinganna í Austur-Evrópu árið 1989 og byltingarnar nú sagði hann grundvallarmuninn liggja í því að Austur-Evrópuríkjum hefði verið boðið að ganga í Evrópusambandið og NATO.

Af þessum sökum undirbýr ESB nú endurskoðun á stefnu sinni gagnvart nágrönnunum í suðri, segir hann. Sambandið beri gríðarlega ábyrgð þótt það sé fyrst og fremst fólksins í Túnis, Egyptalandi og öðrum löndum að móta breytingar. Þjóðirnar þurfi þó að vita að þegar þær takist á við umbætur eigi þær sterkan bandamann í Evrópusambandinu. - þeb




**STÆKKUNARSTJÓRINN** Stefan Füle vill að byltingarríkin eignist öflugan bandamann í Evrópusambandinu. NORDICPHOTOS/AFP

Færri tonn en hærra verð:

## Aflinn aukist um 19 prósent

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra skipa fyrstu þrjá mánuði ársins er um fimmtungi meiri en á sama tíma í fyrra. Aukningin er 19 prósent á föstu verði. Heildaraflinn var tæpum fimm prósentum meiri í mars nú en í fyrra, á föstu verði. Í tonnum talið dróst hann saman um rúm þúsund tonn.

Botnfiskafli dróst saman um tæp 5.500 tonn milli ára og var 44.600 tonn. 3.800 tonnum meira veiddist af uppsjávartegundum í mars en á sama tíma í fyrra, eða 69 þúsund tonn. - þeb



**VILJA MÓTA FRAMTÍÐINA** Krakkarnir eru í óða önn að undirbúa þing helgarinnar. Fræðsluefni þeirra um stjórnarskrána má finna á vefnum stjornlogungafolks-ins.is FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Börn og stjórnarskráin:

## Vilja að raddir barna heyrist

**SAMFÉLAGSMÁL** Ungmenni á aldrinum 13 til 18 ára munu koma saman um næstu helgi og móta tillögur um mál tengd stjórnarskrá Íslands, sem send verða þingmönnum og stjórnlagaráð.

Um er að ræða samstarfsverkefni Unicef, Umboðsmanns barna og Reykjavíkurborgar, en markmiðið er að rödd barna og unglinga fái að heyrast við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Hildur Hjörvar, formaður ungmennaráðs Unicef, segir að börn séu oft notuð í umræðunni, en aldrei spurð um skoðun á málum. „Börn eru oft vanmetin að því leyti. Þau munu líka þurfa að búa mun lengur við stjórnarskrána en fólkið sem er að endurskrifa hana núna.“ - þj

### HÚNAÞING

#### Viðræður um sameiningu

Sveitarstjórn Bæjarhrepps hefur samþykkt að leita eftir formlegum viðræðum við sveitarstjórn Húnaþings vestra um mögulega sameiningu sveitarfélaganna. Rúmlega ellefu hundruð íbúar eru í Húnaþingi og eitt hundrað í Bæjarhreppi.

# Nefnd vill fleiri og minni kjúklingabú

**Mikilvægt er að fjölga kjúklingabúum í landinu og minnka einingarnar, að mati starfshóps landbúnaðarráðuneytis. Lög um sjúkdómavarnir eru úrelt. Framleiðsla á innlendu fóðri er vel möguleg og gæti skilað góðum árangri.**

**LANDBÚNAÐUR** Kjúklingaframleiðendur eru afar fáir hér á landi og er mun algengara að sýkingar komi upp í stórum búum heldur en í þeim sem minni eru. Einungis eru fjórir kjúklingaframleiðendur á landinu. Halda þeir úti 82 eldishúsum með pláss fyrir um 720.000 fugla. Nær allir framleiðendurnir eru í nágrenni við höfuðborgarsvæðið, sem gerir nýtingu á búfjáráburði frá alifuglaræktinni óhagkvæmari en ef einingarnar væru dreifðari um landið. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis um eflingu alifuglaræktar á Íslandi.

Að mati starfshópsins benda þau fjölmörgu tilvik sem upp hafa komið af salmonellusýkingum í íslenskum kjúklingabúum til þess að meginhættan sé fólgin í stærð einstakra búa og smitvörnum innan þeirra.

Þá telur starfshópurinn einnig of fáa aðila sjá um slátrun og vinnslu á fuglunum, sem þýðir að ef einn þeirra dettur úr framleiðslu sé hæpið að hinir geti annað þörfum markaðarins. Vart var við þónokkurn kjúklingaskort í verslunum á síðasta ári vegna tíðra tilvika salmonellusýkinga hjá flestum framleiðendum. Farga og urða þurfti hundruðum tonna af fuglum og hljóp fjárhagslegt tjón framleiðenda á tugum milljóna.

„Við teljum að búin eigi að vera í minni einingum. Það eykur matvælaöryggið í landinu,“ segir Björn Halldórsson, bóndi á Akri og formaður starfshópsins. „Dreifð framleiðsla um landið hefur einnig áhrif á nærsamfélög. Vilji menn nýta allt landið og halda því í byggð er þetta ein leið til þess.“

Mat hópsins er að endurskoða þurfi núverandi reglugerð um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum. Reglugerðin er frá árinu 1995 og segir Björn hana einfaldlega vera orðna úrelta.

„Við verðum að horfast í augu við það að á sama tíma og neytendur gera kröfur um að framleiðslan tryggi góðan aðbúnað dýranna, kosti þær breytingar peninga. Það skilar sér þá í einhverri hækkun á vöruverði,“ segir Björn. „Sem mun þá skila sér í hækkun á verði vörunnar í verslunum.“

sunna@frettabladid.is



**KJÚKLINGAFRAMLEIÐSLA** Salmonellusýkingar koma oftast upp í stórum kjúklingabúum, eins og sýndi sig á síðasta ári þegar yfir fimmtíu tilvik greindust. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

### Auka veltu kornræktar um 100 milljónir

Starfshópurinn vekur athygli á því í skýrslu sinni að ef skipt væri út hluta af hinu innflutta kolvetnafóðri alifugla fyrir íslenskt bygg mundu hver 10 prósent auka veltu íslenskrar kornræktar um nálægt 100 milljónum króna. Að mati starfshópsins gefur ræktun á korni, byggi og hveiti hér á landi góðar vonir varðandi alifuglarækt og líklegt er að vannýttir möguleikar séu fyrir hendi varðandi notkun þess við eldið.

„Nærfellt öll framleiðsla kjúklinga og eggja er byggð á innfluttu fóðri. Af því leiðir að framleiðslan er algerlega háð innflutningi á nægu og góðu fóðri. Spyrja má hvort það sé ásættanleg staða með tilliti til matvælaöryggis þjóðarinnar,“ segir í skýrslunni.

Framkvæmdastjóri AGS:

## Ekki tími fyrir áhyggjuleysi

**FRÉTTABLAÐIÐ, WASHINGTON** „Við eigum enn í kreppu og afleiðingar hennar eru enn áberandi,“ sagði Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), á blaðamannafundi við opnun vorfundar sjóðsins og Alþjóðabankans í gær.



STRAUSS-KAHN

Strauss-Kahn varaði þjóðir heims sérstaklega við því að verða áhyggjulausi við því að bráð því bregðast þyrfti við aðkallandi vandamálum. Enn væri mikil óvissa um framtíðarþróun og þótt einhver efnahagsbati hafi orðið þá væri hann misjafn á milli landa og misskiptur innan þeirra.

Stærsta verkefnið sagði Strauss-Kahn vera að veita efnahagsbata og vexti í atvinnusköpun, þar væri helst pottur brotinn í heiminum. - óká

### DÓMSMÁL

#### Átti ekki fyrir matnum

Ríkissaksóknari hefur ákært íslenskan karlmann fyrir fjársvik. Manninum er gefið að sök að hafa í júní 2008 pantað og neytt veitinga á veitingahúsum í Kaupmannahöfn fyrir um sautján þúsund íslenskar krónur án þess að geta greitt fyrir.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Kannabis í Breiðholti

Lögreglan stöðvaði kannabisræktun í íbúð í fjölbýlishúsi í Breiðholti í fyrrinótt. Við húsleit fundust rúmlega hundrað kannabisplöntur. Á sama stað var einnig lagt hald á ýmsan búnað sem tengdist starfseminni. Karlmaður á fertugsaldri játaði sök.




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**KÓLNANDI** veður á landinu í dag og má búast við að hitinn verði víða um og rétt yfir frostmarki norðan til á landinu. Að öðru leyti verður veður svipað, stíf suðvestanátt og víða él eða slydduél. Ekki útlit fyrir miklar breytingar um helgina.



Á MORGUN 8-13 m/s.

SUNNUDAGUR 5-10 m/s.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 17° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 15° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 10° |
| París | 17° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.






**Melissa**
**Hárblásari** 635133
- 2000w
- 2 hraðastillingar og 3 hitastillingar
- Kaldur blástur
- Ofhitunarvörn

**2.990kr**
GOTT VERÐ



**Melissa**
**Sléttujárn** 635134
- Keramik plötur
- 2 Hitastillingar
- Hámarkshiti: 200°C

**2.990kr**
GOTT VERÐ

**SanDisk**
**SanDisk 2GB** CLIP+2GBBL
- 2GB innbyggt minni
- Spilar MP3 og WMA
- Útvarp með 40 stöðvaminni
- Diktafónn
- Heyrnartól, USB kapall og geisladiskur fylgja

**8.990kr**
V.Á. 9.990.-







**GRUNDIG**
**MP3 spilari**
MPAXX920BLEIKUR
- 2GB minni
- Heyrnartól og USB snúra fylgja
- Þyngd: 25g (án rafhlöðu)

**5.990kr**
GOTT VERÐ



**VIDAL SASSOON**
**Sléttujárn**
VS109PE
- 25mm keramik plötur
- Stillanlegur hiti að 200°
- Hitnar á 30 sek

**4.990kr**
V.Á. 6.490.-




**Nikon**
**Myndavél** S2500SV
- 12 MegaPixla
- NIKKOR aðdráttarlinsa
- 4x Optical Zoom og 7x Digital Zoom
- Rafræn titringsjöfnun
- Snjallandlitskerfi og hreyfiskynjun
- Upptaka hreyfimynda með hljóði

**19.990kr**
GOTT VERÐ



**UNITED**
**Ferðaútvarp** RCD6408SV
- Útvarp með geislaspilara
- Kasettutæki
- Heyrnatólstengi
- Gengur fyrir straum eða rafhlöðum

**7.990kr**
GOTT VERÐ

**UNITED**
**19" LCD sjónvarp**
19DD92HD
- Upplausn 1440x900
- Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- 2x HDMI, 1x Scart , Component, VGA og Pc hljóð, Digital COAX, CVBS & heyrnatólstengi
- 12v - 230v kerfi
- 12v/5A spennubreytir og 12v tengi fyrir bíla fylgja

**44.990kr**
GOTT VERÐ






**tasco**
**Tasco sjónauki** 2023BRZ
- 10x Stækkun
- 50mm rauð gler
- Breiðlinsa (Wide angle)
- Taska fylgir

**9.990kr**
V.Á. 10.990.-

Gildir til 20. apríl á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Treystir þú ríkisstjórninni?*

| | |
|---|---|
| Já | 33,3% |
| Nei | 66,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú ánægð/ur með almenningssamgöngur í landinu?*

Segðu þína skoðun á Visir.is

Vísir

Almenningur ber langmest traust til fréttastofu RÚV af öllum fjölmiðlum samkvæmt nýrri könnun MMR:

# Traust til Fréttablaðsins og Vísis á uppleið

**KÖNNUN** Traust almennings til Fréttablaðsins og Vísis eykst milli kannanna en traust til annarra af stóru fréttamiðlunum stendur í stað eða minnkar samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR. Fréttastofa RÚV nýtur langmests trausts af öllum fjölmiðlum landsins.

Alls segjast 37,3 prósent bera frekar eða mjög mikið traust til Fréttablaðsins. Traustið hefur aukist úr 34,8 prósentum í apríl í fyrra. Um 32,7 prósent treysta Vísi, sem er aukning um 3,1 prósentustig.

Um 42,9 prósent segjast treysta Morgunblaðinu frekar eða mjög mikið, og hefur traustið dalað um 3,5 prósentustig frá því í fyrra. Fréttavefur Morgunblaðsins, mbl.is, nýtur meira trausts en blaðið, um 49,8 prósent treysta mbl.is, sem er samdráttur um 1,9 prósentustig.

Um 18,1 prósent treystir Fréttatímanum og 9,4 prósent treysta DV. Um 26,4 prósent segjast treysta Viðskiptablaðinu.

Fréttastofa RÚV nýtur trausts 71,5 prósenta, og hefur minnkað um 7 prósentustig frá því í fyrra. Um 41,7 prósent treysta fréttastofu Stöðvar 2, um 2,3 prósentustigum færri en í fyrra. - bj

**Traust til fjölmiðla**

**Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?**




Heimild: MMR








**SPENNA FRAM UNDAN** Allt stefnir í tvísýna baráttu í forvali repúblikana fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum á næsta ári. Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri Massachusetts, er efstur ásamt auðjöfrinum Donald Trump samkvæmt nýrri könnun CNN. NORDICPHOTOS/AFP

# Enn enginn augljós keppinautur Obama

**Kosningabarátta repúblikana fyrir forsetakosningarnar að hefjast. Enn er enginn stakur frambjóðandi líklegri en aðrir. Meirihluti almennings ósáttur við núverandi valkosti. Obama safnar metfjárhæðum til að verja forsetastólinn.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hverjir eru líklegir til að verða forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum á næsta ári?

Hjólin eru farin að snúast fyrir forval Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningarnar á næsta ári. Fjölmargir hafa látið í ljósi áhuga á að spreyta sig gegn Barack Obama, sitjandi forseta, en hingað til er enginn farinn að skilja sig frá hjörðinni.

Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri Massachusetts, sem tapaði fyrir John McCain í forvalinu árið 2008, hefur verið efstur í mörgum viðhorfskönnunum í vor, en í könnun CNN í vikunni mældist auðjöfurinn og sjónvarpsstjarnan Donald Trump jafn honum á toppi listans, án þess þó að sá síðarnefndi hafi enn ákveðið framboð.

Fyrir utan þá tvo eru menn eins og Newt Gingrich, fyrrverandi leiðtogi fulltrúadeildarinnar, og Mike Huckabee í umræðunni, en í raun hafa aðeins fjórir tekið fyrsta skrefið í átt til framboðs.

Romney og Gingrich, auk ríkisstjórans Tims Pawlenty og Ricks Santorum, fyrrverandi öldungadeildarþingmanns, hafa sett á laggirnar svokallaða könnunarnefnd, sem gerir þeim kleift að hefja fjársöfnun fyrir átökin sem fram undan eru.

Búist er við að fleiri bætist við á næstunni og í því sambandi er rætt um þingkonuna umdeildu Michele Bachmann og enn einn ríkisstjórann, Haley Barbour frá Mississippi. Þá má alls ekki gleyma Söruh Palin, sem hefur lengi verið að gæla við þá hugmynd að bjóða sig fram, en hefur ekki enn tekið af öll tvímæli.

Þessi hópur virðist ekki höfða sterklega til kjósenda þar sem nýleg könnun Fox News sjónvarpsstöðvarinnar leiddi í ljós að tveir þriðju landsmanna voru óánægðir með þá valkosti sem nú stæðu í fararbroddi repúblikana. Vandamál flestra er að enn sem komið er þekkir almenningur illa til þeirra.

Fram undan eru annasamir mánuðir hjá þeim sem láta slag standa og hella sér af fullum krafti út í baráttuna.

Eins og ætíð mun árangur frambjóðenda í fjáröflun ráða miklu um hvort þeir hljóti brautargengi þegar kemur að forvalinu sjálfu, en fyrstu forkosningarnar fara fram í febrúar og sigurvegarinn verður útnefndur á flokksþingi í ágúst 2012.

Þá fyrst hefst bardaginn fyrir alvöru því að þrátt fyrir að Obama hafi verið umdeildur það sem af er kjörtímabili er hann engu að síður sitjandi forseti og stefnir að því að safna einum milljarði dala til að kosta baráttu sína fyrir endurkjöri. thorgils@frettabladid.is






Miklar framkvæmdir standa til við sundlaugar í Reykjavík og Ylströndina:

# Endurbætur fyrir 275 milljónir

**SKIPULAGSMÁL** Framkvæmdaáætlun við endurbætur á sundlaugum í Reykjavík mun kosta borgina 275 milljónir króna. Alls er gert ráð fyrir 500 milljónum í fjárhagsáætlun ársins. Borgarráð samþykkti framkvæmdaáætlunina á fundi sínum í gær.

Þær endurbætur sem snúast ýmist um viðhald eða nýframkvæmdir ná til allra almenningslauga Reykjavíkur og Ylstrandarinnar í Nauthólsvík. Framkvæmda- og eignasviði er nú heimilt að hefjast handa við hönnun og framkvæmdir.

Hönnun er hafin á gufubaði á Ylströndinni og einnig stendur til að fjölga leiktækjum á því svæði. Í tilkynningu frá borgarráði kemur fram að hvort tveggja tengist þeirri hugmynd að halda ströndinni opinni allt árið þar sem sjósund verður vinsælla með hverju ári. Þó fer rúmur helmingur framkvæmdafjár til Laugardalslaugar, í gönguleiðir á svæðinu, sjópott og endurgerð búningsherbergja. Eimbaðið í Grafarvogslaug verður endurgert, nuddpottur settur í Árbæjarlaug og verið er að skoða uppsetningu líkamsræktaraðstöðu við Breiðholtslaug.

Borgarráð segir framkvæmdirnar efla atvinnu í borginni og þær valdi ekki auknum kostnaði borgarsjóðs til lengri tíma litið. - sv



**SUMAR Í NAUTHÓLSVÍK** Töluverðar framkvæmdir eru í kortunum við Nauthólsvík, meðal annars gerð gufubaðs á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.




## Sumarið nálgast hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota

Við höldum stórsýningu á morgun, **16. apríl**, á milli **kl. 12:00 og 16:00**. **Sértilboð** á völdum Toyota bifreiðum og **20% afsláttur** af Toyota aukahlutum.

Mættu og taktu þátt í **happdrætti**. Í verðlaun eru **gjafabréf frá Ellingsen** upp á allt að **50 þúsund** krónur auk þess sem allir fá **veglegan afsláttarmiða** hjá Ellingsen. Yngsta kynslóðin fær að gæða sér á **páskaglaðningi**.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á morgun og byrjaðu að búa þig undir alíslenskt sumar.

**Páskaglaðningur fyrir yngstu kynslóðina**

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**www.toyota.is**

**Today Tomorrow Toyota**

# MARKAÐUR
## Rauða krossins
## 16. apríl

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur handverksmarkað **laugardaginn 16. apríl kl. 11-16** í Rauðakrosshúsinu Hamraborg 11, 2. hæð. Selt verður fjölbreytt úrval af handverki sjálfboðaliða deildarinnar, saumavörur, skartgripir, prjónavörur og annað föndur. Auk þess verður veglegur kökubasar á staðnum.

**Allur ágóði rennur til verkefna innanlands.**
Nemendur Menntaskólans í Kópavogi í áfanga um sjálfboðið Rauða kross starf sjá um markaðinn.

Tilvalið að kaupa sumargjafir og styrkja gott málefni í leiðinni

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild







Nýjar og strangari reglur í sjávarútvegskerfi Evrópusambandsins:

# Geta svipt brotamenn veiðileyfi

**EVRÓPUMÁL** Evrópusambandið (ESB) hefur kynnt stórefldar reglur um eftirlit með veiðum innan hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu sambandsins til að vinna gegn ofveiði úr stofnum. Kveðið er á um að refsingar verði þyngdar og sektir geti numið allt að áttföldu verðmæti afla. Komið verði á refsistigakerfi þar sem tímabundin eða varanleg svipting veiðileyfa liggur við brotum. Reglurnar eru hluti af endurskoðaðri fiskveiðistefnu sem kynnt verður í júlí.

Framkvæmdastjórn ESB segir að með nýju reglunum, sem verða allar komnar til framkvæmda um næstu áramót, sé leitast við að koma á heildstæðu eftirliti með veiðum og að framkvæmd regluverksins verði samræmd meðal allra aðildarþjóða. Hvert aðildarríki mun annast eftirlit innan sinnar lögsögu, en framkvæmdastjórnin áskilur sér þó rétt til rannsókna óháð ríkjunum.

Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, segir erfitt að hrinda slíku í framkvæmd í miðri kreppu „en við verðum að koma þeim skilaboðum áleiðis að tími ábyrgra fiskveiða er hafinn“. - þj



**HERÐA REGLUR** Evrópusambandið hefur kynnt nýjar reglur til að berjast gegn ólöglegum veiðum.

# Samhæfa rannsókn allra efnahagsbrota

**Sameining efnahagsbrotadeildar og sérstaks saksóknara er bara byrjunin segir innanríkisráðherra. Segir mismunandi stofnanir vinna að verkum sem skarast.**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

**DÓMSMÁL** Fyrirhuguð sameining efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og embættis sérstaks saksóknara er aðeins fyrsta skrefið í því að samhæfa frekar rannsókn efnahagsbrota segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.

Hann segist sjá fyrir sér íslenska stofnun sambærilega við norsku Økokrim-stofnunina, sem fer með rannsókn efnahagsbrota í Noregi.

„Í kerfinu eru mismunandi aðilar að vinna verk sem skarast,“ segir Ögmundur. „Við erum að hefja viðræður við allar stofnanir innan stjórnsýslunnar sem hafa með efnahagsrannsóknir að gera, tollstjóra, ríkisskattstjóra og aðrar stofnanir. Við erum þar að horfa til þess að efla þessa stjórnsýslu.“

Í umræðum á Alþingi á miðvikudag sagði Ögmundur: „Vilja menn kosningar til að fá nýja verkstjórn á rannsókn efnahagsbrotanna eða vilja menn hafa þau í okkar forsjá? Þar er ég verkstjórinn.“

Aðspurður segir Ögmundur að með þessu sé hann ekki að tala um eiginlega verkstjórn á rannsóknum efnahagsbrota. „Ég kem auðvitað hvergi nærri rannsókn á einstökum málum. Það sem ég var að tala um var að skapa rannsókn þessa málaflokks stjórnsýslulega umgjörð,“ segir Ögmundur. - þj



**SAMEINING** Embætti sérstaks saksóknara sameinast efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra í lok sumars í síðasta lagi að sögn innanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




ESB sektar þvottaefnisrisa:

## Milljónir evra fyrir verðsamráð

**BRUSSEL Framkvæmdastjórn ESB úrskurðaði í gær að stórfyrirtækin Proctor & Gamble, Unilever og Henkel hefðu gerst brotleg við samkeppnislög og voru tvö fyrrnefndu fyrirtækin dæmd til að greiða rúmar 300 milljónir evra í sektir. Henkel slapp við sektir þar sem forsvarsmenn þess tilkynntu um brotin.**

**Fyrirtækin viðurkenndu að hafa haft ólöglegt samráð, í átta ESB-löndum, um verð á duftþvottaefni fyrir þvottavélar. Sektirnar lækka þó verulega þar sem fyrirtækin gengust við brotunum og sömdu um málalok utan dómstóla. - þj**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

### Tollur í gegnum Keflavík

Evrópusambandið hefur ákveðið að leyfa flugfarþegum sem millilenda í Keflavík og á öðrum alþjóðaflugvöllum innan EES að fara með tollvörur, keyptar utan EES, í lokuðum umbúðum þar í gegn. Þetta er gert farþegum til hagræðis.

**FÆREYJAR**

### Framsókn á lögþingið

Poul Michelsen, þingmaður utan flokka á færeyska lögþinginu, hefur fengið nýjan flokk sinn viðurkenndan af innanlandsráðuneyti Færeyja. Sá heitir Framsókn. Michelsen sagði sig úr Fólkaflokknum í fyrra.

NÝJAR PÁSKAKILJUR Í EYMUNDSSON




# Hámaðu í þig spennandi bækur með páskaegginu

Mundu eftir bókaávísuninni. Þú færð 1000 kr. afslátt ef þú notar bókaávísunina og verslar að andvirði 3500 kr. eða meira.
**Gleðilega bókapáska!**




ENNEMM / SÍA / NM 46271

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 2011

# Samfélagsverðlaunin til Reykjadals

**Sumarbúðirnar í Reykjadal í Mosfellsbæ hlutu í gær Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Í sumarbúðunum dveljast árlega á milli 200 og 300 börn af öllu landinu. Vel á fjórða hundrað tilnefningar bárust frá lesendum blaðsins. Jenna Jensdóttir hlaut heiðursverðlaunin.**

Reykjadalur í Mosfellsdal hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins sem afhent voru við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu síðdegis í gær. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin.

Þetta er í sjötta sinn sem Fréttablaðið veitir Samfélagsverðlaunin.

Í Reykjadal í Mosfellsdal hafa verið reknar sumarbúðir í nærri hálfa öld. Þar dveljast árlega milli tvö og þrjú hundruð fötluð börn af öllu landinu. Á sumrin býðst sumardvöl, í eina eða tvær vikur í senn, en yfir vetrarmánuðina er þar boðin helgardvöl. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur sumarbúðirnar.

Útivera skipar veigamikinn sess í starfinu í Reykjadal, meðal annars í sundi og heitum potti sem þar er. Í Reykjadal starfar drífandi hópur ungs metnaðarfulls fólks. Það kom sér vel þegar útlit var fyrir að leggja þyrfti vetrardvöl barna í Reykjadal niður vegna fjárskorts. Þá efndi starfsfólkið til áheitagöngu og tókst að safna fé til að halda starfseminni gangandi í vetur.



FULLTRÚAR REYKJADALS Ólafur Ragnar Grímsson afhenti fulltrúum Reykjadals verðlaunin og Ari Edwald afhenti þeim einnar milljónar króna verðlaunafé. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðrir sem voru útnefndir til Samfélagsverðlaunanna voru Samtök kvenna af erlendum uppruna og Góði hirðirinn.

Vel á fjórða hundrað tilnefninga til Samfélagsverðlaunanna bárust frá lesendum Fréttablaðsins að þessu sinni. Markmið með Samfélagsverðlaununum er að beina sjónum að þeim góðu verkum sem unnin eru í samfélaginu.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru sem fyrr segir ein milljón króna, aðrir verðlaunahafar fengu farsíma í verðlaun auk verðlaunagripa sem eru hannaðir og smíðaðir af Ásgarði í Mosfellsbæ.

Dómnefnd var þannig skipuð: Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, var formaður nefndarinnar en aðrir voru Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, Felix Bergsson, leikari með meiru, og séra Jóna Hrönn Bolladóttir.

Ari Edwald forstjóri 365 miðla afhenti handhöfum Samfélagsverðlaunanna eina milljón króna í verðlaun. Aðrir verðlaunahafar fengu farsíma sem Hátækni tók þátt í að gefa.

## HVUNNDAGSHETJA

Hvunndagshetja ársins 2010 er **Ásmundur Þór Kristmundsson.** Ásmundur Þór er björgunarsveitarmaður en var í skemmtiferð í Þórsmörk þegar hann vann þar björgunarafrek í ágúst 2010.

**Aðrir sem voru tilnefndir í þessum flokki:**
- Júlíana Signý Gunnarsdóttir
- Stefán Helgi Stefánsson



HVUNNDAGSHETJAN Ásmundur Þór Kristmundsson fær verðlaun fyrir björgunarafrek í Þórsmörk.



JENNA JENSDÓTTIR Hún fær heiðursverðlaun Samfélagsverðlaunanna fyrir farsælan kennsluferil og barnabókaskrif. Ólafur Ragnar Grímsson forseti veitti Jennu verðlaunin.

## FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR

Verðlaun í þessum flokki fær **Jón Stefánsson,** en tónlistaruppeldi hans í Langholtskirkju hefur opnað heim tónlistar fyrir fjöldamörgum börnum og unglingum og skilað hæfu tónlistarfólki.

**Aðrir tilnefndir í þessum flokki:**
- Möguleikhúsið
- Skólahreysti

## TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM

Listasmiðjan Litróf hlýtur verðlaunin í þessum flokki fyrir að vinna að vináttu milli barna af erlendum uppruna og íslenskra barna með því að stefna þeim saman í leik og listum.

**Aðrir tilnefndir í þessum flokki:**
- Íþróttafélagið Styrmir
- Pollapönk

## HEIÐURSVERÐLAUN

Heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins hlýtur Jenna Jensdóttir fyrir farsælan kennsluferil og afkastamikil barnabókaskrif í áratugi. Þeim sem nutu kennslu Jennu er hún afar minnisstæður kennari. Barnabækur Jennu eru á þriðja tug en flestar skrifaði hún í félagi við mann sinn Hreiðar heitinn Stefánsson.

www.volkswagen.is





Frábært verð!

Nýr Polo kostar aðeins frá
2.290.000 kr.*

*Polo Trendline 1.2 MPI, 70 hestöfl, beinskiptur, bensín.

Sparar sig vel á Íslandi

Volkswagen Polo dísil sigraði í síðustu Sparaksturskeppni Atlantsolíu og fór **100 km á aðeins 2,93 lítrum.** Þessi nafnbót er skemmtileg viðbót í safnið hjá Polo sem einnig var valinn Alheimsbíll ársins 2010 og Bíll ársins 2010 í Evrópu. Nýttu þér hagstætt verð og sparaðu á verðlaunabílnum Polo!

Das Auto.

OPIÐ 10-18 OG 12-16 Á LAUGARD. - Komdu og reynsluaktu sparneytnasta bíl landsins

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA




Sumarið er tíminn til að upplifa hina óútreiknanlegu náttúru Íslands. Það er sama hvert þú ferð og í hverju þú lendir, útivistarfatnaðurinn frá **ZO•ON** er hannaður til að láta þér líða vel við allar aðstæður.

**Nýja sumarlínan frá ZO•ON er komin í verslanir okkar í Kringlunni og Bankastræti**
og allar helstu verslanir með útivistarfatnað á Íslandi.

ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is






Hæstiréttur staðfestir sýknudóm Héraðsdóms Norðurlands eystra:

# Sýknaður þrátt fyrir sæðisbletti

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur sýknað karlmann sem ákærður var fyrir kynferðisbrot gegn syni sínum.

Manninum var gefið að sök að hafa á árinu 2009 farið upp í rúm til sonar síns, sem var í heimsókn hjá föður sínum, og brotið þar gegn honum með ýmsum kynferðislegum athöfnum, þar á meðal með því að fróa honum.

Drengurinn skýrði móður sinni frá atvikinu þegar hann kom heim og hún kærði málið til lögreglu. Drengurinn sagði við skýrslutöku hjá lögreglu að faðir sinn hefði fengið sáðlát við athæfið.



**HÆSTIRÉTTUR** Gerði athugasemdir en sýknaði manninn.

Nokkrum mánuðum síðar dró móðirin kæruna til baka. Eftir sýnatökur kom í ljós að sæðisblettir úr föðurnum fundust á hettupeysu sem hann var í við handtöku skömmu eftir hið meinta atvik, og eins í laki í rúminu sem sonurinn hafði sofið í.

Héraðsdómur Norðurlands eystra hafði sýknað manninn á þeirri forsendu að orð sonar stæðu gegn orði föður og ákæruvaldinu hefði ekki alveg tekist að sanna, svo að ekki yrði vefengt, að maðurinn hefði framið það brot sem honum var gefið að sök.

Hæstiréttur staðfesti þann dóm með nokkrum athugasemdum, en telur athugasemdirnar ekki nægilega veigamiklar til að ómerkja dóminn. **- jss**

# Breytingar á tillögum um sameiningu skóla

**Nýjar tillögur í sameiningarmálum í skólakerfi Reykjavíkur kveða á um að hætt verði við sameiningu sex leikskóla og frestað verði sameiningu nokkrra grunnskóla. Meirihlutinn í borgarstjórn boðar nánara samráð um næstu sameiningar.**

**SKÓLAMÁL** Meirihlutinn í menntaráði Reykjavíkurborgar ákvað á fundi sínum á miðvikudag að fækka nokkuð framkomnum hugmyndum um sameiningar í skóla- og leikskólakerfi borgarinnar.

Hugmyndirnar voru afar umdeildar og fengu almennt neikvæðar umsagnir hjá hagsmunaaðilum og hafa verið gagnrýndar af minnihlutanum í borgarstjórn.

Í nýju tillögunum, sem verða að öllum líkindum afgreiddar endanlega í næstu viku, er gert ráð fyrir sameiningum 24 leikskóla í stað 30 áður. Þá er frestað annarri af tveimur sameiningum leikskóla og grunnskóla þar sem sameining Fossvogsskóla, Kvistarborgar og frístundaheimilisins Neðstalands kemur til framkvæmda árið 2013 en Ártúnsskóli, leikskólinn Kvarnaborg og frístundaheimilið Skólasel verða sameinuð frá og með áramótum og árangurinn metinn með tilliti til frekari slíkra sameininga.

Þá er óbreytt tillaga um að Foldaskóli verði unglingaskóli og taki við nemendum úr Húsaskóla og Hamraskóla frá og með haustinu 2012, en sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla, Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla og Borgaskóla og Engjaskóla er frestað fram að næstu áramótum.

Gert er ráð fyrir að fjárhagsleg hagræðing á næsta ári verði rúmar 250 milljónir króna í stað um 300 milljóna eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Ekki hefur þó alfarið verið horfið frá sameiningarhugmyndum því að meirihlutinn hefur boðað til funda með foreldrum og starfsfólki á næstu vikum þar sem frekari hagræðingar verða ræddar.

Fulltrúar minnihlutans lýstu yfir óánægju sinni með að meirihlutinn héldi hugmyndunum til streitu og áheyrnarfulltrúar félagasamtaka bókuðu mismikla óánægju með framgang mála.

Til að mynda telja Börnin okkar, félag foreldra leikskólabarna, og SAMFOK, foreldrafélag grunnskóla að það skjóti skökku við að leggja út í svo umfangsmiklar breytingar gegn vilja borgarbúa á meðan blásið sé til samráðs um frekari aðgerðir.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, segir meirihlutann hafa hlustað á raddir borgarbúa og reynt að bregðast við þeim.

„Róttækum breytingum fylgir þó alltaf gagnrýni, við vorum meðvituð um það.“

Oddný bætir því við að hún vonist til þess að foreldrar og starfsfólk muni nú taka höndum saman við borgaryfirvöld í innleiðingarferlinu sem er fram undan.

**thorgils@frettabladid.is**



**BREYTT ÁFORM** Meirihlutinn hefur fækkað áformuðum sameiningum í skólakerfi Reykjavíkur eftir umsagnir hagsmunaaðila. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sameiningar leikskóla

**Eftirfarandi leikskólar verða sameinaðir samkvæmt nýjustu tillögum:**

- Drafnarborg og Dvergasteinn
- Barónsborg, Lindarborg og Njálsborg
- Hamraborg og Sólbakki
- Hlíðaborg og Sólhlíð
- Holtaborg og Sunnuborg
- Hlíðarendi og Ásborg
- Laugaborg og Lækjaborg
- Furuborg og Skógarborg
- Arnarborg og Fálkaborg
- Hálsaborg og Hálsakot
- Foldaborg, Foldakot og Funaborg

Árni Mathiesen dæmdur til að greiða hálfa milljón vegna ærumeiðinga:

# Bæturnar lækkaðar í einn sjöunda

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt Árna Mathiesen og íslenska ríkið til að greiða hæstaréttarlögmanninum Guðmundi Kristjánssyni hálfa milljón króna í bætur fyrir ærumeiðingar sem fólgnar voru í skipun Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara.

Dómurinn lækkar bæturnar niður í einn sjöunda af þeim 3,5 milljónum sem Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi Guðmundi í fyrra.

Árni skipaði Þorstein í starfið þrátt fyrir að hann hefði verið metinn tveimur hæfisflokkum neðar en nokkrir aðrir umsækjendur. Guðmundur taldi þetta fela í sér meingerð gegn æru hans, auk þess sem hann vildi skaðabætur fyrir að hafa ekki fengið stöðuna.



**ÁRNI MATHIESEN**

Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að þótt engin orð hafi verið látin falla til að vega að persónu eða æru Guðmundar verði ekki fram hjá því litið að Árna hafi mátti vera ljóst að þessar gerðir hans gætu að ófyrirsynju bitnað á orðspori Guðmundar og orðið honum þannig að meini. Þrátt fyrir það hafi hann gengið fram án þess að skeyta nokkuð um þessa augljósu hættu.

Tveir dómarar, Árni Kolbeinsson og Markús Sigurbjörnsson, skiluðu séráliti og vildu sýkna Árna og ríkið af kröfunni.

Kröfu Guðmundar um skaðabætur er hafnað þar sem ekki liggur ljóst fyrir að hann hefði fengið starfið ef Þorsteinn hefði ekki verið skipaður. **- sh**



Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

# NÚ ER TÍMI TIL AÐ
# GRILLA

**25%**
**AFSLÁTTUR AF**
**ÖLLUM**
**GRILLFYLGIHLUTUM**
**EF KEYPT ERU GRILL**
**FRÁ ELLINGSEN**
**TIL 1. MAÍ**






**YFIRBREIÐSLA**
FYLGIR MEÐ
ÖLLUM ELLINGSEN
GRILLUM

GASGRILL ELLINGSEN
Grillflötur 450x700 mm
4 brennarar, ryðfrítt stál
**15.750 kr.**
léttgreiðsla í 6 mán.
**FULLT VERÐ 94.500 KR.**



GASGRILL ELLINGSEN
Grillflötur 450x600 mm
3 brennarar
**11.650 kr.**
léttgreiðsla í 6 mán.
**FULLT VERÐ 69.900 KR.**



GASGRILL ELLINGSEN
Grillflötur 450x700 mm
4 brennarar
**13.317 kr.**
léttgreiðsla í 6 mán.
**FULLT VERÐ 79.900 KR.**



GASGRILL ELLINGSEN
Grillflötur 450x600 mm
3 brennarar, ryðfrítt stál
**14.083 kr.**
léttgreiðsla í 6 mán.
**FULLT VERÐ 84.500 KR.**



GASGRILL ELLINGSEN CB2
Grillflötur 450x467 mm
2 brennarar, ryðfrítt stál
**13.317 kr.**
léttgreiðsla í 6 mán.
**FULLT VERÐ 79.900 KR.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 110943

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar og kostakjör



KJÖTSEL
HAMBORGARHRYGGUR
898 kr/kg
áður 1.298 kr/kg

# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU **UM PÁSKANA**



NAUTA-PIPARSTEIK
40% afsláttur
2.129 kr/kg
áður 3.549 kr/kg



LAMBA-RIB-EYE
50% afsláttur
1.999 kr/kg
áður 3.998 kr/kg



GRÍSA-KÓTELETTUR
52% afsláttur
990 kr/kg
áður 2.049 kr/kg



UNGNAUTAHAKK
100% NAUTAKJÖT
33% afsláttur
1.179 kr/kg
áður 1.759 kr/kg



KJÚKLINGUR
FERSKUR
698 kr/kg
Frábært verð!



LAMBAHRYGGUR
LÉTTREYKTUR
32% afsláttur
1.498 kr/kg
áður 2.194 kr/kg



NAUTAHAMBORGARAR
4 x 90 G
34% afsláttur
395 kr/pk.
áður 598 kr/pk.



HAKKABUFF
4 STK. 340 G
28% afsláttur
395 kr/pk.
áður 549 kr/pk.



GRILL PYLSUR
10 STK. 480 G
295 kr/pk.
áður 369 kr/pk.

BRATWURSTE
220G
195 kr/pk.
áður 219 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

# [ Egg og mjólk & engifer ]



# NJÓTTU ÞÍN Í NETTÓ

**PÁSKAGLAÐNINGUR**
M/DÓTI



**169** kr/stk.
Páskar 2011

**KLETTA GOS/VATN**
2 L



**179** kr/stk.
Íslensk framleiðsla

**VÖFFLUMIX**
SVEITA 450 G




**299** kr/pk.
áður 359 kr/pk.

**COCA-COLA**
6 X 330ML

33% afsláttur



**395** kr/pk.
áður 589 kr/pk.

**HRÍSKÖKUR**
DÖKKAR/LJÓSAR
4 STK./PK.




**198** kr/pk.
áður 239 kr/pk.

**PAPRIKA**
RAUÐ

50% afsláttur



**269** kr/kg
áður 538 kr/kg

**ROYAL CRACKERS SALT**
3 X 100 G

50% afsláttur



**99** kr/pk.
áður 199 kr/pk.

**FANTA ORANGE**
**FANTA FRUIT TWIST**
6 X 330 ML

34% afsláttur



**395** kr/pk.
áður 598 kr/pk.

**NÝ BAKAÐ CROISSANT**
M/SKINKU&OSTI

50% afsláttur



**99** kr/stk.
áður 199 kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**Tilboðin gilda 14. - 17. apríl**
eða meðan birgðir endast

Hörður Arnarson sér mikil tækifæri í íslenskum orkugeira

# Orkan er olíusjóður Íslands

Gangi áætlanir eftir mun arðsemi Landsvirkjunar aukast verulega á næstu fimmtán árum. Forstjórinn **Hörður Arnarson** segir í samtali við *Jón Aðalstein Bergsveinsson* að breytt stefna fyrirtækisins geti skilað því að arðgreiðslur nemi allt að 120 milljörðum króna á ári.

Aukin eftirspurn í alþjóðlegu hagkerfi, hræðsla við nýtingu kjarnorku eftir jarðskjálftann í Japan og áhersla á endurnýtanlega orkugjafa skapa gríðarleg tækifæri fyrir Landsvirkjun á næstu fimmtán árum.

Fyrirtækið bregst við því með hugmyndum um virkjanaframkvæmdir upp á þrjú hundruð milljónir dala, jafnvirði tæpra fjörutíu milljarða króna á núvirði, að jafnaði á hverju ári allt tímabilið sem mun leiða til hagvaxtar og skapa í kringum tíu þúsund störf.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir fyrirtækið leggja fram langtímaáætlun um áframhaldandi uppbyggingu raforkiðnaðar á forsendum markaðsdrifinnar stefnu sem leiði af sér fimmtán ára hagvaxtarskeið sem ljúki árið 2025.

„Við sjáum fyrir okkur að tímabilið verði hagvöxtur meðal annars knúinn áfram af uppbyggingu iðnaðar og orkumannvirkja og hér hafi byggst upp fjölbreyttur iðnaður ásamt öflugri þekkingaruppbyggingu í tengslum við orkuvinnslu. Við sjáum fyrir okkur að raforkuvinnsla hafi verið um það bil tvöfölduð frá því sem hún er í dag og að raforkuverð til iðnaðar hafi hækkað í takt við verðþróun í Evrópu. Arðgreiðslur og skattgreiðslur Landsvirkjunar verði á bilinu fjögur til átta prósent af landsframleiðslu, að sjálfsögðu er það háð því hvernig þróast í nágrannalöndum okkar,“ segir Hörður. Miðað við landsframleiðslu í dag gæti arður ríkisins af Landsvirkjun numið sextíu til um 120 milljörðum króna á ári.

Hugmyndir þessar verða kynntar á ársfundi Landsvirkjunar í dag, virkjanakostir nefndir og farið yfir þau tækifæri sem liggja til grundvallar langtímaspá fyrirtækisins. Hörður segir nauðsynlegt að áður en lengra sé haldið sé mikilvægt að ræða þessar hugmyndir opinskátt til þess að stuðla að umræðu og sátt um möguleikana.

> Það er freistandi að horfa aðeins á hagvöxt í atvinnuleysi og gera allt til að skapa störf. En við þurfum að vera þolinmóð.

### Aukin arðsemi virkjana

Tímamót urðu hjá Landsvirkjun í fyrra. Hörður, sem tók við forstjórastarfinu af Friðriki Sophussyni í nóvember 2009, kynnti þá breytta stefnu sem stuðla á að betri sátt um starfsemi Landsvirkjunar.

Hörður sagði á opnum fundum þar sem ný framtíðarsýn var kynnt að orkuauðlindir landsins væru takmarkaðri en löngum hafi verið haldið fram, virkjað verði í sátt við þjóðina og stefnan sett á að auka arðsemi virkjana í meiri mæli en áður.

Hörður játar að arðsemin hafi ekki verið í fyrsta sæti á árum áður. Það átti sér eðlilegar og sögulegar skýringar, að hans sögn:

„Það er rétt að arðsemi orkufyrirtækja á Íslandi hefur verið lág. En raforkuverð hefur almennt verið lágt. Það mótaðist af því hvernig raforkuverð var í heiminum. Menn gátu farið til margra landa og fundið staði með tiltölulega lágu raforkuverði. Það var eðlilegt á þeim tíma,“ segir hann og bendir á að samningsaðstaða raforkuframleiðenda áður fyrr hafi verið veik. Nú horfi öðruvísi við.

### Fleiri vilja græna orku

Á fundi Landsvirkjunar í fyrra var horfið frá framkvæmdadrifinni stefnu og horft til þess hvert selja megi orkuna á samkeppnishæfu markaðsverði. Með öðrum orðum var markaðsdrifin stefna tekin upp.

„Eftirspurn hefur aukist í Asíu, sérstaklega á Indlandi og í Kína og raforkuverð hækkað síðastliðin tíu ár. Eftirspurn eftir orku í heiminum mun aukast og verðið hækka. Á sama tíma hefur samkeppnisaðstaða okkar styrkst mikið, meðal annars vegna óróaleika í Miðausturlöndum. Lönd þar kepptu við okkur um fyrirtæki enda þar mikið af ódýru jarðgasi sem laðaði til sín álfyrirtæki. Óróleikinn hefur hins vegar dregið mjög úr áhuga fyrirtækja á að fara þangað. Við höfum líka séð áhrifin af kjarnorkuslysinu í Japan. Slysið mun hafa veruleg áhrif, sérstaklega í Evrópu og gerir það að verkum að krafa innan aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) um notkun endurnýjanlegra orkugjafa mun aukast frekar. Vissulega verða byggð kjarnorkuver í framtíðinni en menn munu leita annarra og dýrari orkukosta. Það gefur okkur samkeppnisforskot,“ segir Hörður og bætir við að í samræmi við breytta stefnu muni Landsvirkjun framvegis miða við á hvað önnur fyrirtæki selji raforku.

Þessu til viðbótar horfir Landsvirkjun til þess að auka tekjur sínar verulega með sölu á svokölluðum grænum vottorðum. Þetta er söluvara innan ESB sem ætlað er að örva notkun endurnýtanlegra orkugjafa. Landsvirkjun hefur selt vottorðin á frjálsum markaði innan ESB fyrir nokkra tugi milljóna króna á ári hverju.

Hörður segir gert ráð fyrir umtalsvert meiri hagnaði, jafnvel nokkrum milljörðum króna, af sölu vottorðanna á næstu árum enda hafi ESB sett sér það markmið að ná ákveðnum hlutföllum af endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2020. Það felur í sér að einstök ríki sem ekki hafa aðgang að slíkum orkugjöfum þurfa að kaupa vottorð til að ná upp í kvótann.

### Stóra planið

Samkvæmt því framtíðarplani sem liggur á borði Landsvirkjunar nú mun raforkuframleiðsla tvöfaldast á næstu fimmtán árum, fara úr í kringum átján TWst á ári í 30 til 35.

„Við teljum að það megi tvöfalda núverandi framleiðslu með jöfnum hætti. En við verðum að fara varlega, þetta er mjög dýrmæt auðlind og alls ekki óþrjótandi,“ segir Hörður og bendir á að hugmyndir um einstaka virkjanakosti séu til umræðu innan Rammaáætlunar. Að sjálfsögu sé ekki sé stefnan að virkja á Torfajökulssvæðinu, Jökulsá á Fjöllum, við Langasjó og á öðrum umdeildum svæðum. „Það er að okkar mati ólíklegt að sátt náist hjá þjóðinni að fara inn á þau svæði.“

Hörður segir hugmyndina felast í samfelldri uppbygging u orkukosta yfir langt tímabil, þar sem ákveðinn sveigjanleiki sé hafður að leiðarljósi. fyrirhugaðar framkvæmdir með því mesta sem Landsvirkjun hafi farið út í, eða eina Búðarháls-Vatnsfellsvirkjun á ári í fimmtán ár. Þótt framkvæmdastigið geti orðið hátt ákveðin árverði hátt verður það ekkert í líkingu við byggingu Kárahnjúka þegar hagkerfið var keyrt í botn.

„Framkvæmdirnar munu vissulega hafa jákvæð hagvaxtaráhrif. En hvenær sem er getum við hægt á okkur, svo sem ef hagkerfið ofhitnar á tímabili eða eftirspurnin minnkar vegna kreppu úti í heimi. Það verður hægt að stilla þessu upp þannig að uppbyggingin verður jöfn og hentar líka íslenskum verktökum mjög vel. Þeim líkar ekki við að hafa toppa og dali,“ segir Hörður og bendir á að stefnan sé í samræmi við hlutverk Landsvirkjunar og felur í sér að hámarka arðsemina af þeim auðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir. Það sé drifkrafturinn nú, jákvæð afleiðing er hagvöxtur og sköpun starfa.

„Í gegnum tíðina hefur áhersla Landsvirkjunar verið á hagvaxtarnálgun. Þessi nýja stefna landsvirkjun beinist að því að leggja aukna áherslu á arðsemi. Það dregur ekki úr hagvexti og fjölgun starfa heldur eykur hann, að okkar mati. Það gerir það að verkum að við eigum auðveldara með að fá fjármagn. Það er lykilatriði,“ segir Hörður.

### Olíuskipi snúið við

Hörður segir að þótt Landsvirkjun geri ráð fyrir hægfara hagvaxtarskeiði fram til 2025 sé mikilvægt að vera þolinmóður og grípa ekki til skammtímalausna.

„Það er freistandi að horfa aðeins á hagvöxt í atvinnuleysi og gera allt til að skapa störf. En við þurfum að vera þolinmóð. Þetta er eins og olíuskip sem þarf að snúa. Ef við gerum það rétt gætu áhrifin orðið sambærileg og áhrifin af olíuiðnaðinum í Noregi,“ segir Hörður.



**MÁLSVARI BREYTTRAR ÁHERSLU LANDSVIRKJUNAR** Það er freistandi að horfa á hagvöxt í atvinnuleysi og gera allt til að skapa störf. Hagurinn af því að vera þolinmóður er hins vegar mun meiri, að sögn Harðar Arnarsonar forstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Raforkuverð mun hækka

Landsvirkjun verður að hækka raforkuverð í kjölfar þess að Icesave-samningurinn var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu á laugardag. Hörður segir ástæðuna þá að fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs og fyrirtækja hér muni hækka í kjölfarið.

„Fjármagnsmarkaðir verða tregir næstu misserin og við munum bíða með að draga á lán frá Evrópska fjárfestingarbankanum vegna framkvæmda við Búðarhálsvirkjun á meðan Icesave-deilan er óleyst. Við teljum hins vegar að margt í rekstri Landsvirkjunar muni hjálpa okkur að fá lán,“ segir Hörður. Landsvirkjun bjargaði sér fyrir horn í vikunni með sölu á skuldabréfi til Landsbankans. Það ber hærri vexti en lánið frá Evrópska fjárfestingarbankanum.

„Með láninu frá Landsbankanum, Norræna fjárfestingarbankanum og öðrum aðgangi að fjármagni sem við höfum teljum við að fjármögnun Búðarhálsvirkjunar sé lokið. En við þurfum að hafa mikið fyrir fjármögnun núna. Eftir því sem verkefnin verða arðbærari þeim mun auðveldara verður fyrir okkur að fá fjármagn. En það er ljóst að raforkuverð þarf að vera hærra en það var. Við höfum engin ákvæði til að hækka verðið á núverandi samningum nema við endurskoðun þeirra,“ segir Hörður.

GEÐHJÁLP

Tilkynning:

Aðalfundur Geðhjálpar verður haldinn á morgun, laugardaginn 16. apríl

Dagskrá fundarins er hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins. Sjá nánar á gedhjalp.is

Fundurinn hefst klukkan 14:00 að Túngötu 7 og er opinn öllum félagsmönnum.

Stjórn Geðhjálpar


ÚTILÍF
SUMARIÐ ER AÐ KOMA
HJÓLADEILDIN ER Í HOLTAGÖRÐUM.
SUMARIÐ ER TÍMI ÚTIVISTAR OG HREYFINGAR. ÞÚ FÆRÐ ALLAR TEGUNDIR REIÐHJÓLA, HJÓLAFATNAÐAR, HJÁLMA OG AUKAHLUTA Í ÚTILÍF.
TILBOÐ: 18.392 KR.
LADY BUG
12“ barnahjól.
Almennt verð: 22.990 kr.
TILBOÐ: 18.392 KR.
FALCON BLUSH
12” barnahjól.
Almennt verð: 22.990 kr.
TILBOÐ: 18.392 KR.
HOT ROD
12“ barnahjól.
Almennt verð: 22.990 kr.
TILBOÐ: 20.792 KR.
MISS DAISY
16” barnahjól.
Almennt verð: 25.990 kr.
TILBOÐ: 20.792 KR.
LASER 1.6
16“ barnahjól.
Almennt verð: 25.990 kr.
TILBOÐ: 23.992 KR.
LASER 2.0
20“ barnahjól.
Almennt verð: 29.990 kr.
TILBOÐ: 31.992 KR.
X20
20“ barnahjól.
Almennt verð: 39.990 kr.
TILBOÐ: 34.392 KR.
X24
24“ barnahjól.
Almennt verð: 42.990 kr.
MINNA ÚRVAL Í KRINGLU OG SMÁRALIND.
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 54607 04/11
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins:

## Framlag til betra samfélags

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í gær. Markmiðið með því að veita Samfélagsverðlaun hefur frá upphafi verið að vekja athygli á góðum verkum sem unnin eru í samfélaginu, oft í svo miklu hljóði að fáir vita af þeim aðrir en þeir sem njóta.

Með veitingu Samfélagsverðlauna er kastljósinu beint að þeim samborgurum okkar sem leggja meira á sig en þorri fólks til þess að láta gott af sér leiða. Sumt af þessu fólki hefur fundið sér farveg í starfi þar sem framlag þess er heldur meira en til er ætlast eða í frumkvöðlastarfi þar sem allt hefur verið lagt í sölurnar til að sjá hugsjónirnar verða að veruleika. Aðrir eru virkir í félagasamtökum þar sem þeir láta gott af sér leiða og enn aðrir vinna góðverk sín einir og sér.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Fyrirkomulag Samfélagsverðlaunanna hefur verið hið sama frá upphafi. Í ársbyrjun er lýst eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna frá lesendum. Með því er efnt til samtals við lesendur blaðsins og þeir beðnir að nefna til sögu einstaklinga og félagasamtök sem þá langar að vekja athygli á, ekki síst vegna þess að starf þeirra er til eftirbreytni fyrir aðra. Lesendur bregðast jafnan vel við og senda inn fjölda tilnefninga. Svo var einnig í ár.

Þegar tilnefningafrestur er úti tekur dómnefnd við. Hún velur úr tilnefningum og útnefnir þrjá í hverjum hinna fjögurra flokka sem Samfélagsverðlaunin eru veitt í, Hvunndagshetju, Frá kynslóð til kynslóðar, Til atlögu gegn fordómum og Samfélagsverðlaununum sjálfum. Auk þess eru veitt heiðursverðlaun fyrir ævistarf.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins komu að þessu sinni í hlut Reykjadals í Mosfellsdal. Í Reykjadal starfar drífandi hópur ungs metnaðarfulls fólks. Það kom sér vel þegar útlit var fyrir að leggja þyrfti vetrardvöl barna í Reykjadal af vegna fjárskorts. Þá efndi starfsfólkið til áheitagöngu og tókst að safna fé til að halda starfseminni gangandi í vetur.

Ásmundur Þór Kristmundsson var valin Hvunndagshetja vegna þess afreks síns að bjarga erlendum ferðamönnum sem höfðu fest bíl sinn í Krossá og hætta með því lífi sínu.

Jón Stefánsson hlýtur í ár verðlaun í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar. Í kórstarfi sínu í Langholtskirkju hefur hann opnað heim tónlistarinnar fyrir fjölda barna og sum þeirra hafa svo lagt tónlistina fyrir sig síðar.

Í flokknum Til atlögu gegn fordómum komu verðlaunin í hlut Listasmiðjunnar Litrófs sem starfar í Fella- og Hólakirkju. Í listasmiðjunni er stuðlað að vináttu og sterkari tengslum milli barna af erlendum uppruna og íslenskra barna.

Heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins féllu Jennu Jensdóttur, kennara og rithöfundi, í skaut. Hún átti langan og farsælan kennsluferil auk þess að rita á þriðja tug barnabóka í félagi við mann sinn, Hreiðar heitinn Stefánsson.

Verðlaunahafarnir eru fulltrúar þeirra fjölmörgu sem leggja lóð sem um munar á vogarskálar þess að búa hér til betra samfélag. Það framlag ber að þakka.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

EKKI GERA EKKI NEITT.IS

Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is

motus – leysum málin

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Höskuldur

Stjórnmálamenn eiga það til að segja eitt í dag en annað á morgun. Á þriðjudag sagði Höskuldur Þórhallsson í þingræðu: „Væri þá ekki réttast, í ljósi þess að ég treysti ekki ríkisstjórninni, að hér kæmi fram vantraustsyfirlýsing … Hinn eðlilegi farvegur slíkrar tillögu væri að hún kæmi frá formanni stærsta stjórnarandstöðuflokksins á Alþingi og ég fagna því að hún er nú komin fram. Hún verður að koma úr þeirri átt til að mark sé á henni takandi.“



### Daginn eftir

Þegar Höskuldur greiddi atkvæði um tillöguna, sem sannarlega kom frá formanni stærsta stjórnarandstöðuflokksins, var komið annað hljóð í strokkinn. Nú var grunnur hennar veikur þar sem það var Sjálfstæðisflokkurinn sem lagði hana fram en hann hafði, að meginstofni til, fylgt ríkisstjórninni að málum í Icesave. Og Höskuldur hélt áfram: „Hún er líka að mínu mati með öllu ótímabær, vegna þess að ef menn hefðu beðið og andað með nefinu, þá tel ég að það hefði verið hægt að leggja fram hér síðar á þessu þingi vantrauststillögu sem hefði getað leitt það af sér að ríkisstjórnin hefði farið frá völdum.“



### Að gefnu tilefni

„Nenntu ekki að sitja undir umræðunum,“ var fyrirsögn fréttar hér í blaðinu í gær. Var þar vísað til þess að enginn sextán þingmanna Sjálfstæðisflokksins var í þingsalnum þegar í það minnsta einn þingmaður hóf mál sitt í umræðunum um vantrauststillöguna. Svo því sé til haga haldið var Bjarni Benediktsson og hans fólk víst að hlusta, bara ekki í þingsalnum heldur í matsal Alþingis. bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Samsteypustjórnir krefjast málamiðlana

Stjórnmál



Margrét S. Björnsdóttir
formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Langt er síðan við fengum tækifæri til að sprengja vinstri stjórn, það verður skemmtilegt,“ sagði við mig gamalreyndur sjálfstæðismaður, þegar Jóhanna og Steingrímur mynduðu ríkisstjórnina 2009.

Áformin mjakast, þrír þingmanna VG hafa yfirgefið stjórnina. Sumir vegna ESB-aðildarumsóknar, sem VG samþykkti með ríkisstjórnarsáttmálanum, um leið og flokkurinn áskildi sér rétt til að vera á móti þegar til þjóðaratkvæðagreiðslu kæmi. Önnur í þremenningahópnum bera við flokksaga og kalla foringjaræði. En er slíkt annað en skuldbinding við gerða samninga, sem hlýtur að vera meginregla flokka sem vilja axla ábyrgð í samsteypuríkisstjórnum? Ef allir færu alltaf eftir eigin geðþótta (sem sumir kalla samvisku), er lítið að marka kosningar milli flokka og samsteypustjórnir virkuðu ekki.

En skyldu félagsmenn VG vera sáttir? Ætla þeir að horfa á nokkra þingmenn eyðileggja VG sem stjórntækan flokk er axlar ábyrgð á erfiðum tímum? Vilja þeir að flokkurinn sé dæmdur frá mögulegum áhrifum og ríkisstjórnarþátttöku á komandi árum? Eru þeir ekki eins og við flest í Samfylkingunni, bærilega sáttir við árangur sem náðst hefur í þröngri stöðu. Árangur sem þau Jóhanna og Steingrímur, sem bæði standa sig mjög vel, gerðu grein fyrir í vantraustsumræðunni: Jöfnuður hefur aukist, efnahags- og kjaramál á réttri leið, margvísleg málefni kvenna lagfærð, réttarbætur komist á fyrir innflytjendur, stjórnkerfisumbætur og lýðræðismál komin á rekspöl, rammaáætlun um nýtingu orkuauðlinda og langþráðar umbætur á fiskveiðistjórnunarkerfinu í sjónmáli.

Telja þingmennirnir þrír að betri árangur náist í baráttumálum VG í öðru ríkisstjórnarsamstarfi? Eða er þeim kannske alveg sama? Aðalatriðið sé að raddir þeirra heyrist, þau láti ekki kúga sig til málamiðlana?

Allir sjá hvernig ritstjóri Morgunblaðsins hefur tekið stjórnarandstöðuna í VG uppá sína arma, hampar henni sífellt á síðum blaðsins. Með þeim árangri að þingmennirnir þrír telja sig í fararbroddi mikilsverðrar þjóðmálahreyfingar gegn ríkisstjórninni.

Við þurfum, bæði í Samfylkingu og VG að fara yfir árangur ríkisstjórnarinnar og meta hvort þau áhrif sem við höfum þar, réttlæti málamiðlanir sem báðir flokkar hafa gert. Ég er ekki í vafa um, að niðurstaðan verður sú að þessu samstarfi beri að halda áfram. Þó ekki sé allt eins og við helst kysum, er árangurinn umtalsverður og síst ástæða að láta andstæðinga ríkisstjórnarinnar ráða ferðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sjálfbært atvinnuleysi

Í DAG
Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur



Mér er sagt að það hafi tekið mörg ár að venja Íslendinga af því að spara. Fátækt fólk fær ekki lán, það þarf að spara. En svo spöruðu menn enn, af gömlum vana, löngu eftir að það hætti að vera rökrétt.

Málshátturinn „Græddur er geymdur eyrir“ bergmálaði í hugum fólks á tímum taumlausrar verðbólgu. Verðbólgan át upp námslán og húsnæðislán einnar kynslóðar og sparifé annarrar. Geymdur eyrir eins varð græddur eyrir annars.

Á endanum tókst að troða nýjum málshætti í heila fólks, málshætti sem byggði á reynslu: „Lán er mikið lán.“

Það tók tíma að fá fólk til að hætta að spara. Nú er uppi stórfellt átak í því að venja fólk af því að vinna. Það gengur raunar hægt.

Margir vilja enn vinna af gömlum vana þrátt fyrir að margt gáfulegra megi gera við tímann fyrir litlu minni pening. Íslendingar eru, þrátt fyrir allt, undarlega atvinnuglöð þjóð. En dropinn holar steininn.

Atvinnuleysisbætur eru enn tekjutengdar í nokkurn tíma eftir atvinnumissi. Það tímabil sem menn geta þegið bætur hefur verið lengt.

Sveitarfélög kappkosta við að gera líf atvinnulausra viðburðaríkara með því að gefa þeim frítt í sund og lokka þá inn á bókasöfn.

Það var skiljanlegt að fyrstu mánuði eftir bankahrunið hafi menn verið að gera allt sem hægt var til að dempa mestu höggin, og hindra það að götur fylltust af fólki, raðauglýsingar fylltust af íbúðaruppboðum, meðan íbúðirnar sjálfar stæðu auðar. Auðvitað var það að einhverju leyti skynsamlegt. En allur þunginn nú ætti að vera á það að koma atvinnulífinu í gang, frekar en á það að breiða úr öryggisnetinu og gera lendinguna í því mýkri og þægilegri.

Tryggingargjald hefur verið marghækkað, meðal annars til að standa straum af stórauknum kostnaði vegna atvinnuleysisbóta. Hið opinbera má hugsanlega veita fólki einhverja lágmarkstryggingu, en eru tekjutengdar atvinnuleysisbætur ekki einfaldlega góðærismunaður? Eigum við nokkuð efni á slíku lengur? Fólk mætti hafa val um viðbótartekjutryggingu í sjálfstæðum sjóðum en hið opinbera á ekki að veita fólki slíka tryggingu og rukka það um hana. Það á ekki að hella meiru eldsneyti í opinbera atvinnubótakerfið. Það er ekki endilega víst að sú vél sé hagkvæmust á fullum snúningum.

Raunverulegir fjárhagslegir hvatar til að fá vinnu eða hefja eigin rekstur þurfa að vera meiri. Þess í stað eru flest stjórnvöld föst í kjarajöfnunar- og tekjutengingaráráttu sem hefur öfug áhrif. Ég hef til dæmis heyrt að í borgarstjórn Reykjavíkur séu margir spenntir fyrir aukinni tekjutengingu gjaldskráa. Það eru vondar hugmyndir. Eins og fram kom í nýlegri grein minni hér í Fréttablaðinu skilar einstaklingur með tekjur á bilinu 100-250 þúsund á mánuði næstum því 90 af þeim 100 krónum sem hann þénar aukalega aftur inn í kerfið. Muni sveitarfélög ákveða til dæmis að tekjutengja leikskólagjöld um 10% er allur ávinningur láglaunafólks af því að bæta við sig vinnu farinn.

Prósenturnar eru nefnilega bara 100, sama hvernig menn reikna. Og ef allar prósenturnar hundrað eru notaðar í þágu kjarajöfnunar verður ekkert eftir. Það er ekki gott.

Samspil bóta, skatta og tekjutengingar gerir það til dæmis að verkum að munur á fjölskyldutekjum hjóna þar sem annað vinnur en hitt þiggur bætur hins vegar og hjóna þar sem bæði vinna á lágum eða miðlungslaunum hins vegar er lítill. Menn þurfa að skila átta tímum, fimm daga vikunnar, koma sér til og frá vinnustað til að hækka í ráðstöfunartekjum um örfáa tugi þúsunda. Enda finnst mér sem margir þeirra sem leita sér að vinnu í kringum mann rökstyðji það með því að þeir vilji „hafa eitthvað að gera“ frekar en að þeir vilji „hafa eitthvað að borða“.

Sé allrar sanngirni gætt þá eru öll skrif um réttlátari, eða árangurstengdari, skiptingu kökunnar innantómt þvaður, sé kakan engin. Og vissulega er minna um atvinnu nú um stundir en oft áður. En sú stefna að hækka sífellt launatengd gjöld í því skyni að fjármagna tekjutengdar bætur og langtímaatvinnuleysi er ekki sú kökugerð sem líklegust er til árangurs.

# Um leikmenn og lögspekinga

Stjórnlagaráð
Sigurður Líndal
Lagaprófessor



Í grein hér í blaði 12. apríl bregzt stjórnlagaráðsmaðurinn Lýður Árnason við tveimur greinum mínum 17. marz og 9. apríl, þar sem skipun stjórnlagaráðs var gagnrýnd, meðal annars með þessum orðum:

„Úrskurði Hæstaréttar var enn fremur hlýtt og umboð stjórnlagaþingmanna afturkallað. Að segja úrskurðinn hundsaðan er því hrein og bein della. Bein skipan í stjórnlagaráð var einungis önnur leið að markmiðinu. Enda úrskurðaði Hæstiréttur aldrei neitt gegn stjórnlagaþinginu sem slíku, einungis kosningum til þess. Finnst dapurlegt að margreyndur lögspekingur skuli þurfa leikmann til að segja sér þetta.“

Í grein minni í Fréttablaðinu 17. marz sl. sagði ég meðal annars þetta:

„Nú liggur fyrir þingsályktun um að skipa 25 manna stjórnlagaráð [hún var síðar samþykkt] og binda skipun þeirra og varamanna við þá sem hlutu kosningu til stjórnlagaþings eða með öðrum orðum binda kjörið við hóp manna sem hlutu ógilda kosningu og eru því umboðslausir. Með þessu er Alþingi í reynd að fella ákvörðun Hæstaréttar úr gildi og ganga inn á svið dómsvaldsins. Jafnframt virðir Alþingi ekki þrískiptingu ríkisvaldsins og brýtur þannig gegn stjórnarskránni eða að minnsta kosti sniðgengur hana. Um leið ómerkir þingið eigin ákvörðun um að fela Hæstarétti endanlegt ákvörðunarvald. Ekki bætir úr þótt einhverjar málamyndabreytingar hafi verið gerðar á hlutverki stjórnlagaráðs frá því sem ákveðið var um stjórnlagaþing.“

Ég læt lesendum eftir að leggja mat á framangreind skrif, en vil þó leggja áherzlu á tvennt: Með því að binda kjörið við þá sem voru ólöglega kjörnir og þar af leiðandi umboðslausir er ákvörðun Hæstaréttar hnekkt. Bein skipan í stjórnlagaráð er að mati Lýðs einungis „önnur leið“ að markmiðinu – eða með öðrum orðum: Ef markmiði verður ekki náð löglega er lögbrot einungis „önnur leið“ til að ná því. Mér skilst að einmitt þessar „aðrar leiðir“ hafi löngum verið farnar bæði í stjórnarháttum og viðskiptum í aðdraganda hrunsins og það átt drjúgan þátt í því. Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, hefur síðan brugðið upp þeirri myndlíkingu að fylgni við stjórnlög sé eins og að lenda í hríðarbyl, en skjólið sé í stjórnlagabroti. – Þá höfum við það.

> Með því að binda kjörið við þá sem voru ólöglega kjörnir ... er ákvörðun Hæstaréttar hnekkt.



# Sem betur fer

Orkumál

Svavar Gestsson

Fyrrverandi ráðherra



Sem betur fer – eða hvað? – virðast allir hafa gleymt þessu:

Á árunum fyrir 1960 var kannað hvernig unnt væri að koma fyrir litlu kjarnorkuveri til orkuframleiðslu í Vestmannaeyjum. Um var að ræða kjarnorkuver með 26,2 megavatta varmaafli eða 5,6 megavatta rafafli. Þetta tæki átti að nýta létt vatn og auðgað úraníum svipað og er í orkuverunum í Japan, sem eru að nokkru leyti komin vel til ára sinna.

Hugmyndin var að nota varmaaflið fyrir hitaveitu þegar rafaflið væri ekki að fullu nýtt. Rafmagnsveitur ríkisins skoðuðu málið sérstaklega. Vinna var líka á borðum Kjarnfræðanefndar en hún var stofnuð 1956 eftir Genfarfundinn um friðsamlega notkun kjarnorku 1955. Björn Kristinsson, rafmagnsverkfræðingur, þá framkvæmdastjóri nefndarinnar og seinna prófessor við Háskóla Íslands, vann greinargerð fyrir nefndina um orkuverið. Nefndin var lögð niður 1964.

Hugsanleg áhrif vetnissamruna (kjarnasamruna) á íslenskt efnahagslíf voru rædd í fullri alvöru á þessum árum. Menn trúðu á tímabili að stillanlegur vetnissamruni væri rétt handan við hornið. Þetta gat þýtt að best væri að koma innlendri orku í verð áður en það yrði of seint og hafði bein áhrif á orkusölu til stóriðjunnar. Og viðhorf til raforkuverðs.

Í umræðunum um orkuverð til álversins í Straumsvík tókust á nokkur meginsjónarmið. Áhersla var lögð á að nauðsynlegt væri að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið eins og það var kallað. Talið var að efnahagslífið væri of veikt með því að treysta á sjávarútveginn einan. Var mikið til í því. Sumir bentu reyndar á möguleika ferðaþjónustunnar. Það voru ekki talin veigamikil rök á þeirri tíð. Nú er ferðaþjónustan að rísa yfir allar aðrar atvinnugreinar í gjaldeyrisöflun. Andstæðingar stóriðjuversins á sjöunda áratugnum voru hins vegar ekki á móti stóriðjunni sem slíkri heldur í fyrsta lagi allt of lágu orkuverði til álversins og í öðru lagi báru einhverjir – en fáir – fram umhverfisrök; álverið mengar. Og í þriðja lagi voru margir andvígir álverinu af því að það var og er í eigu útlendinga. Sú röksemd heyrist sjaldan nú orðið. En hinar eru áfram á sínum stað. Sú sem snýr að orkuverðinu hefur hins vegar orðið örlagaríkust. Verðið fyrir raforkuna á Íslandi hefur verið allt of lágt.

Það er enn allt of lágt. Sú staðreynd á að nokkru leyti rætur að rekja til þess að einhverjir töldu að kjarnorkan væri að koma; að hún myndi eftir skamma stund gera íslensku orkulindirnar verðlausar. Sem betur fer urðu þeir ekki sannspáir sem héldu slíku fram. Kjarnorkuver í Vestmannaeyjum varð aldrei til nema á fáeinum minnisblöðum. Þetta kjarnorkuver hefði aldrei orðið neitt í samanburði við þau sem seinna urðu til um allan heim. En Íslendingar könnuðu þessa slóð. Minnisblöðin eru til.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Hólmsheiði/Almannadalur, Fjárborg

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi „Hólmsheiði/Almannadalur/Fjárborg“. Í breytingunni felst að loftunargerði eru stækkuð við hesthús við Almannadalsgötu að vestanverðu. Skilyrði verða sett um að lóðarhafar gangi frá landmótun að reiðleið á eigin kostnað. Gerði við nyrsta staka húsið stækka til norðurs um þrjá metra. Breytingar munu ekki hafa áhrif á lóðarmörk.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 15. apríl 2011 til og með 31. maí 2011.** Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 31. maí 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 15. apríl 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

# Norðurlönd vísa veg til sjálfbærni

Á hverju ári er haldinn alþjóðlegur ofneysludagur um allan heim. Það er sá dagur ársins þegar neyslan fer yfir þolmörk jarðar. Árið 2010 var þessi dagur 21. ágúst og hvert ár færist hann framar. Þessi þróun getur ekki haldið áfram en hvernig breytum við um stefnu?

Sjálfbær þróun er svarið og þar eru Norðurlönd í fararbroddi. Á undanförnum áratugum hafa Norðurlönd sýnt fram á að það er hægt að ná auknum hagvexti án þess að íþyngja umhverfinu. Hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun styður þannig við norræna velferðarkerfið, þar sem markmiðið er að bæta lífsgæði án þess að ganga á auðlindir jarðar.

Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun var kynnt árið 2001. Það var jafnframt í fyrsta sinn sem nokkur lönd tóku sig saman um að taka stefnuna á sjálfbært samfélag. En hvar erum við stödd núna, og hvaða aðgerðir eru í gangi á norrænum vettvangi?

Heildar koltvísýringslosun Norðurlanda minnkar stöðugt samtímis því að hlutur endurnýjanlegra orkugjafa eykst, lífrænn landbúnaður er í sókn og umhverfismerktum vörum á markaði fjölgar. Lífslíkur íbúa aukast og það sama á við um menntunarstig. Allt eru þetta vísbendingar um að við séum á réttri leið. Við verðum þó að leggja okkur betur fram ef við ætlum að tryggja sjálfbært samfélag til framtíðar.

Við þurfum að bæta samgöngukerfið með öflugri almenningssamgöngum og umhverfisvænum orkulausnum. Við þurfum að auðvelda neytendum að velja sjálfbærar og hollar vörur, t.d. með notkun norræna umhverfismerkisins Svansins og með því að halda á lofti nýrri norrænni matargerðarlist.

Framleiðendur og neytendur verða áfram að bera kostnað af því álagi á umhverfið sem hlýst af gerðum þeirra. Það hvetur til betri umgengni við umhverfið og ýtir undir þróun nýrrar umhverfistækni. Yngsta kynslóðin þarf að læra snemma hvernig á að haga sér í heimi þar sem fleira fólk þarf að deila með sér færri auðlindum.

Leiðin inn í sjálfbæran heim hefst í nærsamfélaginu. Á Norðurlöndum má finna fjölmörg dæmi um staðbundin sjálfbærniverkefni. Fyrir nokkrum árum stefndi í óefni í sænsku borginni Malmö, vinnustöðum fækkaði og heilu hverfin voru í niðurníðslu. Með markvissu starfi og uppbyggingu borgarhluta sem eru nú félagslega, efnahagslega og umhverfislega sjálfbærir tókst að snúa þessari þróun við. Fyrir vikið var borgin verðlaunuð af Sameinuðu þjóðunum.

Í Nuuk á Grænlandi hafa menn sett sér það markmið að verða fyrsti koltvísýringshlutlausi höfuðstaður í heimi. Tampere í Finnlandi fékk nýlega viðurkenningu fyrir aðgerðir sínar til að fá íbúa til að draga úr koltvísýringslosun. Loks má nefna að Norræna ráðherranefndin ýtti nýlega úr vör samkeppni milli sveitarfélaga á Norðurlöndum um vistvæna orkunotkun.

Sjálfbærni og lausnir á loftslagsvandanum nást þó ekki eingöngu með staðbundnum verkefnum. Til þess þarf svæðisbundið og hnattrænt samstarf. Norðurlönd vilja ná metnaðarfullum loftslagsmarkmiðum fyrir næstu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í desember og norrænn sérfræðingahópur vinnur að því að móta viðræðugrundvöll út frá norrænum markmiðum.

Norræna ráðherranefndin tekur einnig þátt í fundum sjálfbærninefndar Sameinuðu þjóðanna,

> Sjálfbær þróun er svarið og þar eru Norðurlönd í fararbroddi.

og áætlanir eru uppi um norrænt átak í tengslum við alþjóðaráðstefnu um sjálfbæra þróun í Ríó árið 2012. Tækifæri Norðurlanda til að taka forystuna á alþjóðavettvangi eru því fjölmörg.

Norðurlönd verða einnig að vinna með Eystrasaltsríkjunum og ESB, ásamt því að þróa sameiginlegar aðgerðir til að stuðla að sjálfbærri þróun í þróunarríkjunum og meðal frumbyggja. Nordic Climate Facility – sem styrkir loftslagsverkefni í þróunarríkjunum – er dæmi um norrænt samstarf eins og það gerist best.

Því er haldið fram að sífellt dragi úr þýðingu norræns samstarfs vegna hnattvæðingar og aukins ESB samruna. Við teljum að þessu sé einmitt þveröfugt farið: Sífellt hnattvæddari heimur og stærra ESB eykur mikilvægi norrænnar samvinnu.

Við eigum því að bregðast við loftslagsvandanum og leitast við að skapa sjálfbærara þjóðfélag á þann árangursríka og sveigjanlega hátt sem einkennir Norðurlönd, því saman náum við betri árangri og meiri áhrifum á alþjóðavettvangi.

*Samstarfsráðherrar Norðurlanda:*
*Katrín Jakobsdóttir, Ísland*
*Karen Elleman, Danmörk*
*Jan Vapaavuori, Finnland*
*Jacob Vestergaard, Færeyjar*
*Palle Christiansen, Grænland*
*Rigmor Aasrud, Noregur*
*Ewa Björling, Svíþjóð*
*Veronica Thörnroos, Álandseyjar*






# 25% afsláttur

af EJ sófum í apríl

Erik Jørgensen

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal









ÞAÐ GETA EKKI ALLIR BANANAR VERIÐ CHIQUITA BANANAR!

*Fersk með flugi!*

Jarðarber í lausu.
Þú velur sjálfur!



Skemmtilegar RIO teygjur fylgja með hverjum poka af bönunum!

TILBOÐ
JARÐARBER Í LAUSU
**1.398** kr/kg.



*Kveiktu á perunni, borðaðu ávexti!*







TILBOÐ
RISAPÁSKAEGG 1,4 KG
**3.998** kr/stk.



TILBOÐ
HÁTÍÐARBLANDA
**99** kr/stk.



ELDHÚSRÚLLUR
**399** kr/pk.

ILLY KAFFI
ÚRVALS ÍTALSKT KAFFI
BAUNIR, PÚÐAR OG BOX







TILBOÐ
NÓA KONFEKT 1 KG
**2.799** kr/pk.



TILBOÐ
FLORIDANA 1 LTR.
**229** kr/stk.




TILBOÐ
BERRY COMPANY SAFAR
**379** kr/stk.

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 17. apríl á meðan birgðir endast.




# GRÍSALUND MEÐ HNETUSMJÖRI OG MANGÓ CHUTNEY fyrir 4

*að hætti Rikku*

2 msk sojasósa
2 msk hnetusmjör
1 tsk þurrkaðar chili-aldin flögur
2 hvítlauksrif, pressuð
800 g grísalund
200 g mangó chutney

Stillið ofninn á 180°C. Blandið sojasósu, hnetusmjöri, chili-aldin flögunum og hvítlauk saman í skál og smyrjið á grísalundina. Bakið lundina í 20 mínútur, smyrjið mango chutneyinu á og bakið áfram í 15 mínútur. Gott er að bera lundina fram núðlum eða með fersku salati.




NÆRINGARGILDI LDS
Kcal: 426/ 21% LDS*
Prótein: 46.4 g/ 93% LDS
Fita: 10 g/ 16% LDS
Kolvetni: 38 g/ 13% LDS
Trefjar: 1.3 g/ 5% LDS
Þíamín: 1.5 mg/ 100% LDS
Níasín: 16.3 mg/ 81% LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.




**Lambasteikur - úrbeinað læri**
Skógarberja eða Marokkó kryddlegið




**Hamborgarar**
2 stk 120g með sósu og brauði




**Grísahnakkasneiðar**
kryddlegnar




**Lambalæri og hryggir**
af nýslátruð




Þessar frábæru sósur loksins aftur í Hagkaup!



"We're Talkin' Serious"
Bone Suckin'

INNIHELDUR:
ekkert glúten
engan hvítan sykur
engin rotvarnarefni
engar transfitusýrur
enga fitu













amerískt sinnep













**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**81 VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR** fyrrverandi forseti er 81 árs.
*„Að vera Íslendingur er meðal annars að gleyma aldrei uppruna sínum.“*

## Fyrirlestur um sjö þúsund mál jarðar

Peter Austin, prófessor við University of London, heldur opinn fyrirlestur um hin sjö þúsund tungumál jarðar í Hátíðarsal Háskóla Íslands klukkan 12.15. Fyrirlesturinn er fluttur á ensku og heitir „7,000 Languages: Linguistic and cultural diversity from global and local perspectives“.

Peter Austin er einn af fremstu málvísindamönnum sinnar tíðar og jafnframt einn af ráðgjöfum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um alþjóðlega tungumálamiðstöð. Hann er líka ritstjóri bókarinnar „Eitt þúsund tungumál“ sem kom út í íslenskri þýðingu Baldurs Ragnarssonar fyrir jól, hjá Bókaútgáfunni Opnu.

Áður en fyrirlesturinn hefst mun Vigdís Finnbogadóttir, formaður Styrktarsjóðs Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, tilkynna um fyrstu úthlutun úr sjóðnum og afhenda styrki til fimm verkefna sem öll tengjast rannsóknum á tungumálum og menningu.




**ÞÚSUND TUNGUMÁL** Peter Austin heldur fyrirlestur um hin sjö þúsund tungumál jarðar.

**ÞETTA GERÐIST:** 15. APRÍL ÁRIÐ 1785

## *Skálholtsskóli lagður niður*

Skálholtsskóli var lagður niður samkvæmt konungsúrskurði þennan dag árið 1785. Þá hafði verið rekinn þar skóli frá seinni hluta 11. aldar og til 1785. En líklega þó ekki óslitið nema frá árinu 1552. Skálholtsskóli og Hólaskóli voru helstu menntastofnanir þjóðarinnar en hlutverk þeirra var að mennta menn til prests en einnig undirbúningur undir framhaldsnám erlendis.

Árið 1775 var orðið þröngt í búi og ástand húsa bágborið. Hallæri var í landinu og í Suðurlandsskjálftanum árið 1784 hrundu öll hús nema dómkirkjan í Skálholti. Þá féll niður allt skólahald um veturinn og ekki var ráðist í endurbætur um sumarið. Skólinn og biskupsstóllinn voru því fluttir til Reykjavíkur.

Gísli Thorlacius Þórðarson, sonarsonur Þórðar Þorlákssonar biskups, var skólameistari Skálholtsskóla þegar hann var lagður niður en Gísli var skipaður haustið 1784. Hann varð skólameistari Hólavallarskóla, sem tók við starfsemi skólans haustið 1785.

*Heimild: wikipedia.org*





**KOMST YFIR HRÆÐSLUNA** Anna Kristine Magnúsdóttir er nýr formaður Kattavinafélags Íslands. Hún var dauðhrædd við ketti á árum áður þar til lítill kettlingur bræddi hjarta hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ANNA KRISTINE MAGNÚSDÓTTIR: NÝR FORMAÐUR KATTAVINAFÉLAGSINS

# VAR DAUÐHRÆDD VIÐ KETTI

Anna Kristine Magnúsdóttir blaðakona er nýr formaður Kattavinafélags Íslands. Hún tekur við af Sigríði Heiðberg sem lést fyrr á þessu ári, en hún hafði gegnt formennsku félagsins í yfir tuttugu ár. Anna segir að erfitt verði að feta í fótspor Sigríðar en þær voru góðar vinkonur. Hún hlakkar þó jafnframt til að takast á við verkefni félagsins enda hafi hún ákveðnar skoðanir þegar kemur að málefnum dýra.

„Það er mikill heiður að vera málsvari málleysingja, einkum þar sem mér finnst almennt illa talað um gæludýr hér á landi,“ segir Anna og bendir á að daglega séu kettir skildir eftir í reiðileysi á tröppum Kattholts.

„Þó að ég sé formaður Kattavinafélagsins ætla ég að beita mér fyrir vernd allra dýra og hef þegar óskað eftir fundi með umhverfisráðherra til að ræða ný dýraverndunarlög sem eru í smíðum. Eins langar mig til að vinna í því að ekki sé alls staðar bannað að vera með gæludýr, eins og í fjölbýlishúsum, því rannsóknir sýna að fólki sem á gæludýr líður almennt betur.“

Sjálf er Anna mikil kattakona og hefur verið félagi í Kattavinafélaginu um árabil. Hún hefur þó ekki alltaf verið hrifin af köttum og forðaðist þá meira að segja í lengstu lög.

„Ég var dauðhrædd við ketti og hljóp yfir götu frekar en að mæta þeim,“ segir hún hlæjandi. „Dóttir mín var aftur á móti kattasjúk og ég gat ekki sagt nei þegar henni bauðst að eignast kettling sem annars hefði átt að svæfa. Ég sat svo með kettlinginn í fjórar vikur og gaf honum heita mjólk úr pela. Upp frá því hef ég elskað ketti og þessi læða varð allra kellinga elst, 19 ára. Síðustu fjögur ár hef ég svo verið „ráðskona“ hjá hefðarketti meðan eigendur hans eru í vinnu erlendis. Ég er miklu verri en ef ég væri með ungbarn heima og lít stanslaust á klukkuna ef ég fer út á kvöldin,“ segir hún og hlær.

Anna bætir þó við að öllu gamni slepptu þá fylgi mikil ábyrgð því að eiga gæludýr sem fólk hugsi oft ekki til enda.

„Það er ekki bara gaman að eiga dýr og fólk áttar sig ekki á þessu þegar börnin biðja um gæludýr í jólagjöf. Þeim fylgir kostnaður og læknisheimsóknir og þau þarf að annast á hverjum einasta degi,“ segir Anna og bendir á heimasíðu Kattholts, kattholt.is Þar sé að finna gagnlegar upplýsingar fyrir fólk að kynna sér áður en dýr kemur inn á heimilið.

„Ég mæli með að fólk skoði málið áður en það fær sér dýr en á morgun milli klukkan 11 og 16 verður einmitt ættleiðingardagur og basar í Kattholti. Sjálf gæti ég ekki hugsað mér að koma heim nema það biði mín fjórfættur einstaklingur. Dýr elska mann skilyrðislaust.“

heida@frettabladid.is




†

*Bróðir minn, mágur og frændi*

**Sigurður Júlíus Larsen**
frá Hjalteyri,

lést mánudaginn 4. apríl síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Starfsfólki dvalarheimilanna Kjarnalundar og Hlíðar er þökkuð umönnun og alúð og Karlakór Akureyrar – Geysir og Kirkjukór Möðruvallaklausturskirkju þakkaður auðsýndur sómi.

**Kristján og Brynhild Larsen, börn og fjölskyldur.**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför*

**Guðmundar Sveinssonar**
frá Gröf í Þorskafirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Barmahlíðar fyrir frábæra umönnun.

**Halldóra Guðjónsdóttir og fjölskylda**

†



*Af hug og hjarta þakkar fjölskyldan öll innilega fyrir hlýhug, samúð og nærgætni sem okkur var sýnd í veikindum og við andlát okkar ástkæru sambýliskonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Þórdísar Ingibjargar Sverrisdóttur**
frá Dúki.

Innilegar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og Landspítala Háskólasjúkrahúss fyrir góða umönnun, ástúð og hlýju.

**Einar Jakobsson
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Elsa Halldórsdóttir**
Álftamýri 30, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 13. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Halldór Olgeirsson
Guðrún Olgeirsdóttir
Þórunn Olgeirsdóttir
Smári Olgeirsson
Svava Magnúsdóttir
Jens Arnljótsson
Haraldur Pálsson
Sigríður Benediktsdóttir
barnabörn og langömmubörn.**

# 90 ára afmæli



**Þakkir**

**Innilegar þakkir til allra ættingja og vina sem glöddu mig með nærveru sinni, blómum og gjöfum á 90 ára afmælisdegi mínum þann 9. apríl og gerðu mér daginn eftirminnilegan.**

**Kærar kveðjur og þakkir,**

**Ottó Gíslason**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



**Hugleikur** frumsýnir nýtt íslenskt leikrit eftir Árna Hjartarson í kvöld. Verkið nefnist Einkamál.is og verður sýnt í húsnæði leikfélagsins að Eyjarslóð 9. Einkamál.is er dramatískur fjölskyldugamanleikur um samtímafjölskyldu í heimatilbúnum vanda. Nánari upplýsingar er að finna á www.hugleikur.is



**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473




**Iðnhönnuðurinn Hjördís Ýr kynntist einfaldleika ítalskrar matargerðar við nám í Mílanó.**



# Lærði af nöktum kokki

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þetta er réttur sem ég lærði að búa til af meðleigjanda mínum á Ítalíu þegar ég var þar í námi. Allir Ítalir kunna hann," segir Hjördís Ýr Ólafsdóttir iðnhönnuður, sem er matgæðingur vikunnar.

Hjördís Ýr var við nám í tískuborginni Mílanó og leigði þar með ítalskri stelpu sem hafði sérstakt yndi af því að ganga nakin um íbúðina. „Það var ekki síst þegar verðandi eiginmaður minn var í heimsókn að hún ákvað að labba um allsber," segir Hjördís Ýr hlæjandi.

Rétturinn frá nakta kokkinum kemur upphaflega frá Sikiley. Uppistaðan er eggaldin en í hann fara líka tómatar, basil, mozzarella og parmesanostur. „Íslendingar eru ekki sérstaklega vanir því að nota eggaldin en það er hægt að kaupa það nánast hvar sem er. Það má líka bara nota það sem er til í ísskápnum; lauk, sveppi eða afganga," segir Hjördís Ýr, sem segir réttinn tilvalinn fyrir stór matarboð. „Við vorum með matarboð um daginn og þá hélt einn gestanna að þetta væri kjötréttur. Annar spurði hvort eggaldinið væri risasveppur. Þetta er mjög einfaldur réttur, frekar ódýr og er ennþá betri daginn eftir."

## MELANZANE ALLA PARMIGIANA/EGGALDIN MEÐ PARMAOSTI

4 eggaldin, afhýdd og skorin í sneiðar
ólífuolía
3 hvítlauksrif, söxuð
500 g tómatar, afhýddir, kjarnhreinsaðir og skornir í teninga.
10 basil-blöð
6 msk. ólívuolía
200 g mozzarella-ostur
50 g parmesan-ostur
salt og pipar



*Afhýðið eggaldinið og skerið í sneiðar. Setjið í stóra skól og hellið ólífuolíu yfir ásamt svolitlu salti. Látið ólífuolíuna renna af í sigti í um 30 mínútur.*

*Búið til tómatsósuna á meðan. Hitið hvítlaukinn á pönnu. Bætið tómötum, helmingnum af basilblöðunum og svolitlu af salti og pipar við. Látið malla við lágan hita í 15-20 mínútur, hrærið í öðru hvoru.*

*Hitið eggaldinsneiðarnar á pönnu, þar til þær eru orðnar gullinbrúnar á báðum hliðum. Setjið meiri olíu ef þess þarf. Setjið eggaldinsneiðarnar á eldhúspappír og þerrið aðeins.*

*Setjið svolítið af tómatsósunni í eldfast mót og raðið eggaldinsneiðunum yfir. Setjið svolítið af parmesanosti og að lokum mozzarella. Haldið svona áfram þar til hráefnið er búið. Að lokum er basilblöðunum dreift yfir.*

*Bakið í 30 mínútur á 180 gráðum.*

Hjördís vinnur nú að eigin hönnun og má sjá hluta verka hennar á vefsíðunni byhjordis.com og á blogginu byhjordis.tumblr.com. Auk þess stundar hún líkamsrækt af miklum móð og var að æfa fyrir þríþraut þegar hún meiddist í hné. „Þegar maður æfir svona mikið þarf maður að borða mikið af kolvetnum, sérstaklega fyrir keppni. Það er því ágætt að kunna nokkra pastarétti frá Ítalíu," segir Hjördís Ýr, sem stefnir að því að taka þátt í þríþraut og hlaupa maraþon sem fyrst.

*vera@frettabladid.is*





**Atvinnu- og nýsköpunarhelgi** verður haldin í Háskólanum á Akureyri um helgina. Hún mun ganga þannig fyrir sig að þeir sem hafa nýsköpunar- og viðskiptahugmyndir koma og lýsa þeim fyrir hinum. Bestu hugmyndirnar verða valdar úr og unnið úr þeim sameiginlega. Nánari upplýsingar er að finna á www.ana.is











# Egill ein af kvenhetjunum

**„Þá skal ég muna þér kinnhestinn", verk Dansfélagsins Krumma, verður sýnt annað kvöld. Verkið er innblásið af kvenhetjum Íslendingasagnanna; Bergþóru, Hallgerði, Helgu fögru og Agli Skallagrímssyni.**

Dansfélagið Krummi efnir til aukasýninga á „Þá skal ég muna þér kinnhestinn" í leikhúsinu Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. Sú fyrsta er annað kvöld klukkan 20.

„Þetta er verk sem við frumsýndum á Reykjavík Dansfestival í haust og langaði alltaf að þróa áfram," segir Katrín Gunnarsdóttir dansari, einn höfunda verksins. „Við notuðum kvenskörunga Íslendingasagna sem innblástur en leyfðum okkur að skálda í eyðurnar og vinna svolítið með þær þar sem það er ekkert rosalega mikið sagt um konurnar í Íslendingasögunum, þær fjalla langmest um strákana. Svo fjöllum við líka um þjóðsögur, drauma og fyrirboða sem finnast í þessum sögum og túlkum tengsl manns og náttúru."

Egill Skallagrímsson er talinn upp sem ein kvenhetjan sem þið einblínið á, hvernig í ósköpunum kom það til? „Egill er svo tilfinningasamur og hann yrkir og við tókum okkur það bessaleyfi að ákveða að hann hefði nú bara verið kona, blessaður," segir Katrín hlæjandi. „Okkur fannst svo skemmtilegt að leyfa honum að vera með."

Höfundar og flytjendur verksins eru, auk Katrínar, Saga Sigurðardóttir, Sigríður Soffía Níelsdóttir og Snædís Lilja Ingadóttir. Um tónlistina sér Ólafur Josephsson, sem er betur þekktur sem Stafrænn Hákon. Ingibjörg Sigurjónsdóttir gerði leikmyndina og Nína Óskarsdóttir sá um búningana. Seinni sýningarnar tvær verða 20. og 21. apríl. fridrikab@frettabladid.is



Dansararnir í „Þá skal ég muna þér kinnhestinn" sóttu innblástur í Íslendingasögurnar við gerð verksins. MYND/ ÞORBJÖRN ÞORGEIRSSON













# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS
15. apríl 2011



## Hrefna Björk Sverrisdóttir

### Óhrædd við nýjar áskoranir

- Aurum þykir best
- RFF
- Tískustraumar
- Á rúmstokknum
- Yfirheyrslan

TÖLVU PAKKI
Kr. 129.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

LG 21,5"

- CoolerMaster Elite 310 midi turn
- Athlon II X260 3,2GHz DualCore AM3
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 750GB SATA 3 WD diskur
- Geforce N440GT 1GB DDR3 skjákort
- LG 21,5" LCD 1920x1080
- Logitech S-120 2,0 hátalarar
- Windows 7 Home Premium 64bit

# núna

* Ekki missa af




**GRENNANDI BLÓMAHNAPPAR** Ný lína frá L'occitane sem inniheldur blómahnappa möndlutrésins. Hnapparnir bæta vatnslosun og minnka þannig myndun appelsínuhúðar. Spreyið er jafnframt frábær nýjung fyrir konur sem standa, ganga eða sitja mikið því það léttir á þreyttum fótleggjum.

## blogg vikunnar

### Stíllinn í Amsterdam

Bloggsíðan www.damstyle.blogspot.com birtir myndir af íbúum og götutískunni í Amsterdam. Síðan hefur verið virk frá árinu 2007 og er haldið úti af þremur vinkonum, Feliciu Nitzsche, Lane Gry Kristensen og Elinu Tozzi. Hollendingar virðast vera afslappað fólk upp til hópa og ber klæðaburðurinn þess vitni. Afslappaður stíll og þægilegir flatbotna skór eru í hávegum hafðir sé að marka myndirnar á Damstyle.



### Fagurt og fínt

Bloggið www.froufrouu.com er einstaklega falleg bloggsíða þar sem nostalgísk fortíðarþrá virðist alltumlykjandi. Nadia heldur úti síðunni og setur reglulega inn myndir af alklæðnaði dagsins. Hún er með flottan og skemmtilegan fatastíl sem er svolítið innblásinn af tísku áttunda áratugarins. Allir sem hafa gaman af svolitlum glamúr og tísku ættu að bæta þessari bloggsíðu við sinn daglega netrúnt.



Aurum valin ein áhugaverðasta verslun heims:

# Á MEÐAL ÞEIRRA BESTU

Verslunin Aurum við Bankastræti var valin ein af fjörutíu og þremur bestu verslunum heims af sænska tímaritinu Elle Interior. Að sögn Helgu Guðrúnar Friðriksdóttur, markaðs- og verkefnastjóra hjá Aurum, komu fréttirnar skemmtilega á óvart.

„Þau komu hingað síðasta sumar og svo höfðu þau samband nýlega og tilkynntu okkur að Aurum hafði verið valin ein áhugaverðasta verslun heims að þeirra mati. Þau höfðu ekki kynnt sig þegar þau heimsóttu búðina á sínum tíma þannig að fréttirnar komu skemmtilega á óvart og við erum auðvitað mjög montin og ánægð með að útlit, vöruval og þjónustan hér skuli vekja athygli," segir Helga Guðrún.

Fjallað var um verslanirnar í aprílhefti tímaritsins og er Aurum þar í flokki verslana á borð við Liberty's og Habitat í London, Colette í París, Muji í Tókýó og MOMA Design Store í New York.

Silfurskartið sem Aurum hannar og selur vakti sérstaka athygli blaðamanns Elle sem og gjafavörurnar sem þar fást. „Í umfjölluninni stóð að silfurskartið hafi þótt sérstaklega fallegt og að hér sé einnig að finna mikið af skemmtilegri gjafavöru," útskýrir Helga Guðrún sem er að vonum ánægð með umfjöllunina. Innt eftir því hvort hún telji að þetta muni hafa góð áhrif á viðskiptin segir hún erfitt að segja til um það að svo stöddu. „Þetta skemmir í það minnsta ekki fyrir okkur. Blaðið er vinsælt á Norðurlöndunum þannig ég geri ráð fyrir að þetta muni aðeins hafa jákvæð áhrif á viðskiptin," segir hún að lokum. - sm



**Flott verslun** Verslunin Aurum var valin ein áhugaverðasta verslun heims af tímaritinu Elle Interior. Helga Guðrún Friðriksdóttir segir fréttirnar hafa komið skemmtilega á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Full búð af nýjum vörum

20% afsláttur af öllum vörum fram að páskum



MIND

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

FJÖRÐUR

www.fjordur.is

Christophe Decarnin hættir hjá Balmain:

# Gulldrengurinn hættir hjá franska risanum

Leiðir tískuhússins Balmain og yfirhönnuðar þess, Christophe Decarnin, hafa skilið eftir fimm ára samstarf. Tímaritið Women's Wear Daily greindi nýverið frá þessu en orðrómur þess efnis hefur verið á kreiki um nokkra hríð.

Rokkuð hönnun Decarnins, sem er hans aðalsmerki, sló í gegn strax og jókst sala Balmain um fimmtíu prósent árið 2005. Hönnuðurinn hefur þó glímt við þunglyndi og samkvæmt læknisráði mátti hann sjálfur ekki taka þátt í sýningu Balmain á tískuvikunni í París síðasta haust. Þessi veikindi gætu verið ástæðan fyrir því að Decarnin ætlar nú að draga sig í hlé. Einnig hefur heyrst að stjórnendur Balmain séu óánægðir með þá litlu þróun sem hefur átt sér stað undanfarið ár en Decarnin hefur haldið sig við það sem hann þekkir og lítið breytt hönnun sinni milli ára. - sm



**Hættur** Christophe Decarnin er hættur sem yfirhönnuður franska tískuhússins Balmain. NORDICPHOTOS/GETTY

### * augnablikið



**SVALAR** Tónlistarkonurnar Solange Knowles og Robyn voru flottar saman á tónleikum tímaritsins Elle. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



WORLD OF INSPIRATION FOR HOME
the PIER
NÝTT! HLIÐARBORÐ/NÁTTBORÐ 7990.-
KLAKABOX 390.-
ÍSSKEIÐAR 290.-
PLASTGLÖS 390.-
ÞÚ SPARAR 15.000!
VERÐ 39.900.-
TILBOÐ: 24.900.-
ÞÚ SPARAR 15.000!
VERÐ 39.900.-
TILBOÐ: 24.900.-
FRÁBÆRT TILBOÐ
ÞÚ SPARAR 15.000!
VERÐ 34.900.-
TILBOÐ: 19.900.-
KÖRFUR RISA TILBOÐ
NÝTT!
BORÐ MEÐ BAKKA
22.900.-
BLÓM Í POTTI
1190.-
NÚ: 2490.-
VERÐ 5990.-
NÚ: 3990.-
VERÐ 6990.-
NÚ: 4990.-
VERÐ 7990.-
BLÓM 1390.-
STÓRIR KERTASTJAKAR
3 SAMAN 9990.-
MELAMINSTELL FRÁ: 790.- STK.
NÝTT!
BORÐ MEÐ SKÚFFUM
11.900.-
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



Zara,
7.995 kr.



Topshop,
6.990 kr.



Spútnik,
6.800 kr.



Gallerí 17,
16.990 kr.

Litríkar buxur fyrir vorið:

# Vertu til er vorið KALLAR Á ÞIG

Tískuspámenn víða mæla með því að fólk pakki svörtu gallabuxunum inn í skáp og taki á móti vorinu í svolítið litríkari brók. Víða er hægt að finna litríkar gallabuxur eða harem-buxur og hér má sjá nokkrar slíkar.



Kron, 39.900 kr.



Aurum,
47.200 kr.



Zara,
6.995 kr.



Gallerí 17,
14.990 kr.


# *Náðu flottum lit*

## *í páskafríinu með AstaZan*







Hjálpar ljósri húð að verða fljótt fallega brún í sól.
AstaZan er yfirburða andoxunarefni sem nær til alls líkamans og er margfalt öflugra en hefðbundin andoxunarefni.
Verndar húðina og augun fyrir skaðsemi af sólargeislum.
Virkar vel fyrir marga gegn sólarexem.

LifeStream®
*Engin málamiðlun í gæðum*

**Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni og Fríhöfninni.**

www.celsus.is

prentun.is




## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

### Feikuð fullnæging

? *Sæl Sigga Dögg. Geta karlmenn feikað fullnægingu án þess að upp um þá komist?*

**Svar:** Já, það geta þeir svo sannarlega! Þeir geta gert það ef notaður er smokkur og hann þá fjarlægður og fargað að samförum loknum án þess að kynlífsfélaginn sjái nokkur ummerki um sæði. Svo geta karlmenn líka gert sér upp stunur, líkt og konur, og sagst hafa fengið fullnægingu en ekki sáðlát. Karlmenn geta verið góðir í að gera sér upp fullnægingu og get ég persónulega vitnað um það!

? *Sæl Sigga, karlmenn eru sagðir hugsa um kynlíf á nokkurra mínútna fresti, en konur mun sjaldnar. Af hverju hafa karlmenn almennt meiri áhuga á kynlífi en konur? Er ein kona þannig séð nóg til að seðja þörf karlmanns um langa ævi eða erum við mannfólkið eitthvað öðruvísi en gengur og gerist í dýraríkinu þar sem karldýr festast sjaldnast með einum maka?*

**Svar:** Þessi spurning inniheldur margar ólíkar og flóknar spurningar en í stuttu máli er mikill einstaklingsmunur á milli manna. Það er því erfitt að fullyrða að allir karlmenn séu svona því þeir eiga það til að hugsa um kynlíf á ólíkan hátt. Hluta af því má skýra út frá því að karlmenn tengja oft stinningu lims við kynferðislega örvun og fara þá að hugsa um kynlíf þrátt fyrir að stinning hafi orðið án þess að þeir hafi hugsað um kynlíf. Konur eiga oft erfiðara með að greina aukna kynferðislega spennu í kynfærum og veita því síður athygli. Þetta er mögulega ein skýring á þessum mismunandi „áhuga“ kynjanna. Oft er líka talað um að karlmenn séu meira fyrir sjónrænt áreiti og það vantar ekki slíkt í okkar umhverfi svo það getur verið önnur skýring. Sé mannkynssagan skoðuð (og nú í nútímasamfélagi) þá hafa konur iðulega verið lattar frá því að hugsa og haga sér kynferðislega og því getur það verið enn ein skýring á þessum mismun.

> **Svo geta karlmenn líka gert sér upp stunur, líkt og konur, og sagst hafa fengið fullnægingu en ekki sáðlát.**

Hvað varðar einn maka alla tíð þá er það flókið samspil umhverfis, samfélags og jafnvel erfða. Við vitum að kynferðisleg og rómantísk aðlöðun milli maka er ekki einföld formúla heldur þurfa margir þættir að spila inn í. Þessi formúla getur svo orðið úrelt eða þróast í langtímasamband. Bæði kynin breytast og þroskast á æviskeiði sínu og því er erfitt að líkja okkur við dýraríkið, sem þó sýnir töluverða fjölbreytni í makavali. Við höfum sjálfstæðan vilja og getum tekið meðvitaðar ákvarðanir um hvort við viljum vera í sambandi við einn aðila eða fleiri, í langan tíma eða stuttan. Konur eru ekki andstæður karla og það hjálpar fáum að stýra makaleitinni út frá þeim hugsunarhætti. Einstaklingurinn er það sem skal skoða og dæma.



Silfurkross,
fáanlegur í 3 stærðum
8.200 kr.
9.300 kr.
11.200 kr.
Íslensk hönnun og smíði
Silfurhálsmen
16.900 kr.
Daisy hálsmen
17.900 kr.
Daisy lokkar
21.900 kr.
Daisy hringur
25.900 kr.
GEORG JENSEN
GÓÐAR FERMINGARGJAFIR
Fossil
19.800 kr.
Fossil
18.500 kr.
Jacques Lemans
19.900 kr.
Jacques Lemans
28.800 kr.
Jacques Lemans
22.200 kr.
Casio
16.500 kr.
Casio
24.000 kr.
Casio
6.100 kr.
Casio
11.300 kr.
Fossil
18.000 kr.
Diesel
16.000 kr.
Diesel
17.000 kr.
Diesel
17.800 kr.
Diesel
21.700 kr.
Fossil
17.900 kr.
Adidas
10.800 kr.
Adidas
9.000 kr.
Adidas
11.000 kr.
Skoðaðu glæsilegt úrval
fermingagjafa á michelsen.is
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is






# VEKUR STEIND[…] MORGN[…]

Hrefna Björk Sverrisdóttir hefur komið miklu í verk þrátt fyrir ungan aldur. Hún mun opna Krakkaland innan skamms ásamt sa[…]

**Hrefna Björk Sverrisdóttir hefur á stuttri ævi áorkað að gefa út tvö tímarit, reka tískuverslun í Noregi, framleiða sjónvarpsþætti og nú ætlar hún að opna Krakkaland ásamt sambýlismanni sínum.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmynd:* Anton Brink
*Förðun:* Harpa hjá MAC

Hrefna Björk ólst frá átta ára aldri í Vesturbæ Reykjavíkur og kveðst kunna vel við sig í svo mikilli nálægð við miðbæjarlífið. „Maður eyddi tíma sínum annaðhvort niðri í bæ eða á KR-vellinum. Á unglingsárunum þótti mikill lúxus að geta rölt niður í bæ um helgar og tekið þátt í því sem var að gerast þar. Ef ég ætti ekki heima í miðsvæðis mundi ég líklega vilja búa uppi í sveit þar sem ég gæti unnið að heiman og verið með hund, hesta og ræktað grænmeti. Ég væri alveg til í það,“ segir hún.

Innt eftir því hvort hún sé gallharður KR-ingur eins og sönnum Vesturbæingi sæmir svarar hún því játandi en tekur fram að hún hafi þó aldrei æft með liðinu. „Ég hef reyndar tvisvar farið á handboltaæfingu og keppti svo með liðinu á einhverju móti. Á milli leikja nýttum við tímann í að æfa okkur að kasta á milli og ég endaði á því að puttabrjóta björtustu von liðsins. Eftir það fór ferill minn í vaskinn og ég var ekkert sérstaklega velkomin í liðið aftur,“ útskýrir hún hlæjandi.

## FRUMKVÖÐULL Í NETÁST

Hrefna Björk á dótturina Ronju með sambýlismanni sínum, Bjarna Sigurðssyni gítarleikara. Hún segir móðurhlutverkið skemmtilegt og að það verði sífellt skemmtilegra eftir því sem dóttirin eldist og vitkast. „Ég kann alltaf betur og betur við móðurhlutverkið eftir því sem Ronja eldist og maður getur rætt meira við hana á heimspekilegu nótunum. Þegar ég varð ólétt á sínum tíma var ég ung og ekki alveg tilbúin í þetta og fannst til dæmis mjög erfitt að vera í fæðingarorlofi því mér leiddist svo mikið. Bjarni er líka góður pabbi og það er hann sem sér oftast til þess að það sé heitur matur á borðinu á kvöldin.“

Parið kynntist árið 1999 í gegnum sameiginlega vini og í kjölfarið hóf það að spjalla saman á spjallrásinni Ircinu. „Við erum netfrumkvöðlar, ég kýs að kalla okkur það,“ segir hún brosandi. „Þetta endaði svo með því að við fórum í bíó saman og höfum verið saman síðan þá, ef frá er talin tveggja ára pása einhvern tímann upp úr árinu 2000.“

Bjarni er gítarleikari hljómsveitarinnar Mínus sem hefur löngum verið talin ein efnilegasta harðkjarnasveit landsins. Hrefna Björk lýsir lífi rokkstjörnunnar sem frekar glamúrsnauðu enda hafi aðbúnaður sveitarinnar oft verið heldur látlaus og laus við hvers kyns þægindi. „Þetta var mjög gaman og það er skemmtilegt að hafa prófað þessar hliðar lífsins en þetta var frekar ógeðslegur lífsstíll. Fyrst ferðuðust þeir um í litlum sendiferðabílum og fengu að gista á dýnum í einhverjum heimahúsum. Seinna voru þeir svo farnir að ferðast um í rútum og þá var í gildi sú regla að það mætti aldrei kúka í klósettið í rútunni.“

Spurð út í fylgifiska þess að vera með tónlistarmanni, líkt og ágang annarra kvenna, gefur Hrefna Björk lítið fyrir það. „Það hafa alveg komið upp slík atvik og þá sérstaklega í gamla daga. En Bjarni er svo traustur og trúr og gefur lítið færi á sér að þetta hefur aldrei verið neitt vandamál.“

## ORÐLAUS Á GÖTUNA

Tvítug kynntist Hrefna Björk aðstandendum tímaritsins Undirtóna og heillaðist af fjölmiðlabransanum. Í kjölfarið ákvað hún að stofna tímaritið Orðlaus ásamt tveimur vinkonum sínum. „Mér fannst þetta alveg vera málið. Starfsfólkið á Undirtónum fékk

frítt á alla viðburði og ókeypis geisla[…]
diska og mig langaði í sama pakka[…]
Tvær vinkonur mínar voru í söm[…]
pælingum þannig við ákváðum bar[…]
að kýla á þetta og stofna okkar eigi[…]
blað. Það hjálpaði mikið hvað foreld[…]
ar mínir sýndu mikinn stuðning o[…]
hvöttu mig endalaust áfram í þess[…]
verkefni.“

Hrefna Björk viðurkennir að hú[…]
hafi verið ung og óreynd á þessu[…]
árum og gerði sér því litla grein fyr[…]
því hversu mikil vinna lægi að bak[…]
blaðaútgáfu. „Í byrjun sá ég fyrir mé[…]
að við gætum gefið út nokkur tölu[…]
blöð og svo hætt og hirt gróðan[…]
En það komu engir peningar og vi[…]
unnum streitulaust í þrjú ár,“ seg[…]
hún hlæjandi. „Blaðaútgáfa er mjö[…]
erfiður rekstur og mikið hark. Mör[…]
blöð koma og fara og þetta er sérstak[…]
lega erfitt því markaðurinn er lítill o[…]
margir að keppast um sömu auglýs[…]
endurna.“

Stúlkurnar seldu Orðlaus eft[…]
þriggja ára rekstur og í barneignarfr[…]
sínu hófst Hrefna Björk handa við a[…]
leggja drög að öðru blaði. „Þegar vi[…]
rákum Orðlaus leigðum við aðstöð[…]
hjá auglýsingastofunni Vatikaninu[…]
Þegar við vorum að hætta með Orð[…]
laus var Vatikanið að íhuga að stofn[…]
nýtt blað því það var ákveðið gat [...]
markaðinum. Ég vildi leggja áhersl[…]
á netið og vefþætti á netinu og þei[…]
leist vel á það þannig að úr var[…]
Mónitor og monitor.is,“ segir Hrefn[…]
sem var gerð að útgáfustjóra Móni[…]
tors og miðla á borð við Myndir mán[…]
aðarins, B2.is og Leikjanet.is sem all[…]
féllu undir hatt fyrirtækisins Media[…]

## LÆRIR AF REYNSLUNNI

Gamanþátturinn Steindinn okka[…]
var frumsýndur á Stöð 2 fyrir vik[…]
og starfaði Hrefna Björk sem fram[…]
leiðandi þáttanna. Steindi vakti fyrs[…]
athygli fyrir vinsæl myndbrot se[…]
hann samdi á sínum tíma fyrir ve[…]
þætti Mónitors og var það Hrefna se[…]
uppgötvaði þennan hæfileikapilt. „É[…]
fann Steinda á Youtube ásamt nokk[…]
um öðrum krökkum og talaði við þ[…]
nokkra um að gera vídeó fyrir Móni[…]
tor. Þó að margir þessara krakk[…]
hafi verið hæfileikaríkir þá sýnd[…]




ambýlismanni sínum, Bjarna Sigurðssyni.

Steindi mestu festuna og metnaðinn og það skilaði sér. Sumarið 2009 bauðst okkur að vera með Mónitorþátt á Skjáeinum og við sem að þessu stóðum ákváðum bara að slá til. Mig minnir að það hafi liðið tíu dagar frá því að við áttum fyrsta fundinn með Skjáeinum og þar til fyrsti þátturinn fór í loftið.“

Í lok sumars 2009 ákvað Hrefna Björk að flytja ásamt manni og barni til Stafangurs í Noregi þar sem hún rak verslunina ER í rúmt ár. Við heimkomuna tók hún að sér starf framkvæmdastjóra Steindans okkar og segir hún vinnuna hafa verið stórskemmtilega. „Mitt starf var að redda tökustöðum og leikurum og sjá til þess að Steindi vaknaði á morgnana og almennt utanumhald,“ segir hún og hlær. „Annars var þetta mjög skemmtilegt verkefni og við skemmtum okkur mikið við tökur þannig það er gaman að sjá hversu góðar viðtökur þátturinn hefur fengið.“

Hrefna er alls óhrædd við að henda sér út í djúpu laugina og taka að sér hin ýmsu verkefni líkt og ferilskrá hennar ber vitni um. Hún segist vera sérlegur talsmaður þess að kýla á hlutina og vílar ekki fyrir sér að skapa skemmtileg störf fyrir sig. „Ég á mér mottó sem ég stal frá Nike. Mér finnst að maður verði einfaldlega að kýla á hlutina því ef þú ofhugsar þá virðast hlutirnir oft svo óyfirstíganlegir. Ef hlutirnir heppnast ekki þá lærirðu í það minnsta eitthvað í leiðinni.“

Nýjasta verkefnið sem Hrefna Björk hefur tekið sér fyrir hendur er að opna Krakkaland ásamt Bjarna, sambýlismanni sínum, og stefna þau á að opna það í Skútuvoginum í júníbyrjun. Krakkalandið er að norskri fyrirmynd og afskaplega vinsælt í heimalandinu. „Þetta skiptist í leiksvæði fyrir börn og svo aðstöðu fyrir foreldra þar sem þeir geta skoðað blöð, farið á netið og drukkið kaffi á meðan börnin leika sér. Það er einnig aðstaða fyrir börn frá aldrinum núll til þriggja ára þannig að þetta er kjörið fyrir alla fjölskylduna. Við fundum það þegar við komum aftur heim að það vantaði staði fyrir krakka og ég vildi breyta því.“

## * myndaalbúmið


Þarna er ég um átta ára gömul.


Þarna er ég með Ronju mjög litla.


Við mæðgurnar á góðum degi.


Þarna er hópurinn samankominn við tökur á Steindanum okkar.



# Gæddu húðina geislandi fegurð

*Kynnum*

**Illuminating Finish Powder Compact Foundation SPF12**

Komdu og láttu förðunarmeistara Bobbi Brown í Hagkaup Smáralind og Lyf og heilsu Kringlunni sýna þér nýja kremaða púðurfarðann og finndu hinn fullkomna lit fyrir þig.
Þú færð prufur af nýjustu varalitunum með þér heim.

BOBBI BROWN

# Frísklegar og fagrar í sumar






**HYDRA COLLAGENIST** frá HELENA RUBINSTEIN. DJÚPVIRK RAKALÍNA FYRIRBYGGJANDI GEGN, ÖLDRUN
Fyrsta rakagefandi húðsnyrtilínan frá HELENA RUBINSTEIN sem er fyrirbyggjandi og gegn öldrun. Endurvekur raka húðar. Dregur úr hrukkum og línum af völdum rakaskorts. Þéttari, sléttari og sjáanlega unglegri húð.
**Í línunni eru:** Krem, serum, augnkrem og rakamaski.

**CHANEL**
**SUBLIMAGE LA CRÉME**
Allar viljum við auka fegurð húðarinnar, með SUBLIMAGE línunni náum við því markmiði. SUBLIMAGE afeitrar og endurnýjar húðina, styrkir hana, dregur úr öldrunareinkennum og eykur náttúrulegan ljóma. Þessir einstöku eiginleikar verða til við hjálp hins dýrmæta blóms „Golden Flower“ sem vex og lifir í Himalayafjöllum. Húðin þín verður einfaldlega himnesk og falleg eins og þú sjálf.
Í línunni er Serum , 24st krem, augnkrem og maski.







**Nýtt- Instant Smooth Self Tanning frá Clarins**
Töfrandi sjálfsbrúnka sem á augabragði fyllir upp í fínar línur og lýsir upp andlit og bringu og í ljós kemur mildur, náttúrulegur ljómi.




**Með Dove Summer Glow** brúnkukremi getur þú orðið brún á heilbrigðan og þægilegan máta, er fáanlegt bæði fyrir ljósa og dökka húð. Fæst í verslunum um land allt.

**FLASH BRONZER NIGHT SUN**
frá Lancôme. Sjálfbrúnandi krem frá Lancôme sem er notað yfir nóttina fyrir andlit og bringu. Morguninn eftir verður húðin ljómandi með tindrandi sólbrúnan lit. Formúlan smýgur samstundis inn í húðina og eftir aðeins 5 mínútur smitast hún hvorki í föt né rúmföt. Yndislegur ilmur sem hylur hefðbundna brúnkukrems lykt.




**RÉNERGIE MULTIPLE LIFT**
AUGNKREM frá Lancôme
**FULLKOMNUN Í AUGNVÖRUM**
Tvær formúlur – Sexföld yngingarvirkni.
Lancôme, fremstir í heiminum gegn öldrun, kynnir fullkomnun í augnvöru. Í fyrsta sinn augnkrem Rénergie Multiple Lift frá Lancôme, með 2 formúlum fyrir 6 sjáanlegar virknir til að yngja upp á fullkominn hátt allt augnsvæðið




## mælistikan



### Á uppleið:

**Hjólreiðar!** Nú fer sumarið alveg að koma samkvæmt dagatalinu og því um að gera að hafa reiðhjólið tilbúið. Það er fátt skemmtilegra en að líða um á hjóli í fallegu veðri og með eyrun full af tónlist.



**Espadrillur!** Þessir klassísku sumarskór hafa hlotið endurnýjun lífdaga og eru skyldueign þetta sumarið.

**Hversdagsboð!** Matarboð þurfa ekki endilega að þýða mikið tilstand og fjárútlát. Það er líka gaman að hittast yfir soðinni ýsu og góðum kartöflum.



### Á niðurleið:

**Baugar og þreytt húð!** Með hækkandi sól sjást misfellur í húðinni æ betur. Fyrirskið upp á húðina með svolitlu skrúbbi og góðri umhirðu.





**Neikvæðni!** Nú er komið nóg af neikvæðni og kominn tími til að taka Pollýönnu sér til fyrirmyndar. Hrósum, brosum og verum jákvæð.

**Kuldaskór!** Það fer vonandi að styttast í að hægt verði að leggja kuldaskóna á hilluna fram að næsta vetri.





**Í mál** Christian Louboutin hefur kært tískuhúsið Yves Saint Laurent.
NORDICPHOTOS/GETTY

Louboutin kærir tískuhúsið Yves Saint Laurent:

# Tískurisar mætast

Skóhönnuðurinn Christian Louboutin hefur kært tískuhúsið Yves Saint Laurent vegna brots á einkarétti. Yves Saint Laurent hannaði rauða hælaskó sem eru einnig með rauða sóla, en það er einkenni Louboutin-hælaskónna og fékk fyrirtækið einkarétt á sólunum rauðu árið 2008.

„Louboutin er fyrsti hönnuðurinn sem framleiddi skó með rauðum sólum. Hönnun Yves Saint Laurent er svo lík hönnun Louboutins að það getur valdið ruglingi hjá viðskiptavinum,“ stendur meðal annars í kærunni.

Louboutin hafði samband við Yves Saint Laurent í janúar á þessu ári og bað fyrirtækið um að hætta framleiðslu á þessum tilteknu skóm. YSL varð ekki við þeirri bón og nú fer Louboutin fram á eina milljón dala í skaðabætur frá franska tískuhúsinu.

- sm



LEYNIST VINNINGUR Í ÞÍNU
PÁSKAEGGI?
HOPP
PÁSKAEGG
AÐALVINNINGUR
FERÐ FYRIR 4 TIL UNIVERSAL ORLANDO RESORT
Heppnir vinningshafar fljúga til Orlando, heimsækja tvo frábæra Universal skemmtigarða og gista í 5 nætur á Loews Royal Pacific Resort.
UNIVERSAL Orlando
ICELANDAIR
Universal elements and all related indicia
TM & © 2011 Universal Studios. All rights reserved.
AUKAVINNINGAR
280 stk.
KANÍNUEYRU
90 stk.
BAKPOKAR
60 stk.
HETTUPEYSUR
• 10 x Aulinn ég, DVD mynd
• 1.000 x HOPP plaköt
Vinningar óskast sóttir í Laugarásbíó fyrir 1. júlí 2011.
Heildarfjöldi vinninga 1.441.
YFIR 1.400
VINNINGAR!
Fiton/SÍA



**Lofar góðu** Fyrsta fatalína Kronkron er stílhrein og falleg.

Skrautleg tíska á RFF:

# Fjölbreytt og flott

Reykjavík Fashion Festival fór fram í annað skiptið nú í byrjun apríl. Búið var að fjalla um föstudagskvöld hátíðarinnar og því vert að fara yfir það helsta sem í boði var á laugardeginum, en þá sýndu tólf íslenskir hönnuðir línur sínar. Andersen & Lauth reið á vaðið og sýndi fallegan og klassískan fatnað, þar sem blúndur og loðskinn voru áberandi. Lína Hildar Yeoman vakti gríðarlega athygli og ánægju, en hún var rokkuð og litatónarnir skemmtilegir og notaði Hildur neonliti í bland við ljósa eða dökka liti. Kronkron sýndi ekki bara nýja og glæsilega skólínu, heldur frumsýndu Hugrún og Magni sína fyrstu fatalínu. Skórnir voru litríkir að vanda og flíkurnar stílhreinar og fallegar. Það féll í hlut Munda að slá botninn í sýninguna. Mundi bauð upp á vel sniðnar og töff flíkur, stórar slár úr hráum litum og lét fyrirsæturnar ganga pallinn í skíðaskóm með stafi sér til stuðnings. Virkilega töff endir á flottri sýningu. *- ka*

MYNDIR/ HÖRÐUR ELLERT ÓLAFSSON



**Töff** Mundi hefur vandað vel til verka í nýjustu línu sinni.



**Neon áberandi** Hildur var óhrædd við að nota neonliti í bland við ljósa eða dökka liti.



**Kuldalegt** Fyrirsætur Munda gengu pallinn á skíðaskóm, sem kom skemmtilega út.




**Rokkað** Lína Hildar Yeoman sló í gegn.


ÚTSKRIFTAKJÓLARNIR FÁST HJÁ OKKUR!

Nýtt kortatímabil



St. 8-16
Kr. 14.990



St. 8-16
kr. 16.990
Líka til í svörtu



St. 8-16
Kr. 16.990
Bara til í Kringlunni



St. 8-16
Kr. 19.990



st. 8-16
Kr. 18.990



St. 8-16
Verð: kr. 16.990
Bara til í Kringlunni

Við erum á facebook

WAREHOUSE

Kringlunni s. 517 3290 | Smáralind s. 517 3237




**Rómantík** Flottur herrafrakki frá Andersen & Lauth.



**Fallegt** Blúndur og fegurð frá Andersen & Lauth.


ÞÚ FÆRÐ KJÓLINN
OG FYLGIHLUTI Í STÍL HJÁ
KAREN MILLEN
Vertu vinur
NÝTT KORTATIMABIL
KAREN MILLEN
KRINGLAN S. 534-1740
SMÁRALIND S. 533-1740



## YFIRHEYRSLAN

**Urður Hákonardóttir, söngkona.**



**Háir hælar eða flatbotna skór:** Háir hælar!



**Ómissandi í snyrtibuddunа:** Svartur augnblýantur og maskari.

**Uppáhaldsliturinn:** Svartur.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Ótrúlega flottar harem-sléttflauelsbuxur frá Aftur.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Á allt sem ég þarf… en mig dreymir um áframhaldandi hamingju og velgengni í lífinu.



**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Love Will Find a Way með Lionel Richie.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Hans J. Wegner, gæti alveg látið mig dreyma um að eignast einhver húsgögn eftir hann.



**Uppáhaldsdrykkurinn:** Marokkóskt myntute!







## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** samtök, **8.** þvottur, **9.** fyrirboði, **11.** karlkyn, **12.** kál, **14.** kölski, **16.** org, **17.** hyggja, **18.** skjön, **20.** 49, **21.** vingjarnleiki.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sitjandi, **3.** strit, **4.** vökumaður, **5.** umfram, **7.** fíflalæti, **10.** spíra, **13.** sigað, **15.** ekkert, **16.** bergmála, **19.** gyltu.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** aa, **8.** tau, **9.** spá, **11.** kk, **12.** salat, **14.** satan, **16.** óp, **17.** trú, **18.** mis, **20.** il, **21.** alúð.

**LÓÐRÉTT: 1.** rass, **3.** at, **4.** vaktari, **5.** auk, **7.** apaspil, **10.** ála, **13.** att, **15.** núll, **16.** óma, **19.** sú.


## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**Pétur Jóhann** leikari og skemmtikraftur var oftast þægur þegar hann var lítill en samt er fyrsta minning hans bundin prakkarastriki sem hann stóð í með bróður sínum.

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins




# Ljósmóðirin

BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðs-sonar



Herra forseti, hann er kominn," sagði aðstoðarmaðurinn. Forsetinn leit upp. „Einn?" „Nei, Styrmir er með honum, eins og um var samið." „Gott, vísaðu ritstjóranum inn, ég kalla á Styrmi á eftir." „Skal gert." Nokkrum sekúndum síðar var barið að dyrum.

**„KO**…" röddin gaf sig og forsetinn rak upp falsettu. Fjandinn, hann mátti ekki við þessu á þessum tímapunkti. Hann kyngdi munnvatni og dró inn andann: „Kom inn." Það ískraði í hjörunum þegar dyrnar opnuðust. Ritstjórinn var kominn.

**RITSTJÓRINN** leit í kringum sig, eins og til að ganga úr skugga um að þetta væri ekki fyrirsát, og gekk inn hægum skrefum. Mennirnir horfðu hvor á annan í vandræðalegri þögn og skiptust á að ræskja sig. Loks tók ritstjórinn af skarið. „Hvernig hefur frúin það?" „Áttu við þessa sem þú reyndir að ógilda hjónaband mitt við?" svaraði forsetinn kuldalega. Ritstjóranum brá greinilega en lét ekki slá sig út af laginu. „Já, ætli það hafi ekki verið „skítlega eðlið" sem náði yfirhöndinni?!" svaraði hann með sama hryssingi.

**„HVAÐ** viltu?" sagði forsetinn þreytulega. „Vil ég?" svaraði gesturinn. „Styrmir sagði mér að þú vildir tala við mig." „Nú," svaraði forsetinn, „hann sagði við mig að þú vildir tala við mig." „Herrar mínir!" gall í Styrmi, sem stikaði inn með kaffivagn á undan sér. „Ætli ég skuldi ykkur ekki skýringu á þessum fundi," sagði hann með afsakandi brosi. Augu ritstjórans tútnuðu út. „Já, heldurðu það?!"

**„ÞETTA** eru merkilegir tímar sem við lifum," útskýrði Styrmir og skenkti kaffi í bolla. „Undanfarinn áratug var hér ríkjandi hugmyndafræði sem þið fóruð fyrir, annar plægði jarðveginn og sáði í hann, en hinn vökvaði með mælsku sinni." Styrmir leit á þá til skiptis og brosti sínu sykraðasta brosi. „Að sönnu hefur orðið ákveðið bakslag í þeirri þróun en það þarf ekki að tákna endalokin."

**„HVAÐ** ertu að fara?" spurði forsetinn. „Ég er bara að segja að nú þarf að beita óhefðbundnum meðulum," sagði Styrmir, „og tímabært að vissir menn, umm … kyngi stoltinu og geri, öh … málamiðlanir. Hugsi sko um heildarmyndina." Styrmir sá birtu bregða fyrir í augum mannanna þegar hinn óumflýjanlegi sannleikur rann upp fyrir þeim; eins og þeir sæju hvor annan í réttu ljósi í fyrsta sinn á ævinni.

**ÞETTA** var góð stund. Styrmi hlýnaði að innan þegar hann fann efann sem hafði nagað hann í hálft þriðja ár víkja fyrir gamalli vissu: þetta var enn ógeðslegt þjóðfélag.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Helgarblað
alla laugardaga

## Tekst LeBron og félögum ætlunarverkið?

Ofurteymið í Miami Heat er komið í úrslitakeppni NBA-deildinnar sem hefst í dag, þótt það hafi síður en svo unnið allt.




**Meðal annars efnis:**

**Hverju skilaði skýrslan?**
Ár er liðið frá útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Fréttablaðið skoðar hverju hún hefur skilað.

**Skrifar á hverjum degi**
Jenna Jensdóttir heiðursverðlaunahafi Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í helgarviðtali.

**Dýrlegir páskaréttir**
Lambakjöt, eggjaréttir og óvæntur páskaeftirréttur í Matarblaðinu.

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ

*Samkvæmt Prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

**• FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •**

# TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ OKKAR

## SPORT-OUTLET Á 2JA ÁRA AFMÆLI UM ÞESSAR MUNDIR OG BÝÐUR ÞVÍ TIL TILBOÐSVEISLU



**HLAUPASKÓR - DÖMU**
STÆRÐIR: 36-39
VERÐ FRÁ: **9.990 kr.**



**RENND HETTUPEYSA DÖMU**
STÆRÐIR: XS-L
VERÐ: **4.990 kr.**
FULLT VERÐ: 14.990 kr.



**NÆRBUXUR - DÖMU**
STÆRÐIR: XS-L
VERÐ: **990 kr.**
FULLT VERÐ: 4.990 kr.



**STUTTERMABOLIR STRÁKA OG STELPU**
STÆRÐIR: 128-164
VERÐ: **1.490 kr.**
FULLT VERÐ: 4.490 kr.



**DRIFT CAT SKÓR**
BARNASTÆRÐIR: 21-35
VERÐ: **4.990 kr.**
FULLT VERÐ: 9.990 kr.



**HETTUPEYSA - BARNA**
STÆRÐIR: 128-164
VERÐ: **3.990 kr.**
FULLT VERÐ: 8.990 kr.



**FIRST ROUND LACE**
STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: **7.990 kr.**
FULLT VERÐ: 19.990 kr.

## VERÐDÆMI

| Vara | Fullt verð | Outlet-verð |
|---|---|---|
| Speedo Boundary sundbuxur | 8.990 kr. | 3.990 kr. |
| Speedo Esoteric sundbolur | 6.990 kr. | 3.990 kr. |
| Puma v5.10 markmannshanskar | 3.490 kr. | 2.490 kr. |
| Speedo sundskýla herra | 6.990 kr. | 3.990 kr. |
| Puma Originals peysa | 17.990 kr. | 9.990 kr. |
| Speedo bikiní stelpu | 6.990 kr. | 3.990 kr. |
| Puma bómullarbuxur | 6.990 kr. | 3.990 kr. |



**CRETE SKÓR - DÖMU**
STÆRÐIR: 36-42
VERÐ: **4.990 kr.**
FULLT VERÐ: 13.990 kr.

**SPORT OUTLET**

Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16

**OPIÐ SUNNUDAG KL. 13-17**







BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nýtt kortatímabil Opnum kl.10 í dag
NÝBAKAÐ
Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK
PEPSI MAX - PEPSI - APPELSÍN
89 KR. 500ml.
4 flöskur x 1.5 ltr.
COCA COLA
659 KR.6 ltr
FERSKT PIZZADEIG 295 KR. 400g
VANILLU - SÚKKULAÐI - JARÐARBERJA ÍS
298 KR. 2 ltr
ÍS-SÓSUR 259 KR. 300ml
ÖMMU SKONSUR 139 KR. 2 stk
BÓNUS PIZZASÓSA
198 KR. 430ml
PIZZAOSTUR
295 KR. 200g
NÝBAKAÐAR MJÚKAR
KRINGLUR
198 KR. 4 stk.
BÓNUS
MAYONNAISE
259 KR.550ml
BÓNUS FETI
295 KR. 250g
AFMÆLISTILBOÐ
1998 KR. 1 KG
BÓNUS 1 KG.
RISA PÁSKAEGG
SAMA VERÐ OG Í FYRRA
BRAUÐSALAT TVÆR GERÐIR
198 KR. 200g
PÁSKALILJA Í POTTI
398 KR.
DUNI PÁSKA SERVÍETTUR
298 KR.
SÝRÐUR RJÓMI 10% & 18%
139 KR. 200g
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nýtt kortatímabil Opnum kl.10 í dag
20% AFSLÁTTUR
2298 KR.KG
ÍSLANDSNAUT KRYDDLEGIN NAUTAVÖÐVI
2798 KR.KG
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTA RIBEY
MERKT VERÐ: 3498 KR.KG - 20% AFSLÁTTUR
2298 KR.KG
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTA PIPARSTEIK
1298 KR.KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1398 KR.KG
KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
479 KR. 940g
BÓNUS ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
259 KR.KG.
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1959 KR.KG.
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
659 KR.KG.
KJÖRFUGL FERSKIR BLANDAÐIR BITAR
599 KR.KG.
Íslandslamb úrbeinað
og snyrt lambalæri
í álbakka tilbúið í ofninn
Frábært verð:
1998 kr.kg
BÓNUS BLANDAÐ SALAT
459 KR.150g
25% AFSLÁTTUR
1949 KR.KG
ÚRBEINAÐ SKAGFIRSKT HANGILÆRI
MERKT VERÐ: 2598 KR.KG 25% AFSLÁTTUR
798 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBABÓGUR
1198 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1359 KR.KG
BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI
BÓNUS
KALDAR GRILLSÓSUR
198 KR. 270ml.
Sérskorið kryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1498 KR.KG
ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

**VORTÓNLEIKAR Í SALNUM** Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosópran boðar vorkomuna með ljóðasöngstónleikum í Salnum klukkan 17 á morgun. Með henni leika Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari. Á efnisskrá eru meðal annars söngflokkurinn Ást og ævi konu eftir Schumann, tvö sönglög eftir Brahms ásamt útsetningum á nokkrum íslenskum þjóðlögum fyrir selló, rödd og píanó eftir Margréti Sigurðardóttur.



**THOR VILHJÁLMSSON** Arfleifðin í farteskinu er annar hluti af fimm í kvikmyndabálki Erlendar Sveinssonar um pílagrímsgöngu Thors Vilhjálmssonar til Spánar.

# Pílagrímsganga Thors heldur áfram

Arfleifðin í farteskinu nefnist mynd um pílagrímsgöngu Thors Vilhjálmssonar til Spánar, sem verður frumsýnd í Bíó Paradís í kvöld. Þetta er annar hlutinn í fimm hluta kvikmyndabálki Erlendar Sveinssonar um göngu Thors til Santiago de Compostela á Norðvestur-Spáni en yfirheiti myndanna er Draumurinn um veginn.

Menningararfleiðin er meginstef þessa hluta og nauðsyn þess að varðveita hana og nærast af henni. Thor heldur áfram göngu sinni um Rioja-héraðið á Spáni og sem leið liggur inn í Kastilíu. Þar verður höfuðborgin Burgos skáldinu áhrifamikill viðkomustaður. Eftir Burgos skiptast á fjölbreytileg þorp og kornakrar spænsku hásléttunnar (Mezeta) en Arfleifðinni í farteskinu lýkur í bænum Fromista í Palenciu-héraði. Um 345 km eru þá að baki af þeim 800 km sem Thor hefur einsett sér að ganga á Jakobsveginum.

Myndin verður sýnd í Bíó Paradís til 25. apríl. Í tilefni af þessu verður fyrsti hluti bálksins, Inngangan, endursýndur í Bíó Paradís 15. og 17. apríl.

Aðalkvikmyndatökumaður er Sigurður Sverrir Pálsson, hljóðupptökur á Spáni annaðist Sigurður Hr. Sigurðsson, Bogi Reynisson sá um hljóðhönnun, þulur er Egill Ólafsson, Atli Heimir Sveinsson tónskáld er í hlutverki vinarins sem fylgist með göngu Thors úr fjarlægð en handrit, kvikmyndataka að hluta til, klipping, tónlistarval, framleiðsla og stjórn er í höndum Erlends Sveinssonar.

# JÖKLANETLEIKHÚSIÐ

**Jöklar nefnist nýtt íslenskt netleikrit sem frumsýnt verður í kvöld. Verkið er sett upp á fjórum mismunandi stöðum á landinu en heildarmyndina má nálgast á netinu.**



**AÐSTANDENDUR JÖKLA** Hrafnhildur Hagalín, leikskáld og dramatúrg, Árni Pétur Guðjónsson leikari og Steinunn Knútsdóttir, leikskáld og leikstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Netleikhúsið 408 herbergi frumsýnir leikritið Jökla eftir Hrafnhildi Hagalín og Steinunni Knútsdóttur í kvöld í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og á netinu. Verkið fjallar um Ófeig, 53 ára fyrrverandi dansara í hjólastól, sem lifir lífi sínu að mestu á netinu og býður þar upp á sjálfshjálparmeðferð í gegnum síðuna Glacierworld.net. Til hans leita þrjár persónur sem búa sín í hverjum landshlutanum og eiga allar við getuleysi af einhverju tagi að stríða. eru félagslega einangraðar og hafa búið til hliðarsjálf á veraldarvefnum. Þegar fimmta persónan blandast í leikinn verða hins vegar óvænt endaskipti á hlutunum.

„Við segjum söguna með þeim miðli sem hún gerist í og notum þannig veraldarvefinn sem bæði yrkisefni og leikrými," segir Steinunn Knútsdóttir, sem jafnframt leikstýrir verkinu. Á hverjum sýningarstað geta áhorfendur fylgst með verkinu frá sjónarhorni viðkomandi persónu en á netinu er hægt að sjá heildarsýn yfir atburðarásina.

Steinunn líkir ritun verksins við flókinn vefnað. „Við Hrafnhildur höfum unnið að því undanfarið ár að láta fléttuna ganga upp og hvern þátt styðja hver annan." Enn fremur reyni mikið á leikarana í þessu verki. „Áhorfendur eru nánast eins og fluga á vegg hjá þeim og það skiptir því miklu máli að þeir séu öruggir í sínu." Steinunn segir helsta kost netsins sem leikhússvettvangs að það geri fjarlægðir að engu, auk þess sem það verði til öðruvísi nánd milli leikara og áhorfanda en í hefðbundnu leikhúsi. Hrafnhildur og Steinunn fengu í fyrra tilnefningu til Evrópsku útvarpsverðlaunanna í flokki nýmiðla, fyrir netverkið Herbergi 408.

Leikarar í sýningunni eru Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Ársæll Níelsson, Halldóra Malín Pétursdóttir og Hellen Gould.

Hægt verður að fylgjast með sýningunum á síðunni herbergi408.is. Þá verða allar sýningarnar sýndar í einni sýningu í Bíóparadís 21. og 23. apríl næstkomandi.

bergsteinn@frettabladid.is



UPPHEIMAR

# KILJU MARKAÐURINN

**GERÐU GÓÐ KAUP Í KILJUM**

**Við Stórhöfða, beint á móti Bílasölu Guðfinns – 15., 16. og 17. apríl kl. 13:00-18:00**

## Gyrðir Elíasson

handhafi Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2011
áritar verðlaunabókina **MILLI TRJÁNNA**
laugardaginn 16. apríl kl. 14:00-16:00




## BÚÐU ÞIG UNDIR ÁNÆGJULEGA PÁSKA

## AÐEINS FJÖGUR VERÐ, FRÁ KR. 499-

































NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK | ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON | BÖÐVAR GUÐMUNDSSON | GYRÐIR ELÍASSON | PAUL AUSTER | LIZA MARKLUND | JO NESBØ | CAMILLA LÄCKBERG o.m.fl.

KOMDU VIÐ Í NÆSTU BÓKABÚÐ OG NÝTTU ÞÍNA ÁVÍSUN

*Gleðilegan lestur!*




NÝTTU ÁVÍSUNINA ÞÍNA Í NÆSTU BÓKABÚÐ – EÐA HJÁ OKKUR

UPPHEIMAR





FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir

# Ruslfæði fyrir óperuunnendur

Tónlist ★★

**Perluportið**
Íslenska óperan

**Leikstjórn:** Ágústa Skúladóttir. **Leikmynd:** Guðrún Öyahals. **Búningar:** Katrín Þorvaldsdóttir. **Flytjendur:** Ágúst Ólafsson, Gissur Páll Gissurarson, Hulda Björk Garðarsdóttir og Valgerður Guðnadóttir.



Hún var ósköp fátækleg, sýning Íslensku óperunnar á föstudagskvöldið.

Í orðsins fyllstu merkingu. Á sviðinu voru ruslafötur, veggjakrot og annað ógeð. Svo byrjuðu ruslatunnurnar að syngja. Og upp úr þeim stigu söngvarar íklæddir lörfum. Áttu greinilega að vera fátæklingar, öreigar sem ætluðu að gera sér glaðan dag. Hverfa úr veruleikanum um stund og skemmta sér eins og kóngar og drottningar.

Sýningin var líka fátækleg í öðrum skilningi. Það var ekki mikið í hana lagt. Maður varð ekki var við listrænan metnað. Fjórir söngvarar fluttu aðallega aríur af topp tíu listanum, og allt meðspil var í höndunum á einum píanóleikara.

Sumt var óneitanlega fyndið. Fólk hló að Gissuri Páli Gissurarsyni tenór, sem skaust upp og niður úr ruslatunnunni með tilþrifum. Það var líka fyndið þegar hann lék pínulítinn kóng. En flest annað virkaði ankannalega.

Til dæmis var stirðbusalegur dansinn í Bátssöngnum úr Ævintýrum Hoffmanns beinlínis hallærislegur. Og atriðið þar sem Ágúst Ólafsson söng Nautabanaaríuna úr Carmen, og hinir söngvararnir léku naut með kvenmannsskó fyrir horn, var eins og í lélegu áramótaskaupi.

Tónlistarlega séð var sýningin ekki slæm. Söngurinn var oft fagur. Sérstaklega var gaman að heyra Valgerði Guðnadóttur taka Una voce poco fa eftir Rossini. Og fleira. Hún söng af aðdáunarverðu öryggi. Ég held að ég hafi ekki séð hana á óperusviðinu síðan hún brilleraði í Sumaróperunni fyrir alltof mörgum árum síðan.

Hulda Björk Garðarsdóttir var líka glæsileg, enda með mikla og flotta rödd. Sömu sögu er að segja um Ágúst. Og Gissur átti góða spretti, sérstaklega í byrjun. Rödd hans glataði samt dálítið fókusnum eftir því sem á leið.

Antonía Hevesi lék á píanóið. Hún stóð sig ágætlega. Píanóleikurinn var tær og nákvæmur, lifandi og fullur af karakter.

Gallinn var sá að maður áttaði sig ekki á tilganginum með sýningunni. Allur hressleikinn, allt stuðið virkaði falskt. Og það vantaði plottið. Þegar ekkert gerðist – annað en sívaxandi bjánagangur – urðu herlegheitin sífellt ómerkilegri.

Þetta var síðasta sýning Íslensku óperunnar áður en hún flytur í Hörpu. Tónlistarlegt ruslfæði er engan veginn sæmandi fyrir svo merkt tímamót. En kannski átti sýningin að vera eins konar áramótaskaup, smá grín til að marka endalok tímabils. Þá hefðu brandararnir líklegast þurft að vera miklu fleiri.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Síðasta sýning Íslensku óperunnar í Gamla bíói olli vonbrigðum.






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 15. apríl 2011**

### Tónleikar

**12.00** Hádegistónleikar í **Víðistaðakirkju** verða í dag kl. 12. **Vigdís Klara Aradóttir** og **Guido Bäumer** leika verk eftir Marie-Héléne Fournier, Christian Lauba og Paul Hindemith. Aðgangseyrir kr. 1.000.



**21.00 Jussanam da Silva** heldur tónleika á **Café Haiti** kl. 21 í kvöld. Með henni spilar **Andrés Thor** og leika þau Bossa Nóva. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Tónlistarmaðurinn **Pétur Ben** leikur ásamt hljómsveit sinni á **Faktorý** kl. 23 í kvöld. Leikið verður nýtt efni í bland við eldra. Húsið opnað kl. 22. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



### Opnanir

**18.00** Ljósmyndasýningin **ÞINGVELLIR Í FÓKUS** opnar kl. 18 í kvöld í fræðslumiðstöð Þjóðgarðsins á **Þingvöllum**. Sýningin stendur til 13. júní.

### Síðustu forvöð

**14.00** Sýning á verkum eftir **Rut Rebekku** lýkur nú um helgina. Yfirskrift sýningarinnar er **Umbreyting**, en þar sýnir Rut abstrakt olíumálverk. Sýningin er opin frá kl. 14-18 og lýkur á sunnudag.

### Tónlist

**21.00** Tuttugasta og sjötta **Grapevine Grassroots** kvöldið fer fram á **Hemma og Valda** kl. 21 í kvöld. Tónlistarmyndbönd frumsýnd og listamenn stíga á svið. Frítt inn.

### Fyrirlestrar

**12.15 Peter Austin**, prófessor við University of London, heldur opinn fyrirlestur í **Hátíðarsal Háskóla Íslands** kl. 12.15 í dag. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**












# STJARNFRÆÐILEGAR UPPHÆÐIR

**Sexfaldur Lottópottur** stefnir í **60 milljónir.**
**Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

16/04 2011 | WWW.LOTTO.IS

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
**facebook.com/lotto.is**







**Svínahnakki úrb.**
**998,kr./kg**
verð áður 1.398,-/kg




**Lambafille m/fitu**
**2.998,kr./kg**
verð áður 3.498,-/kg




**FK hamborgarhryggur**
**1.298,kr./kg**



**Fjallalambs lambalæri (frosið)**
**1.199,kr./kg**
verð áður 1.498,-/kg




**Svínalundir**
**1.498,kr./kg**
verð áður 2.098,-/kg



**Fjallalambs fjallalæri kryddað**
**1.413,kr./kg**
verð áður 1.662,-/kg



**Lax reyktur/grafinn ½ flak**
**2.559,kr./kg**
verð áður 3.199,-/kg



**Grillaður kjúklingur**
**998,kr./stk.**
verð áður 1.198,-/stk.



**KF London lamb**
**1.358,kr./kg**
verð áður 1.698,-/kg



**KF léttreyktur lambahryggur**
**1.678,kr./kg**
verð áður 2.098,-/kg



**FK Svínahnakki úrb./ Svínakótelettur m/beini**
**1.398,kr./kg**



**KF Íslenskt heiðarlamb**
**1.398,kr./kg**
verð áður 1.568,-/kg

VISA
FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort
www.FJARDARKAUP.is




Egils malt ½L
**139,kr.**

Cocoa Puffs 690g
**798,kr.**

Egils appelsín 2L
**248,kr.**

Mackintosh 1kg
**1.698,kr.**

Vilko vöfflur
**398,kr.**

Þeytitoppur
**348,kr.**

## Mjólkur- og ostadagar 6.-16. apríl

Hrísmjólk
**107,kr.**




Rjómaostur
**178,kr./stk.**

Heimilis jógúrt
**194,kr./stk.**

Kotasæla
**305,kr.**

Smámál
**79,kr.**




LGG
**350,kr./stk.**

Benecol
**431,kr./stk.**

Melónur grænar
**298,kr./kg**

Coca Cola 4x2L
**749,kr.**

Betty Fudge cake
**498,kr.**

## NÝTT




Frosin ber og ávextir
Frábært í boostið

Crop´s ávextir og ber í kílóa pokum
verð frá **552,kr./pokinn.**

**Tilboð gilda til laugardagsins 16. apríl**

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

FK
FJARÐARKAUP

# Fólk

folk@frettabladid.is

**2009** *Var árið þegar Jennifer Aniston og Bradley Cooper voru kærustupar. Þau hættu saman en samkvæmt People.com eru leikararnir farnir að stinga saman nefjum á nýjan leik.*





**JOHN LENNON** Handskrifaður texti hans við lagið Lucy in the Sky with Diamonds verður seldur á uppboði í maí.

## Lennon-texti boðinn upp

Handskrifaður texti Johns Lennon við Bítlalagið Lucy in the Sky with Diamonds verður seldur á uppboði í Los Angeles um miðjan maí. Talið er að yfir 22 milljónir króna fáist fyrir textann. Á textablaðinu er þriðja erindi lagsins skrifað niður og fyrsta setning lagsins She´s Leaving Home. Bæði lögin eru á plötunni Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band sem kom út 1967. Þegar Lucy in the Sky with Diamonds kom út töldu sumir að lagið fjallaði um eiturlyfið LSD. Lennon neitaði þessu og sagði að innblásturinn hefði verið mynd sem sonur hans teiknaði af vinkonu sinni í skólanum sem hét Lucy Vodden.

# Íslensk tíska fær mikið hrós að utan

**Mundi, Hildur Yeoman og KronKron fá mest hrós erlendra tískuspekúlanta eftir Reykjavík Fashion Festival.**

Í tengslum við tískuhátíðina Reykjavík Fashion festival flykktust hingað erlendir spekúlantar frá hinum ýmsu miðlum og nú er farið að bera á umfjöllunum víða á netinu um íslenska fatahönnun.

Þeir sem vekja einna helst umtal og áhuga hingað til eru Mundi, Hildur Yeoman og KronKron. Myndabloggið Last night's party er með heila myndaseríu tileinkaða Munda undir fyrirsögninni Mundis World, sem og að hann er kallaður undradrengurinn af Dazed Digtal. „Ég er náttúrlega mjög glaður með alla þessa umfjöllun og fann óneitanlega fyrir miklum áhuga á meðan á RFF stóð og núna,“ segir Mundi og er mjög ánægður með hvernig tískuhátíðin fór fram „Þetta gekk mjög vel og frábært að þessi hátíð hafi fengið svona mikla umfjöllun í þessum stóru tískumiðlum og bloggum. Nú vantar bara að vekja borgina og ríkið um að fatahönnun er alvöru iðnaður sem vel er hægt að græða pening á.“

Hinn frægi tískubloggari Susanna Wing Shi eða Susie Bubble klappar fyrir Hildi Yeoman og og gefur henni mikið hrós fyrir handbragð á meistarastigi. Einnig gerir Bubble, sem er lesin af mörg hundruð þúsund manns á dag, KronKron-hjónunum Hugrúnu og Magna góð skil á blogginu og segir búð þeirra vera sú langflottasta á Íslandi og þó víðar væri leitað í heiminum. Þýska tískubloggið I love ponys Mag útnefnir einmitt Munda og Kron Kron sem uppáhalds á hátíðinni.

Danska tískuritið Eurowoman birtir myndir frá hátíðinni á vefsíðu sinni undir yfirskriftinni svöl tíska frá Reykjavík. Blaðamaður segir að sum merkin hafi meira notagildi en annað en engu að síður sé hátíðin staðfesting á því að mikil gróska sé í íslenskri fatahönnun.

Vefsíða tískutímaritsins W stiklar á stóru um hátíðina og útnefnir blaðamaðurinn íslensku merkin KronKron, Munda, Hildi Yeoman, Andersen&Lauth, Sruli Recht og Eygló sem flottustu af þeim 22 merkjum sem tóku þátt.

alfrun@frettabladid.is



**UNDRADRENGUR** Erlendir fjölmiðlar keppast við að hrósa Munda fyrir skemmtilega hönnun og frumleg prjónamunstur.



**MEISTARALEGT HANDBRAGÐ** Hildur Yeoman fær hrós frá Susie Bubble og W fyrir flotta fatalínu.



**KARLMANNLEGT OG TÖFF** Sruli Recht var með einu sýninguna sem hefði sómt sér vel á alþjóðlegum tískupalli að mati W Magazine.



**DRULLUSOKKURINN OG KYNLÍFSFÍKILLINN** Paul Giamatti í hlutverki Barneys Panofsky og Dustin Hoffman í hlutverki pabba hans í Barney's Version.

Bíó ★★★★

**Barney's Version**

Leikstjóri: Richard J. Lewis

**Aðalhlutverk:** Paul Giamatti, Rosamund Pike, Dustin Hoffman, Minnie Driver, Scott Speedman, Bruce Greenwood.

## Þarf að vera tilgangur?

Paul Giamatti leikur Barney Panofsky, bitran og léttklikkaðan sjónvarpsþáttaframleiðanda sem hefur farið illa með sig í gegnum árin. Hann hefur verið kvæntur í þrígang, hann á við drykkjuvandamál að stríða og hefur í þrjá áratugi verið grunaður um að hafa orðið vini sínum að bana, þrátt fyrir að aldrei hafi neitt sannast á hann. Barney rifjar upp fortíðina, hjónabönd sín og dauðsfall vinarins. Stærsti hluti myndarinnar samanstendur af svipmyndum úr fortíðinni. Eða allavega eins og Barney man eftir þeim.

Giamatti er afskaplega hæfileikaríkur leikari og með dyggri aðstoð förðunarteymisins nær hann að túlka þennan geðstirða gamlingja á sannfærandi hátt. Giamatti sjálfur er ekki nema rétt skriðinn yfir fertugt. Dustin Hoffman er síðan hryllilega fyndinn sem hinn kynóði og ávallt pínlegi pabbi Barneys. Aðrir leikarar standa sig einnig ljómandi vel. Minnie Driver á til dæmis stutta en skemmtilega innkomu sem leiðinlegasta kona heims.

Í raun er Barney samt algjör drullusokkur. Hann telur sig ætíð vera að gera rétt, en það forðar honum þó ekki frá því að sýna svínslega hegðun trekk í trekk. Það getur verið erfitt að gleyma sér í mynd þar sem aðalpersónan er siðblint fól, en persónan er áhugaverð og Giamatti gerir hana mannlega. Svei mér þá, mér var farið að þykja vænt um óbermið undir restina.

Myndin reynir aldrei að þröngva siðferðisboðskap upp á áhorfandann. Margar myndir vilja kenna manni lexíu um lífið, binda hlutina snyrtilega saman í lokin, og virðast hafa skýran tilgang. Barney's Version er hins vegar óræð og leyfir ímyndunaraflinu að leika lausum hala. Er tilgangur með myndinni? Þarf að vera tilgangur? Nafn sjónvarpsþáttafyrirtækis Barneys, Totally Unnecessary Productions, er mögulega vísbending um „mikilvægi“ hans sem manneskju. Hann er allur af vilja gerður, en þegar öllu er á botninn hvolft hefur hann lítið fram að færa. Til þess er hann of eigingjarn.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Lágstemmd og óvenjuleg mynd um mann sem maður vill síður þekkja. Paul Giamatti heldur myndinni þó vel fyrir ofan meðalmennskuna.




Edge



Jazz

mjúkir, stífir
langir, stuttir
stórir, litlir
djúpir, grunnir

við sérhæfum okkur
í sófum og stólum



Gyro



Hera

LÍNAN

Bæjarlind 16 - Kóp - S: 553 7100 www.linan.is

BJÓÐUM VAXTALAUS VISA / MASTERCARD KORTALÁN Í 3, 6 EÐA 12 MÁNUÐI


HARRY POTTER
DVD KOMIN Í VERSLANIR
TWO-DISC SPECIAL EDITION
Harry Potter and the Deathly Hallows Part 1
betra verð
2.499.-
Walt Disney Bambi
2.699.-
Disney Bambi 2 Special Edition
2.299.-
Life as we know it
2.499.-
MANNASIDIR GILLZ
2.499.-
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
24 Hagkaup
Gildir til 20. apríl á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# ZETA-JONES Á GEÐDEILD

**Catherine Zeta Jones hefur lagt sjálfa sig inn á geðdeild. Hún hefur verið greind með geðhvörf en talið er að sjúkdómurinn hafi blossað upp vegna streitu í kringum veikindi eiginmanns hennar.**



**MEÐ GEÐHVARFASÝKI** Catherine Zeta-Jones hefur verið greind með geðhvörf og hefur af þeim sökum ákveðið að leggjast inn á geðdeild í skamman tíma. Bresk geðsamtök hrósa leikkonunni fyrir hugrekki sitt; að hafa ekki farið í felur með sjúkdóminn.
NORDICPHOTOS/GETTY

Það hefur mikið gengið á lífi Catherine Zetu-Jones og eiginmanns hennar, Michael Douglas. Hann greindist með krabbamein í hálsi á síðasta ári og þrátt fyrir að hafa lýst því yfir í janúar síðastliðnum að meinið væri horfið og hann hefði sigrast á sjúkdómnum fylgir því augljóst stress að berjast við svo skæðan sjúkdóm. Samkvæmt talsmanni hennar ákvað Zeta-Jones að skrá sig sjálf inn á geðsjúkrahús til að ná tökum á sjúkdómnum sem hefði látið á sér kræla í kringum baráttu Douglas við krabbameinið. „Henni líður vel og hún gerir ráð fyrir því að snúa til vinnu aftur í næstu viku enda með tvö verkefni í farvatninu,“ segir í fréttatilkynningu frá talsmanni Jones, Cece Yorke.

Málið hefur vakið mikla athygli á Bretlandseyjum. Samkvæmt ítarlegri frétt á fréttavef BBC hefur Jones verið greind með bipolar II en sjúkdómurinn brýst fram í örum og stuttum geðsveiflum. Bipolar er almennt best þekktur sem „manic depression“ og hefur verið skipt í tvo hópa; annars vegar bipolar I þar sem geðsveiflurnar koma fram sjaldan en eru djúpar og langar og hins vegar bipolar II sem Zeta-Jones glímir við.

Geðlæknar á Bretlandi hafa hrósað leikkonunni fyrir hugrekki sitt; að senda út fréttatilkynningu til fjölmiðla og tilgreina nákvæmlega hvaða sjúkdóm verið sé að vinna með í stað þess að hlaupa í felur með hann eins og svo oft sé gert með geðsjúkdóma. „Það ríkja enn miklir fordómar gagnvart geðsjúkdómum úti í samfélaginu en Jones hefur gefið fólki von sem kannski þarf að kljást við sinn geðsjúkdóm í þögn af ótta við útskúfun,“ segir Mark Davies hjá geðsamtökunum Rethink. Hann bætir því við að Jones fái væntanlega nauðsynleg lyf og verði boðið upp á samtalsmeðferð. „Það er margt sem getur komið þessum geðhvörfum af stað og hvert tilfelli er einstakt.“

Alun Thomas hjá velsku geðhjálparsamtökunum Hafal sagði í samtali við BBC að mikilvægu fréttirnar væru þær að Jones hefði leitað sér hjálpar. „Við megum samt ekki gleyma því að margir mjög heimsfrægir listamenn hafa verið greindir með þennan sjúkdóm og flestir þeirra ná sér og lifa mjög eðlilegu lífi. Það er svo auðvelt að gera sér mat úr þessu og búa til fjölmiðlasirkus en aðalmálið er að málefnið komist upp á yfirborðið og vakin sé athygli á sjúkdómnum.“

freyrgigja@frettabladid.is








SMÁRABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL Í LÚXUS ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.15 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10.20 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| RIO 2D ENSKT TAL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 8 - 10.10 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 10 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 8 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| RIO - ISL TAL 3D | 4 og 6 |
| SCREAM 4 - FORSÝNING | 10.10 (POWER) |
| YOUR HIGHNESS | 8 og 10 |
| HOPP - ENS TAL | 8 |
| HOPP - ISL TAL | 4 og 6 |
| KURTEIST FÓLK | 4, 6, 8 og 10 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| RED RIDING HOOD | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| RED RIDING HOOD Luxus VIP | kl. 3:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| CHALET GIRL | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SOURCE CODE Luxus VIP | kl. 5:50 | VIP |
| SUCKER PUNCH | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS 3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHALET GIRL | kl. 6 - 8 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10:30 | 12 |
| GEIMAPARNIR 2 ísl tal | kl. 6 | L |
| BARNEY'S VERSION | kl. 8 | L |
| SOURCE CODE | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| CHALET GIRL | kl. 6 - 8 - 10:20 | L |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HOP M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| CHALET GIRL | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| RIO ísl. Tal 3D | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| RIO ísl. Tal 2D | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 | 12 |
| LIMITLESS | kl. 10.35 | 14 |
| MARS NEEDS MOMS ísl. Tal 3D | kl. 3.20 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| RED RIDING HOOD | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 | L |
| THE ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | kl. 10:40 | 10 |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti sýnd í síðasta sinn | kl. 5:40 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

LANDMARK FASTEIGNASALA

OPIÐ HÚS Í DAG KL.17-18 – VALLARGERÐI 4, KÓP.



Sýnum í dag fallegt tvílyft einbýlishús með bílskúr alls 189,7fm sem hefur verið endurnýjað mjög mikið síðustu ár. Stór gróin garður með sólpalli, heitum potti og baðhúsi. Verð kr: 47,9.- millj.

Sveinn Eyland sölufulltrúi á staðnum gsm: 6.900.820

LANDMARK fasteignasala – Bolholti 4 s: 512.4900

BÍÓ PARADÍS — BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| BOY | 18:00, 20:00, 22:20 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 22:00 |
| BLUE VALENTINE | 22:00 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| MAX OPHULS MÁNUÐUR: LA RONDE | 20:00 |
| DRAUMURINN UM VEGINN, 1. HLUTI | 17:50 |
| DRAUMURINN UM VEGINN, 2. HLUTI | 20:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Fáðu tilboð í pallaefnið!



## NÝTT Í BYKO

**Brúnt gagnvarið efni**

- Tilbúið til notkunar.
- Ekki nauðsynlegt að mála strax.
- Sömu gæði gagnvarnar og áður.
- Betri grunnur fyrir dökka liti.

### FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN!

| | |
|---|---|
| 0058254 | Fura, alhefluð, 22x95 mm A-gagnvarið |
| 0058324 | Fura, alhefluð, 27x95 mm A-gagnvarið |
| 0058504 | Fura, alhefluð, 45x95 mm A-gagnvarið |
| 0058506 | Fura, alhefluð, 45x145 mm A-gagnvarið |
| 0059954 | Fura, alhefluð, 95x95 mm A-gagnvarið |



Vnr. 0291471

**Blómakassi**

Blómakassi,
27 mm, 40x40 cm.

**2.890**



Vnr. 0291480

**Stiklur**

60x60 cm

**1.390**



**6.890** kr./stk.

Vnr. 0039496/8

**Plastpallaefni**

Plastpallaefni, brúnt, 25x150 mm, 5,4 m á lengd, viðhaldslítið, sýruþolið, þolir t.d. klór og salt, enginn fúi, sveppa/mygluþolið, springur ekki, auðvelt viðhald háþrýstiþvottur og sópun, umhverfisvæn blanda af plasti og trefjum.

ALLT FYRIR PALLINN - ALLT FYRIR PALLINN - ALLT FYRIR PALLINN - ALLT FYRIR PALLINN - ALLT FYRIR PALLINN

## Ráðgjöf landslagsarkitekts

Í sumar veitir BYKO viðskiptavinum sínum ráðgjöf og faglegar ráðleggingar vegna framkvæmda í garðinum.





**ALLAR TEIKNINGAR GERÐAR Í ÞRÍVÍDD**

Viðskiptavinurinn fær hálftíma ráðgjöf sem kostar **kr. 5.900**. Upphæðin er inneign þegar keypt er palla- og girðingarefni hjá BYKO.

Skráning á netfangið **margret@byko.is** og í síma **515 4135** alla virka daga frá 10-16.

BYKO

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# sport

sport@frettabladid.is



**SUNNA JÓNSDÓTTIR** hefur söðlað um og gengið til liðs við Fram í N1-deild kvenna. Sunna kemur frá Fylki, þar sem hún hefur leikið allan sinn feril, en hún gerði nú tveggja ára samning við Framara. Áður hafði Fram fengið markvörðinn Guðrúnu Ósk Maríasdóttur frá Fylki.



**STERKIR** Jakob Sigurðarson og Hlynur Bæringsson áttu báðir góðan leik í gær eins og oftast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sænski körfuboltinn:

## Sundsvall spilar um titilinn

**KÖRFUBOLTI Sundsvall Dragons tryggði sér í gær sæti í lokaúrslitunum í úrslitakeppni sænsku úrvalsdeildarinnar með því að sópa Södertälje Kings úr undanúrslitunum, 3-0.**

**Sundsvall vann þriðja leik liðanna örugglega á heimavelli, 104-79. Liðið náði forystu strax á fyrstu mínútu og lét hana aldrei af hendi en staðan í hálfleik var 56-38. Jakob Sigurðarson og Hlynur Bæringsson voru sem fyrr í lykilhlutverki í liði Sundsvall í kvöld. Jakob skoraði sextán stig og gaf sex stoðsendingar en Hlynur var með fimmtán stig og níu fráköst.**

**Sundsvall mætir annað hvort LF Basket eða Norrköping Dolphins í úrslitarimmunni. Staðan í undanúrslitaeinvígi þeirra er 1-1.**

**- esá**




# FH með öll tök í fyrsta leik

**FH-ingar spiluðu líklega sinn besta varnarleik í vetur þegar þeir unnu Framara með sjö marka mun í fyrsta undanúrslitaleik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn. Þeir héldu einbeitingu allan leikinn og Fram komst aldrei nálægt þeim.**

**HANDBOLTI** „Við þurftum alveg að hafa fyrir þessu en spiluðum frábæran leik og uppskárum eftir því,“ sagði Ásbjörn Friðriksson, leikmaður FH, eftir að liðið vann Fram í undanúrslitum Íslandsmótsins í handbolta 29-22.

Hafnarfjarðarliðið var mun betra í þessum leik og ljóst er að mikið þarf að breytast hjá Fram ef liðið ætlar ekki að skella sér í sumarfrí á laugardag. „Maður bjóst við að þeir myndu spila 5+1 meira en vörnin var ekki svo mikið vandamál hjá þeim. Það kom annars fátt á óvart hjá þeim,“ sagði Ásbjörn.

Lykillinn að sigri FH í gær var kannski helst góður varnarleikur. „Við höfum spilað góða vörn og gert það alltaf betur og betur eftir því sem liðið hefur á veturinn. Það verður vonandi áframhald á því. Þetta er bara einn sigur, þótt við höfum unnið svona sannfærandi. Þeir geta jafnað þetta á laugardaginn svo við verðum að mæta tilbúnir,“ sagði Ásbjörn. „Við ætlum bara að vinna þann leik, sama hvernig við förum að því. Það er vitað að það verður erfitt.“

FH-ingar voru yfir nánast allan leikinn í gær. Ólafur Gústafsson sló taktinn snemma leiks með þrumuskotum og gestirnir úr Safamýri fundu ekki glufur á vörn heimamanna. Staðan í hálfleik var 14-9.

Einbeittir Hafnfirðingar hleyptu Frömurum aldrei nálægt sér í seinni hálfleiknum. Þeir voru með öll tök á leiknum og ef hægt er að segja að aðeins eitt lið hafi verið á vellinum í handbolta þá á það við um þennan leik. Á endanum vann FH sjö marka sigur.



**ÁSBJÖRN FRIÐRIKSSON** Leikstjórnandinn öflugi í liði FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Þeir voru töluvert sterkari en við í þessum leik,“ sagði Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram, eftir leikinn í kvöld. „Við vorum sérstaklega hægir sóknarlega. Mér fannst vanta miklu meiri áræðni og hraða í okkar sóknarleik. Varnarlega er ég nokkuð sáttur.“

Reynir segir að liðið þurfi að bæta hraðann í sóknarleiknum fyrir seinni leikinn. „Maður spyr sig hvort eitthvað hafi verið að angra menn í dag en þetta er bara rétt að byrja. Við öndum rólega og hingað mætum við aftur á mánudaginn. Það er bara þannig.“

Einar Andri Einarsson, annar af þjálfurum FH, var ánægður með varnarleik síns liðs. „Sóknin var einnig mjög öguð hjá okkur svo ég myndi segja að við höfum spilað mjög vel. Við náðum mjög snemma ákveðinni forystu og náðum að halda þeim í fimm til sex marka forskoti allan tímann. Þetta var mjög stöðugt og allir sem komu inn skiluðu sínu,“ sagði Einar, sem býst við að leikurinn á laugardag verið erfiðari.

„Þeir eru nú komnir með bakið upp við vegginn og við verðum að fara vel yfir þennan leik og sjá hvað við getum lagað. Það verður örugglega jafnari leikur.“

**elvargeir@frettabladid.is**

Akureyri vann fyrsta leikinn í undanúrslitarimmu sinni gegn FH í gær:

# Fjórði sigur Akureyrar gegn HK

**HANDBOLTI** Akureyri virðist vera með gott tak á HK-ingum og ekki breyttist það í gær. Þá unnu norðanmenn fyrsta leik liðanna í undanúrslitarimmu þeirra í úrslitakeppni N1-deildar karla. Akureyri vann þriggja marka sigur, 26-23, eftir að jafnt var í hálfleik. Þetta var í fjórða sinn sem liðin mætast á tímabilinu og hefur Akureyri unnið alla leikina.

„Ég er ánægður með sigurinn,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, eftir leikinn. „Við unnum og það er fyrir öllu. Þetta var hörkuleikur enda ekki við öðru að búast í úrslitakeppninni. Svona verður þetta alltaf.“

HK komst 4-1 yfir snemma leiks og var með undirtökin lengst af í fyrri hálfleik. Akureyri komst svo yfir í upphafi þess síðari og lét forystuna aldrei af hendi eftir það.

„Þetta var í fyrsta sinn sem við lendum undir á móti þeim. Yfirleitt höfum við leitt nokkuð örugglega í þessum leikjum, sem hafa þó flestir verið spennandi,“ sagði Atli.

„Við vorum frekar ósáttir við fyrri hálfleikinn og vildum að vörnin tæki fleiri bolta. Það lagaðist í seinni hálfleik, sem skóp í raun þennan sigur. Það er það sem við þurfum að laga fyrir næsta leik – að loka vörninni betur og fá fleiri mörk úr hraðaupphlaupum. Í því erum við bestir,“ sagði Atli en næsti leikur liðanna verður í Digranesinu á morgun.

**- esá**



**SVEINBJÖRN ÖFLUGUR** Sveinbjörn Pétursson var sem fyrr góður í marki Akureyrar í gær.

## ÚRSLIT

*N1-deild karla*

**UNDANÚRSLIT**

**FH - Fram 29-22 (14-9)**

**Mörk FH (skot)**: Ólafur Guðmundsson 7 (10), Ásbjörn Friðriksson 6/2 (8/3), Ólafur Gústafsson 5 (7), Baldvin Þorsteinsson 3 (4), Ari Magnús Þorgeirsson 2 (3), Örn Ingi Bjarkason 2 (3), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (2), Benedikt Reynir Kristinsson 2 (2).
**Varin skot**: Daníel Andrésson 11, Pálmar Pétursson 4/1.
**Hraðaupphlaupsmörk**: 3 (Ari, Baldvin, Benedikt)
**Fiskuð víti**: 3 (Örn Ingi 2, Ólafur Guðm)
**Utan vallar**: 6 mínútur.

**Mörk Fram (skot)**: Einar Rafn Eiðsson 9/3 (13/4), Jóhann Gunnar Einarsson 5 (9), Arnar Birkir Hálfdánarson 3 (3), Halldór Jóhann Sigfússon 2 (3), Magnús Stefánsson 1 (2), Haraldur Þorvarðarson 1 (4), Andri Berg Haraldsson 1 (5), Jóhann Karl Reynisson 0 (1).
**Varin skot**: Björn Viðar Björnsson 11/1, Magnús Erlendsson 5.
**Hraðaupphlaupsmörk**: 4 (Einar 2, Jóhann, Arnar)
**Fiskuð víti**: 4 (Haraldur 2, Halldór, Hákon)
**Utan vallar**: 10 mínútur
*FH leiðir einvígið, 1-0.*

**Akureyri - HK 26-23 (13-13)**

**Mörk Akureyrar (skot)**: Bjarni Fritzson 7/2 (11/2), Oddur Gretarsson 6/1 (10/1), Daníel Örn Einarsson 4 (5), Guðmundur H. Helgason 4 (10), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (2), Heimir Örn Árnason 2 (4), Bergvin Þór Gíslason 1 (1), Jón Heiðar Sigurðarson (1).
**Varin skot**: Sveinbjörn Pétursson 19/1 (42/4, 45%), Stefán Guðnason 2 (2/1, 100%)
**Hraðaupphlaup**: 3 (Bjarni 1, Heimir Örn 1, Oddur 1)
**Fiskuð víti**: 3 (Guðmundur H. 2, Bjarni 1)
**Utan vallar**: 8 mínútur

**Mörk HK (skot)**: Ólafur Bjarki Ragnarsson 10 (16), Sigurjón F. Björnsson 3 (3), Atli Ævar Ingólfsson 3 (5), Leó Snær Pétursson 2 (4), Daníel Berg Grétarsson 2/2 (5/3), Bjarki Már Elísson 2/1 (6/2), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (2), Bjarki Már Gunnarsson (1), Atli Karl Bachmann (1), Hörður Másson (1).
**Varin skot**: Björn Ingi Friðþjófsson 17 (42/3, 40%)
**Hraðaupphlaup**: 4 (Ólafur Bjarki 3, Bjarki Már 1)
**Fiskuð víti**: 5 (Vilhelm Gauti 2, Bjarki Már 1, Ólafur Bjarki 1, Atli Ævar 1)
**Utan vallar**: 8 mínútur
*Akureyri leiðir einvígið, 1-0.*

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| HK - Akureyri | á morgun kl. 16 |
| Fram - FH | á morgun kl. 16 |

*Evrópudeild UEFA*

**Spartak Moskva - Porto 2-5**
Porto vann samanlagt, 10-3.
**PSV Eindhoven - Benfica 2-2**
Benfica vann samanlagt, 6-3.
**FC Twente - Villarreal 1-3**
Villarreal vann samanlagt, 8-2.
**Sporting Braga - Dynamo Kiev 0-0**
Braga komst áfram þar sem liðið skoraði fleiri mörk á útivelli í rimmunni. Fyrri leiknum lauk með 1-1 jafntefli í Úkraínu.

**UNDANÚRSLIT**

Braga - Benfica
Porto - Villarreal
Leikirnir fara fram 28. apríl og 5. maí.




adidas® is all in



**RÆÐA MÁLIN** Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, og Björgvin Rúnarsson dómari.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hrafn Kristjánsson:

## Þeir börðu vel á okkur í kvöld

**KÖRFUBOLTI „Þetta var alvöru leikur og ég er bara hrifinn af því sem Stjarnan gerði. Þeir breyttu ekki grunnskipulaginu en komu út og börðu svolítið vel á okkur. Það var greinilega það eina rétta í stöðunni og við vorum svolítið lengi að átta okkur á því,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, eftir tapið í gær.**

**„Ég hafði trú á því allan tímann að við myndum taka þetta undir lokin en þetta féll ekki með okkur að þessu sinni,“ sagði Hrafn en hann var ekki alveg sáttur við dómgæsluna undir lok leiksins og vildi sjá dómarana setja meiri tíma á klukkuna þegar KR fékk lokatækifæri til að skora.**

**„Mér fannst eins og enginn vissi hvað væri í gangi í lokin. Ég vona að dómararnir hafi notað sjónvarpið og fundið út að það væru bara 0,2 sekúndur eftir. Mér fannst vera meiri tími eftir,“ sagði Hrafn, sem býst við hörkuleikjum í kjölfarið.**

**„Stjarnan er í úrslitunum af góðri ástæðu. Þetta er hörkulið og það mátti alveg búast við því að þetta yrði alvöru sería.“** - hbg

# NÚNA MÆTTU ALLIR Í PARTÍIÐ

**Teitur Örlygsson sagði að sínu liði hefði liðið eins og boðflennum í afmæli í fyrsta leiknum gegn KR um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta. Hans menn voru mættir í betri fötin í gær og tóku fullan þátt í gleðinni.**

**KÖRFUBOLTI** Stjörnumenn sýndu mikinn karakter, baráttu og þor í Ásgarði í gær er þeir blésu á allar hrakspár, spiluðu hörkuleik og unnu frábæran sigur á KR, 107-105, í hreint út sagt frábærum körfuboltaleik.

Leikurinn var skemmtun frá upphafi til enda. Jafnræði var með liðunum allan leikinn og það kom aldrei fyrir að annað liðið næði afgerandi forskoti. Stjörnumenn voru þó ávallt skrefi á undan. Þeir voru mun sterkari í fyrri hálfleik og ef ekki hefði verið fyrir sýningu Marcus Walker hjá KR hefði Stjarnan verið með afar góða stöðu í hálfleik.

Þá leiddu þeir aðeins með tveim stigum, 54-52, en Walker skoraði 24 stig í hálfleiknum og var algjörlega magnaður.

**Hiti í lokamínútunum**

Stjörnumenn voru sem fyrr skrefi á undan í síðari hálfleik en KR-ingar neituðu að gefast upp og voru alltaf rétt á eftir. Mikill hiti var í liðunum í lokaleikhlutanum og lá við að upp úr syði. KR-ingar minnkaði muninn í eitt stig, 106-105, þegar 16 sekúndur voru eftir og fengu tækifæri til þess að jafna eða vinna leikinn í lokasókninni. Það gekk ekki eftir og Stjörnumenn fögnuðu hreint ógurlega í leikslok og máttu það vel.

„Það mættu allir í partíið í dag. Okkur leið í fyrsta leiknum eins og við værum boðflennur í afmæli. Eins og okkur væri ekki boðið. Nú erum við komnir með boðsmiðann og það eru allir mættir eins og sjá mátti í dag,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, kátur en lið hans lék virkilega vel og sex leikmenn skoruðu tíu stig eða meira.

**Líður vel í spennandi leikjum**

„Framlagið frá Jovan, Fannari og Marvin að þessu sinni var allt annað og munar mikið um það. Þeir voru ekki með í fyrsta leiknum. Við hefðum átt að leiða stórt í hálfleik miðað við spilamennskuna en Marcus var með sýningu sem var ekki hægt að stöðva,“ sagði Teitur, en hans lið sýndi stáltaugar enn eina ferðina í jöfnum leik.

„Okkur líður mjög vel í spennandi leikjum og við erum með flotta stráka og góðar vítaskyttur. Sjálfstraustið var mikið undir lokin og menn stigu upp á báðum endum vallarins. Allir í liðinu skiluðu sínu og líka þeir sem fengu fæstar mínútur. Ég var hæstánægður með þetta,“ sagði Teitur, en hans menn hafa nú hrist af sér flenginguna í fyrsta leik og eru búnir að gera rimmuna að alvöru einvígi.

„Sviðsskrekkurinn verður farinn í næsta leik í DHL-höllinni. Núna verður bara tilhlökkun að spila og við getum ekki beðið eftir næsta leik.“ henry@frettabladid.is



**STJARNAN JAFNAÐI METIN**
Justin Shouse og félagar svöruðu fyrir sig í rimmunni gegn KR í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Justin Shouse og Fannar Helgason, Stjörnunni:

## Við eigum fullt erindi í þessa rimmu

**KÖRFUBOLTI** „Svona hafa leikirnir verið hjá okkur í allan vetur. Við gerum okkur ekki auðvelt fyrir. Það er hluti af skemmtuninni. KR er síðan frábært lið og menn rúlla ekkert yfir það,“ sagði Justin Shouse brosmildur eftir leik.

„Það hafa margir efast um að við ættum erindi í þessa úrslitaleiki en ég tel okkur hafa sýnt í kvöld að við eigum fullt erindi í þessa rimmu. Við erum ekki bara ánægðir að vera hérna. Vissulega ætlum við að skemmta okkur en við ætlum okkur meira en það. Af hverju getum við ekki farið alla leið?“ sagði Justin brattur.

Fannar Helgason, fyrirliði Stjörnunnar, fann sig engan veginn í fyrsta leiknum en átti fínan leik í gær. „Mér finnst við vera með mjög gott lið og KR er líka gott lið, sérstaklega ef það fær að spila sinn leik. Það er lykilatriði að stöðva hraðaupphlaupin hjá KR-ingum því þeir eru ekkert sérstakir að setja upp sóknir. Þar held ég að við séum sterkari. Ef við náum að spila á okkar hraða erum við betra lið,“ sagði Fannar kokhraustur.

„Þetta var flottur leikur og svona vilja allir hafa þetta. Þetta á ekki að vera eins og í fyrsta leiknum þegar við mættum ekki tilbúnir. Þá vorum við eins og aumingjar og það gerist ekki aftur.“ - hbg



# SJÓNVARPSTILBOÐ




**Panasonic**
**ideas for life**

**Panasonic TXP46G20**
46" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film Play Back, Digital Cinema Colour, C.A.T.S HDTV DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2x USB fyrir Wi-Fi/ HDD, 2x Scart, 4x HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 369.990




**Með iPod vöggu**

**Panasonic TXL22D28**
22" Pure Line IPS LED LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn, Vreal 5, 50.000:1 skerpu, 24p Smooth Film/Play Back, 2msec svartíma, 3D Colour, stafrænum háskerpu HDTV DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI, CI rauf, SVHS, CVBS, PC, Optical út, heyrnatólstengi, iPod vöggu ofl.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 99.990




**Panasonic TXL32X20**
32" HD IPS-Alpha LCD SJÓNVARP með 1366x 768p upplausn, 24p Playback, dýnamískri 20.000:1 skerpu, Vreal 5, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 x Scart, 3x HDMI, PC tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ 94.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




**Panasonic TXP42C3**
42" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal Plus, 600Hz Sub-field Drive, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakari (MPEG4), kortalesara ofl.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




**Finlux 32FLX850UD**
32" HD LCD SJÓNVARP með DVB-T með 1366x768p upplausn, 20000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, 2x Scart, 2x HDMI, 2x USB, VGA, S/PDIF D-Coaxial, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

## FINLUX

**Finlux 19FLX850UD**
**19" 49.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 22FLX850UD**
**22" 54.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 26FLX850UD**
**26" 69.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 32FLX850UD**
**32" 79.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Panasonic ideas for life Á ÍSLANDI

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

## > Kate Beckinsale

„Allir halda með litla manninum því það líður öllum sem slíkum. Það skiptir ekki máli hversu vel þér vegnar, þér líður alltaf eins og enginn sé góður við þig.“

***Kate Beckinsale leikur Annie sem er nýlega skilin við eiginmanninn, en hlutirnir versna þegar dóttir þeirra hjóna týnist og allt fer á versta veg í dramatísku kvikmyndinni Snow Angels sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON KOM SJÁLFUM SÉR Á ÓVART

# Hef ég skoðun á amerískum fimleikastelpum?

Öðru hvoru fær heimasætan á heimilinu að ráða sjónvarpsefninu og yfirleitt verður fyrir valinu heiladautt, útþynnt og vont amerískt sjónvarpsefni þar sem sama tuggan er tuggin mínútu eftir mínútu. Ég hef reynt að sýna þessu þolinmæði og lagði mig extra mikið fram á miðvikudagskvöldinu við að gera unglinginum til geðs; nú skyldi horft.

Fimleikaþátturinn Make It or Break It varð þá fyrir valinu og alveg óvart, í miðjum þætti, kastaði ég fram skoðun minni á fimleikastúlkunni Lauren sem leikur stórt hlutverk í þáttunum. Hún er það sem unglingar myndu kalla „t$#“.

Lauren er ekkert sérstaklega vönduð stúlka, hún reynir að leggja stein í götu stjúpmóður sinnar með fólskulegum hætti og grefur undan



liðsfélaga sínum í amerísku fimleikaliði með andstyggilegum athugasemdum um klæðaburð og lífsstíl. Gott ef Lauren stakk ekki undan vinkonu sinni í fyrstu þáttaröðinni. En þegar síðasti þáttur rann sitt skeið fannst mér eins og það örlaði á eftirsjá í andliti stúlkunnar, hún virtist standa ein og yfirgefin og allt leit út fyrir að ótuktarskapurinn hefði loks komið í bakið á henni.

En þetta á auðvitað allt eftir að skýrast, ástamálin verða eflaust flóknari eftir því sem líður á þáttaröðina og ég gæti örugglega heyrt væmna gítartónlist í ætt við John Mayer hljóma undir nokkrum atriðum í framtíðinni. En ég ætla ekki að gera sjálfum mér það. Því hér eftir er Make It or Break It komið á bannlista með öllu hinu ameríska draslinu sem á mér dynur.

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Kallakaffi** (7:12)
**16.25 Skólahreysti** (4:6) (e)
**16.55 Otrabörnin** (17:26)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Íslandsmótið í hópfimleikum** Bein útsending frá Íslandsmótinu í hópfimleikum þar sem sterkustu lið landsins etja kappi við nýkrýnda Evrópumeistara Gerplu á heimavelli þeirra.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Fía fóstra** Sjö baldin börn ekkjumannsins Cedrics Browns hrekja burt hverja barnfóstruna af annarri, þangað til að hann fær töfrum gædda konu til að gæta þeirra. Leikstjóri er Kirk Jones og meðal leikenda eru Emma Thompson, Colin Firth og Kelly Macdonald. Bandarísk bíómynd frá 2006. (e)
**21.50 Gagnáhlaup** (2:3) Breskur myndaflokkur. Leiðir tveggja breskra hermanna liggja aftur saman sjö árum eftir að þeir reyndu að frelsa gísl frá hryðjuverkamönnum í Basra í Írak. Meðal leikenda eru Richard Armitage, Andrew Lincoln, Orla Brady, Jodhi May og Shelley Conn. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.25 Dópsalinn III** Dópsalinn Milo undirbýr 25 ára afmæli dóttur sinnar. Allt verður vitlaust þegar hann setur tíu þúsund e-töflur á markaðinn og hann þarf að leita ásjár gamals vinar. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Dönsk spennumynd frá 2005, sjálfstætt framhald mynda frá 1996 og 2004.
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Love at Large**
**10.00 Happily N'Ever After**
**12.00 The Flintstones**
**14.00 Love at Large**
**16.00 Happily N'Ever After**
**18.00 The Flintstones**
**20.00 Snow Angels**
**22.00 Pineapple Express**
**00.00 The Ruins**
**02.00 Arrivederci amore, ciao**
**04.00 Pineapple Express**
**06.00 Clerks 2**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 'Til Death** (13:15)
**11.25 Auddi og Sveppi**
**11.50 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (9:24)
**13.25 Jurassic Park 3**
**15.05 Friends** (2:24)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (13:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
**19.50 American Idol** (26:39) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins átta bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.
**20.50 American Idol** (27:39) Nú kemur í ljós hvaða sjö keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.
**21.35 Mummy: Tomb of the Dragon Emperor** Frábær ævintýramynd með Brendan Fraser og Jet Li í aðalhlutverkum. Rick O'Connell er kominn aftur og í þetta sinn berst hann við fyrsta keisara Kína sem hefur risið upp frá dauðum.
**23.30 Men at Work** Gamanmynd með spennuívafi þar sem leikararnir Emilio Estevez og Charlie Sheen fara á kostum. Þeir leika tvo metnaðarlausa ruslakarlar sem verða vitni að morði og reyna að leysa málið með misjöfnum árangri.
**01.05 The Black Dahlia**
**03.00 Meet the Spartans**
**04.25 'Til Death** (13:15)
**04.50 Friends** (2:24)
**05.15 The Simpsons** (13:22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Stjarnan - KR**
**14.35 Spartak - Porto**
**16.20 Stjarnan - KR**
**18.05 Clasico - Movie 2011**
**19.05 Evrópudeildarmörkin**
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**20.30 La Liga Report**
**21.00 F1: Föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum.
**21.30 FA bikarinn - upphitun** Hitað upp fyrir leikina í undanúrslitum FA bikarkeppninnar. Manchester-liðin, United og City mætast á laugardag, en Bolton og Stoke á sunnudag.
**22.00 European Poker Tour 6**
**22.50 Clasico - Movie 2011**
**23.50 Spartak - Porto**
**01.35 Eric Morales - Marcos Rene Maidana**
**02.55 Formúla 1 - Æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn.
**05.45 Australian Grand Prix** Bein útsending frá tímatökunni fyrir kappaksturinn í Kína.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
**17.00 Man. Utd - Fulham** Útsending frá leik Manchester United og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
**18.45 Chelsea - Wigan** Útsending frá leik Chelsea og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 George Best** Skemmtilegur þáttur um bestu knattspyrnumenn allra tíma. Að þessu sinni er fjallað um snillinginn George Best sem gerði garðinn frægan með Manchester United á árunum 1963-74.
**22.30 Premier League**
**23.00 Tottenham - Stoke**

## SKJÁREINN

**07.30 Game Tíví** (12:14)
**08.00 Dr. Phil** (156:181)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Girlfriends** (4:22)
**17.15 Dr. Phil** (157:181)
**18.00 America's Next Top Model** (3:13)
**18.45 How To Look Good Naked** (9:12)
**19.35 America's Funniest Home Videos**
**20.00 Will & Grace** (20:24) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.25 Got to Dance - LOKAÞÁTTUR** (15:15) Got to Dance er raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín á milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**21.15 HA?** (13:15) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi.
**22.05 Rules of Engagement** (11:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp.
**22.35 Makalaus** (7:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós og fjalla um Lilju Sigurðardóttir sem er einhleyp stúlka í Reykjavík.
**23.05 30 Rock** (19:22)
**23.30 Law & Order: Los Angeles** (4:22)
**00.15 Whose Line Is It Anyway?**
**00.40 Girlfriends** (3:22)
**01.05 Saturday Night Live** (15:22)
**02.00 Will & Grace** (20:24)
**02.20 Jay Leno**
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**08.10 Valero Texas Open** (1:4)
**11.10 Golfing World** (63:240)
**13.45 Valero Texas Open** (1:4)
**16.50 Champions Tour - Highlights** (6:25)
**17.45 Inside the PGA Tour** (15:42)
**18.10 Golfing World** (65:240)
**19.00 Valero Texas Open Dagur 2 BEINT** (2:4) Mótið sem haldið var fyrst árið 1922 hefur alltaf laðað að marga af bestu kylfingum heims.
**22.00 Golfing World** (65:240)
**22.50 PGA Tour - Highlights** (13:45)
**23.45 ESPN America**
**00.15 Valero Texas Open** (2:4)
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Smallville** (21:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Arnar og Ívar á ferð og flugi** (4:5) Skemmtilegur ferðaþáttur með Arnari og Ívari sem heimsækja fimm borgir og skoða m.a. matarvenjur og heilsufar viðkomandi þjóðar, smakka og kryfja vinsælasta skyndibita staðarins og athuga hollustu hans.
**22.25 Steindinn okkar** (2:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað allt annað.
**22.55 NCIS** (10:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
**23.40 Fringe** (10:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar.
**00.25 Smallville** (21:22)
**01.10 The Doctors**
**01.50 Auddi og Sveppi**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Kolgeitin** Frumsýningarþátturinn endurfluttur.
**21.30 Punkturinn** Ærsli og ólátabelgir, stundum alveg á mörkunum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




BÍLDSHÖFÐI TRYGGVAGATA SKIPHOLT HAFNARFJÖRÐUR KÓPAVOGUR

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.50**
### American Idol

Það eru átta söngvarar eftir og að þessu sinni syngja þeir lög úr kvikmyndum. Í úrslitaþættinum tekur Rihanna lagið og Kelly Clarkson flytur lagið Don't You Wanna Stay með Jason Aldean.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kamala, saga frá Indlandi **15.29** Þær höfðu áhrif **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**08.55** Deal or No Deal **09.30** Deal or No Deal **10.05** My Family **10.35** Top Gear **11.25** Keeping Up Appearances **11.55** ‚Allo ‚Allo! **12.30** A Bit of Fry and Laurie **13.05** Judge John Deed **13.55** Jonathan Creek **14.45** Deal or No Deal **15.20** Deal or No Deal **15.55** Keeping Up Appearances **16.25** ‚Allo ‚Allo! **17.00** A Bit of Fry and Laurie **17.30** Hustle **18.20** Ashes to Ashes **19.10** Hunter **20.00** Silent Witness **20.55** Silent Witness **21.45** Keeping Up Appearances **22.15** ‚Allo ‚Allo! **22.50** A Bit of Fry and Laurie

## DR 1

**11.00** Så er der pakket **11.30** Cirkus Revyen - En stor familie **12.00** Vores Liv **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** De kongelige tvillinger **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Peter Pedal **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Bonderøven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hva' så Danmark? **19.00** TV Avisen **19.30** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.15** A Time To Kill **22.40** Den sidste nadver

## NRK 1

**11.05** Folk **11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** Schrödingers katt **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** NRK nyheter **14.10** Oppdrag Sognefjorden **14.40** Glimt av Norge **14.50** Filmavisen **15.00** NRK nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** Popstokk **18.55** Nytt på nytt **19.30** A-ha - for aller siste gang **20.40** Ari og Per **21.10** Kveldsnytt **21.25** Sporløst forsvunnet **22.10** Mitt liv som Idol

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Debatt **10.50** Mitt i naturen Australien **11.20** Landgång Australien **11.50** Huset fullt av hundar **12.50** Fredag **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Party animals **14.55** Himmelblå **15.40** Väsen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Robyn - live i Stockholm **20.00** Chaos Theory **21.25** Veckans brott **22.25** Rapport **22.30** Maverick







## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Það er Heroes með Bowie. Þetta er flott lag, vel pródúserað, með nóg af stuði og dramatík. Það er allt við lagið sem kemur mér í stuð.“*

Guðmundur Óskar Guðmundsson úr hljómsveitinni Hjaltalín.

# Margeir velur tónlistina í háloftunum

„Þetta er frábær áskorun,“ segir plötusnúðurinn Margeir Ingólfsson, sem er orðinn nokkurs konar tónlistarstjóri í flugvélum Icelandair.

Margeir sér um að velja tónlistina sem hægt er að hlusta á í vélunum og sérstök áhersla verður lögð á allt það ferskasta sem hann telur vera í gangi hverju sinni í tónlistarheiminum. Íslenskri tónlist og tónlist sem tengist Iceland Airwaves-hátíðinni verður sömuleiðis gerð góð skil.

„Maður hefur flogið töluvert og yfirleitt er þetta ansi skrautleg lyftutónlist sem heyrist almennt í flugvélum,“ segir Margeir. „Stundum, ef menn ætla að gera öllum til geðs, hef ég það á tilfinningunni að það virki ekki fyrir neinn. Ég held að fólk sé komið með nóg af lyftutónlist,“ segir hann. „Það er góð pæling að geta sest upp í vélina, sett á sig heyrnartólin og látið músíkina koma sér á óvart. Ég mun aldrei geta gert öllum til hæfis en maður gerir sitt besta.“

Ein nýjunganna sem Margeir býður upp á er að leyfa farþegum að hlusta á plötur sem eiga enn eftir að koma út. Sú fyrsta í röðinni er nýjasta plata GusGus, Arabian Horse, sem er væntanleg í búðir eftir rúman mánuð. Engin áhætta fylgir þessari nýbreytni því ekki er hægt að stela tónlist úr flugvélum, líkt og hægt er á netinu. „Við vitum ekki af neinu flugfélagi sem hefur gert þetta,“ segir Margeir.

Biggi Veira í GusGus er ánægður með tilraunina. „Ég ferðast mikið sjálfur og fór að hugsa að ef það væru nýjar og spennandi plötur að hlusta á í vélinni væri þetta áhugaverður kostur fyrir mig,“ segir hann. „Mér fannst sniðugt að opna á þennan möguleika.“ **- fb**



**TÓNLISTARSTJÓRI** Margeir ásamt syni sínum Krumma Arnari. Plötusnúðurinn er orðinn nokkurs konar tónlistarstjóri í flugvélum Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**Höfum opnað**

**LAGERSÖLU Á KRISTAL OG POSTULÍNI**

**Frábær verð**

**Opin fim. - fös. kl. 16 - 19 og lau. 11 til 16**
**Víkurhvarf 2, (austurendi 2.hæð) Kópavogur**

FOLD FASTEIGNASALA
Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is






**Langabrekka 1- opið hús**

**Opið hús laugardag milli 14 og 15**
Fallegt ca. 192 fm. einbýlishús við Löngubrekku í Kópavogi. Hagstæð langtímalán áhvílandi og lág útborgun.. Þægileg kaup. Lág greiðslubyrði. Verð 39,9 millj. Opið hús á morgun laugardag milli klukkan 14 og 15. Sergey og Daria taka vel á móti ykkur.

**Viðar Böðvarsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is





**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15.4. Kl. 20:00 3. sýn U | Fös 6.5. Kl. 20:00 7. sýn U | Fim 19.5. Kl. 20:00 U |
| Lau 16.4. Kl. 20:00 4. sýn U | Lau 7.5. Kl. 20:00 8. sýn Ö | Fös 3.6. Kl. 20:00 |
| Fim 28.4. Kl. 20:00 5. sýn U | Fös 13.5. Kl. 20:00 Ö | Lau 4.6. Kl. 20:00 |
| Fös 29.4. Kl. 20:00 6. sýn U | Lau 14.5. Kl. 16:00 br.sýn Ö | Fim 9.6. Kl. 20:00 |





**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 27.4. Kl. 20:00 Ö | Fim 5.5. Kl. 20:00 Ö | Mið 18.5. Kl. 20:00 |
| Lau 30.4. Kl. 20:00 Ö | Mið 11.5. Kl. 20:00 | |
| Mið 4.5. Kl. 20:00 | Fim 12.5. Kl. 20:00 | |





**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 17.4. Kl. 14:00 U | Sun 1.5. Kl. 17:00 Ö | Sun 15.5. Kl. 14:00 |
| Sun 17.4. Kl. 17:00 Ö | Sun 8.5. Kl. 14:00 | Sun 22.5. Kl. 14:00 |
| Sun 1.5. Kl. 14:00 Ö | Sun 8.5. Kl. 17:00 | |





**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15.4. Kl. 20:00 síð.sýn U | | |





**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 30.4. Kl. 20:00 | |
| Sun 17.4. Kl. 20:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 20:00 Ö | |





**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 17.4. Kl. 15:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 15:00 | |

Hringdu í síma
**512 50 60**
ef blaðið berst ekki






**NÝR UMBOÐSMAÐUR** Heather Kolker elskar bæði tónlist Of Monsters and Men og fólkið í hljómsveitinni. Hún er nýráðinn umboðsmaður hljómsveitarinnar og vinnur nú að því að koma henni á framfæri á erlendri grundu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### HEATHER KOLKER: ÉG BIND MIKLAR VONIR VIÐ OF MONSTERS AND MEN

# FANN BÆÐI EIGINMANN OG HLJÓMSVEIT Á ÍSLANDI

„Ísland er stór hluti af lífi mínu,“ segir Heather Kolker, nýráðinn umboðsmaður hljómsveitarinnar Of Monsters and Men, sigurhljómsveitar Músíktilrauna í fyrra.

Heather Kolker er gift flugumferðarstjóranum Bjarka Þór Haraldssyni og eignuðust þau sitt fyrsta barn í byrjun árs. Það vakti nokkra athygli í síðustu viku þegar tilkynnt var að Kolker væri orðin umboðsmaður Of Monsters and Men, en hún starfar hjá umboðsskrifstofunni Paradigm Agency í New York. Þar sér hún hún meðal annars um tónleikabókanir fyrir hljómsveitir á borð við MGMT og Edward Sharpe & The Magnetic Zeros. Of Monsters and Men er fyrsta hljómsveitin sem hún tekur að sér umboðsmennsku fyrir.

„Þetta er ný upplifun fyrir mig,“ segir hún. „Ég var að leita að hljómsveit lengi, en vildi ekki gera vera umboðsmaður nema ég myndi finna mjög sérstaka hljómsveit sem ég elska á allan hátt. Ég vildi ekki bara dá tónlistina, heldur líka sjá möguleika á því að hljómsveitin yrði farsæl. Þá vildi ég elska fólkið í hljómsveitinni, en slíkt er ekki auðvelt að finna í þessum bransa.“



**HEATHER KOLKER**

Tónlist er stór hluti af lífi hjónanna Heather Kolker og Bjarka Þórs að hennar sögn, en hann kynnti hana fyrir tónlist Of Monsters and Men eftir að hljómsveitin vann Músíktilraunir. Hún sá svo hljómsveitina koma fram í Reykjavík og heillaðist strax. „Ég sá svo betur og betur að þetta var hljómsveitin sem ég hafði leitað að,“ segir Kolker.

Heather Kolker segir að næsta skref Of Monsters and Men sé að koma fram í New York og sjá til þess að rétta fólkið úr tónlistarbransanum verði þar til að hlusta. Hún telur að vinsældir bresku hljómsveitarinnar Mumford and Sons í Bandaríkjunum opni dyrnar að þessum stóra og erfiða markaði fyrir Of Monsters and Men, enda tónlistarstefnurnar svipaðar.

Hún hyggst vinna að því að koma tónlist hljómsveitarinnar með smekklegum hætti í sjónvarpsþætti, kvikmyndir og auglýsingar. Þaðan liggur löng og ströng leið í útvarp. „Mér sýnist fólk vera opið fyrir hljómsveitum sem eru ekki of mikið popp,“ segir Kolker. „Ég bind miklar vonir við Of Monsters and Men og er mjög bjartsýn.“ **atlifannar@frettabladid.is**

# Heldur upp á plötubúðadaginn

Hinn árlegi plötubúðadagur verður haldinn hátíðlegur víða um heim á laugardaginn, þar á meðal hér á landi. Í sumum löndum verða fáanlegar plötur sem ekki eru fáanlegar annars staðar auk þess sem ýmsar uppákomur verða haldnar í tengslum við daginn.

Í vínyl-búðinni Lucky Records á Hverfisgötu verða tvær fyrstu tíu tommur hljómsveitarinnar Sagtmóðigs til sölu í tilefni dagsins. „Þær eru mjög sjaldgæfar og verða á góðu verði á þessum degi,“ segir Ingvar Geirsson hjá Lucky Records. Plata rapparans Sesars A, Stormurinn á undan logninu, sem kom út 2001 verður einnig til sölu. Hún er fyrsta rappplatan sem var eingöngu sungin á íslensku og eru eintök af henni ekki á hverju strái. Tónleikadagskrá verður einnig í Lucky Records þar sem Sesar A og Kristján B. Heiðarsson verða á meðal gesta.

Aðspurður segir Ingvar plötubúðamenninguna í Reykjavík ágæta þó svo að ávallt megi gera betur.



**PLÖTUBÚÐADAGUR** Ingvar Geirsson hjá Lucky Records heldur upp á hinn árlega plötubúðadag á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það eru fjórar plötubúðir í bænum, sem er kannski ekki svo slæmt. Ég hef verið að fá fólk frá bæjum í Bretlandi í heimsókn og þar sem engar plötubúðir eru eftir. Ég var líka í Ósló og þar var bara ein búð með notaðan vínyl,“ segir hann og hvetur fólk til að kíkja í heimsókn í tilefni dagsins. **- fb**


GULA HÚSIÐ
GULA HÚSIÐ
GULA HÚSIÐ
Nýtt kortatímabil!
Satín kjólar
Tilboðsverð
999
Verð áður 1.999
Kjólar - verð frá 999
Jakkar - verð frá 499
Buxur - verð frá 999
Pils - verð frá 699
Bolir - verð frá 799
Rýmum fyrir nýrri vöru!
Allt á að fara!
Ótal vörur á brjáluðu tilboði!!
Herra skyrtur
Tommy Hilfiger
Tilboðsverð
3.999
Verð áður 6.990
RÝMUM FYRIR NÝRRI VÖRU!
RÝMINGAR-
SALA ÁRSINS
Verð frá
999
Barna gallabuxur
Verð frá
3.999
Gallabuxur karla
Joggingbuxur barna
Tilboðsverð
1.499
Verð áður 1.990
Jakkaföt,
business class skyrta
og bindi
Tilboðsverð
14.990
Verð frá
3.999
Gallabuxur kvenna
Tilboðsverð
3.999
Dömu golla
Verð áður 5.999
Cafe Milano
Hagkaup Skeifunni
GULA HÚSIÐ
Saiko dömuúlpa
Tilboðsverð
3.990
Verð áður 7.999
GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þáttur Gyllenhaal sýndur í ágúst

Það hefur varla farið framhjá neinum að **Jake Gyllenhaal** var staddur hér á landi við upptökur á raunveruleikaþættinum Man vs. Wild sem ævintýramaðurinn Bear Grylls stjórnar. Nú er komið í ljós að þátturinn, sem var tekinn upp á Eyjafjallajökli og Fimmvörðuhálsi, verður frumsýndur í Bandaríkjunum í ágúst. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem vinsæll amerískur sjónvarpsþáttur kýs að taka upp á þessum slóðum því fyrir rúmu ári reyndi bandarísk piparjómka úr sjónvarpsþáttaröðinni Bachelorette að finna ástina við eldgosið á Fimmvörðuhálsi.



### Larry King til Íslands

Spjallþáttastjórnandinn fyrrverandi **Larry King** verður með sýningu í Eldborgarsal Hörpunnar 23. september. Þar ætlar hann að fara yfir feril sinn sem einn þekktasti þáttastjórnandi heims. Á meðal frægra viðmælenda hans eru Marlon Brando, Paul McCartney, Frank Sinatra og Lady Gaga. King, sem starfaði hjá CNN í 25 ár, byrjar sýningu sína í Bandaríkjunum og kemur síðan við hér á landi á einkaþotu sinni áður en hann flýgur áfram til meginlands Evrópu þar sem sýningin heldur áfram.



- fgg, fb

## Mest lesið vísir

1. Það gengur ekkert lengur að ég heiti Hólmfríður
2. Jón Gnarr neitar að taka á móti þýska flotanum
3. Aðgerðarleysi bankanna verði ekki liðið
4. Jón Gnarr vill ekki tengjast hernaðarbrölti
5. Eiginmaður og sonur Ingibjargar komnir á Norður...





RÝMUM TIL FYRIR
NÝRRI KING KOIL LÍNU!



30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ELDRI KING KOIL LÍNUM

ARGH!!! 150411

COMFORT solutions®
By King Koil®

KING KOIL

SÍÐAN ÁRIÐ 1898 HEFUR KING KOIL VARIÐ MIKLUM TÍMA OG FJÁRMUNUM Í AÐ ÞRÓA OG BÆTA FRAMLEIÐSLU SÍNA. ÞETTA ER EIN AF GRUNDVALLARÁSTÆÐUM ÞESS AÐ KING KOIL RÚMIN ERU MEÐAL ÞEIRRA FREMSTU Í HEIMINUM.

2. MAÍ KYNNIR REKKJAN 2011 LÍNUNA FRÁ KING KOIL.

AF ÞVÍ TILEFNI SELJUM VIÐ ELDRI GERÐIR MEÐ 30% AFSLÆTTI!




DAGAR Í 2011 ÁRGERÐINA
Kemur í verslunina 2. maí 2011

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16